

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2013

## Samspil tekna, eigna og skulda - úttekt ríkisskattstjóra



rsk.is  
besti ríkisvefurinn

# Öryggi í rafrænum heimi

Rafræn samskipti eru óðum að taka yfir eldri samskiptaform borgaranna við fyrirtæki og stjórnsýsluna. Bein persónuleg þjónusta er þannig á undanhaldi líkt og í verslunarháttum þar sem flestir viðskiptavinir velja milliliðalaust þær vörur sem þá vanhagar um. Ágreiningslaust er að slíkt samskiptaform er mun hagkvæmara fyrir alla aðila og ekki síður þægilegt í notkun. Á sama hátt afgreiðir viðskiptamaður sig sjálfur í gegnum þjónustusíður fyrirtækja og stofnana. Almenn ánægja hefur verið með slíkar breytingar. Ríkisskattstjóri er ein þeirra stofnana sem hefur gert rafræna stjórnsýslu að aðalsmerki sínu og náð meiri árangri en aðrar stofnanir á þeim vettvangi. Þannig eru nú öll skattskil lögaðila rafræn og meira en 98% framtala einstaklinga eru sömuleiðis á rafrænu formi. Slík rafræn stjórnsýsla er um leið besta þjónustan og hefur sparað mörgum framteljandanum heimsóknir til skattyfirvalda og til útvegunar gagna frá fyrirtækjum og stofnunum. Framtöl eru nú að stórum hluta tilbúin áður en framteljandi kemur að þeim, með tekju- og eignaupplýsingum ásamt heimiluðum frádrætti sem vitað er um. Þessi samskiptamáti er auk heldur óbundinn stað og tíma, sparar ferðir og gamaldags biðraðir. Allt þetta er þó lítils virði ef öryggi gagnanna er ábótavant. Þar eiga Íslendingar verk fyrir höndum.

Landsmönnum hefur undanfarið orðið tíðrætt um öryggi rafrænna gagna og er það því miður ekki að ófyrirsynju. Persónuleg mál einstaklinga hafa með ólögmetum hætti verið gerð opinber. Innbrot óviðkomandi aðila inn á þjónustusíður fyrirtækja eða stofnana og opinberun upplýsinga sem aflað er með þeim hætti er grafalvarlegt mál. Augljóst er að enginn sá sem rekur slíka þjónustu upplifir verri martröð en að lenda í því að innbrotspjófar, í krafti þekkingar á afbrotum af þessum toga, geti komist að upplýsingum

sér óviðkomandi. Því er brýnt að fyllstu varúðar sé ávallt gætt hjá öllum aðilum, skráarhaldara, hýsingaraðila, hugbúnaðarframleiðenda og ekki síst þeim sem sækir sér þjónustu; viðskiptamanninum sjálfum.

Ljóst er að rafræn þjónusta er í æ vaxandi mæli að ryðja sér rúms og mun innan fárra ára verða ráðandi í samskiptum borgaranna við fyrirtæki og stofnanir þótt ákveðin þjónusta, hvort heldur opinber eða á vegum einkaaðila, verði seint innt af hendi án persónulegra samskipta. Þrátt fyrir að opinberar stofnanir miði þjónustuframboð sitt meira og meira við það að nærþjónustan eigi sér stað hjá viðskiptavininum með rafrænum hætti, hvort heldur á heimilum eða í snjallsímum, er mikilvægt að hafa hugfast að þar geta hættur leynst sem ástæða er til að leita allra leiða til að lágmarka. Minna má á að um flest geta viðskiptavinir afgreitt sig sjálfir eða fengið upplýsingar á heimasíðu viðkomandi stofnana. Innskráningar á heimasíður eru algengasta form aðgengi að þeirri persónubundnu þjónustu sem viðskiptavininum stendur til boða.

Vegna þessa er ástæða til að horfa til nágrannaríkja okkar. Þjóðþing Dana samþykkti á árinu 2012 lög sem skyldubinda rafræna sjálfsþjónustu borgaranna og fyrirtækja við hið opinbera. Lögin taka til allra og er þeim sem ekki eiga nauðsynlegan tölvubúnað ætlað að notast við almenningstölvur s.s. á bókasöfnum eða öðrum opinberum stöðum. Innleiðingu þessarar athyglisverðu þróunar er ætlað að taka fjögur ár. Á sama ári var lögfest að allir borgarar og fyrirtæki skyldu eiga rafrænt pósthólf til að taka við rafrænum pósti frá hinu opinbera. Þótt opinber stjórnsýsla hér á landi hafi ekki tekið svo stór skref við innleiðingu rafrænnar þjónustu, þá er vert að gefa því gaum og fylgjast með hvernig til tekst hjá þessari grannþjóð okkar.

## TÍUND

BLAÐ NR. 64

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarfalestur: Halldór Halldórsson, Helga Valborg Steinarsdóttir og Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.



Þegar rýnt er í heimsóknartölur á starfsstöðvar ríkisskattstjóra, talningar á afgreiddum símtölum í þjónustuveri og að lokum samanburð við uppflettingar á vef ríkisskattstjóra vakna spurningar um hvort ekki sé ástæða til að staldra við og spyrja sig hvort ekki megi gera betur í rafrænni stjórnsýslu á Íslandi, auka rafræna þjónustu frekar og fá enn fleiri til að nýta sér hana. Allt er það í gerjun og á næstu árum mun rafræn þjónusta ríkisskattstjóra verða aukin svo eftir verði tekið ef áætlanir ganga eftir. Blikur eru þó á lofti sem stofnanir verða að bregðast við.

Horfast þarf í augu við að rafræn þjónusta verður ekki aukin frekar nema fyllsta öryggis sé gætt í samskiptum. Þannig hefur ríkisskattstjóri vakið athygli á því á vef sínum og brýnt fyrir viðskiptavinum embættisins að nota rafræn skilríki við innskráningu á þjónustusíðu sína, þar sem persónuleg gögn viðkomandi eru geymd, frekar en veflykil. Rafræn skilríki eru nú fáanleg í far-síma auk debetkorta og eru öruggasta auðkenningin samkvæmt úttekt sem gerð hefur verið. Þegar öryggi í rafrænum samskiptum er tryggt, þá er um fljótlega, einfalda og örugga leið til samskipti að ræða auk þess að hún verður vart umhverfisvænni.

Það sem mestu máli skiptir er að öryggi sé fyrir hendi. Notkun rafrænna skilríkja er öruggasti samskiptamátinn. Þeim fylgja engin leyniorð – misflókin og langoftast með endurtekinni notkun – heldur aðeins pin-númer sem slegið er inn þegar rafrænt skilríki opnar fyrir aðgang. Meginhættan við innbrot inn á vefsíður er sú að óviðkomandi aðili geti afritað leyniorðið eins og reyndar varð raunin í byrjun þessa mánaðar þegar ráðist var á fjarskiptafyrirtæki. Ef innbrotspjófurinn getur tengt stolið leyniorð við kennitölu getur hann opnað sér leið inn í skrár sem eru honum óviðkomandi. Gegn þessu er aðeins ein örugg leið héraendis þekkt, rafræn skilríki.



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Ingvar J. Rögnvaldsson**  
vararíkisskattstjóri

Ríkisskattstjóri mun á næstu misserum hvetja landsmenn til að nota rafræn skilríki við innskráningu inn á þjónustusíðu embættisins skattur.is og aðra vefi. Veflykill ríkisskattstjóra mun því heyra sögunni til á næstu árum, eins og raunar flestir aðrir veflyklar. Rafræn skilríki eru auk þess þægileg í notkun þegar þau eru komin í snjallsíma eða í kortarauf á lykklaborði.

Rafræn skilríki eru þannig það eina sem vit er í að nota ef viðskiptamenn vilja hamla óviðkomandi aðilum aðgang að fjárhagsupplýsingum sínum eða öðrum viðkvæmum upplýsingum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur haft forystu í innleiðingu rafrænna skilríkja og hefur eftir að sú tækni kom til sögunnar ekki léð máls á að fara lakari leiðir við að efla rafræna stjórnsýslu. Það var skynsamleg ákvörðun á sínum tíma. Ríkisskattstjóri og Tollstjóri hafa tekið undir þau sjónarmið og munu haga framtíðarskipan rafrænnar stjórnsýslu sinna stofnana í samræmi við það.

## EFNI BLAÐSINS

<b>Leiðarinn</b> .....	2
<b>Viðtalið - Svein Ragnar Kristensen</b> .....	4
<b>Í þágu þjóðar</b> .....	10
<b>IOTA 2013</b> .....	15
<b>Nýjungar hjá RSK</b> .....	16
<b>Aukin notkun rafrænna skilríkja</b> .....	18
<b>Samningatækni OECD við tvísköttunarsamninga</b> .....	20
<b>Hertar aðgerðir danskra skattýfirvalda</b> .....	22
<b>Frá brunanum mikla til Kennedys</b> .....	24

<b>Álagning lögaðila 2013</b> .....	26
<b>Flutningur þjónustuvers til Norðurlands</b> .....	28
<b>Skattframkvæmd fyrr á árum, Skattaskólinn</b> .....	31
<b>rsk.is - besti ríkisvefurinn</b> .....	36
<b>Rýnt í samspil tekna, eigna og skulda einstaklinga</b> .....	38
<b>Bindandi álit</b> .....	50
<b>Úrskurðir yfirsattanefndar</b> .....	52
<b>Dómar</b> .....	56
<b>Lokaorðið</b> .....	70



*Svein Ragnar Kristensen fráfarandi  
ríkisskattstjóri í Noregi*

# Alþjóðleg samvinna gegn undanskotum

*Svein Ragnar Kristensen hefur nú látið af embætti ríkisskattstjóra í Noregi og hafið störf hjá lögregluþvöldum að loknum eftirtektarverðum og farsælum störfum við skattframkvæmd Norðmanna. Hann tók við sem ríkisskattstjóri við erfið skilyrði þegar fyrirrennari hans féll frá eftir skammvinn veikindi. Sýndi Svein ótvíræða leiðtogahæfileika í störfum sínum og ávann sér skjótt vinsældir og virðingu samstarfsmanna og viðskiptavina. Í október 2011 heimsótti Svein Ragnar starfsmenn ríkisskattstjóra á Íslandi og flutti áhugaverðan fyrirlestur um verkefni norskra skattyfirvalda og þá þætti sem hann lagði áherslu á við stjórnun mannauðs. Hann hefur iðulega verið íslenskum kollegum sínum ráðagóður í þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnsýslu skattamála á Íslandi eftir sameiningu skattyfirvalda. Sveinn Ragnar ræddi við Tíund meðal annars um áherslur hans við skattframkvæmd í Noregi.*

## Hver var aðdragandinn að því að þú hófst störf innan skattkerfisins?

Eftir 11 ára starf sem varaforstjóri Tryggingastofnunar Noregs taldi ég tímabært að leita nýrra áskorana. Fyrrum vinnuveitandi minn, Bjarne Hope, hvatti mig til að koma til liðs við sig í verkefni sem snerist um að nútímavæða norska ríkisskattstjóraembættið. Mér fannst það vera eðlilegt framhald af áherslum mínum í stjórnunarstöðum innan mismunandi opinberra stofnana um að auka skilvirkni opinberrar þjónustu og gera hana betri fyrir borgara og fyrirtæki. Við vitum öll að slíkt tekur tíma og er viðvarandi ferli sem tekur aldrei enda, er ég hræddur um. Bæði RSK og Tax Norway hafa náð miklum árangri í þessum efnum og mér þykir afar ánægjulegt að geta óskað RSK til hamingju með þá viðurkenningu að teljast Fyrirmyndarstofnun!

## Hvernig kom skattkerfið þér fyrir sjónir þegar þú tókst fyrst til starfa?

Viðhorf mitt til skattamála var jákvætt, enda hef ég mikinn áhuga á stjórnámálum og gangverki þjóðfélagsins. Í upphafi hélt ég þó að það yrði auðveldara að ná fram breytingum á skattalöggjöfinni og regluverkinu í því skyni að gera það skilvirkara og aðgengilegra fyrir almenning sem og auðveldara viðureignar fyrir skattyfirvöld. Þetta hefur hins vegar reynst bæði flókið og tímafrekt.

## Kom eitthvað þér sérstaklega á óvart þegar þú kynntist innviðum skattkerfisins?

Hér vil ég nefna tvö ólík atriði. Hvað löggjöfina varðar var það hið innra rökfræðikerfi regluverksins og hversu mjög reglur þess eru innbyrðis háðar. Varðandi hinn menningarlega þátt var það hversu

mjög stofnunin, eins og ég upplifði hana, einblíndi á staðreyndir og tölur og vanmat stórlega mikilvægi hins mannlega þáttar í því að ná árangri. Fyrir mér, sem kom úr hinum félagslega geira, var þetta ný tegund menningar sem var bæði áhugavert og spennandi viðfangsefni.

## Við hvaða starfi tókst þú í upphafi og hver voru helstu verkefni þín?

Ég hóf störf hjá Tax Norway sem sviðsstjóri stjórnsýslumála. Í byrjun einbeitti ég mér að nútímavæðingu innri stjórnunar stofnunarinnar og við drögum úr miðstýringu og beindum ábyrgð og valdheimildum til svæðisbundinna eininga. Við þróuðum leiðir til að byggja upp færni og stjórnunarhæfni og hófum að endurskipuleggja hina staðbundnu skattastjórnsýslu. Árið 2000 var ég skipaður sviðsstjóri álagningarmála og



Tímabilið 2011 - 2012 gegndi Svein Ragnar formennsku í IOTA og má hér sjá hann ásamt arftaka hans í starfinu á aðalfundi IOTA sem haldinn var í Osló í Noregi árið 2012.

”

Samstarfsfólk mitt hefur unnið hörðum höndum að því að þróa nýtt viðmót og nýjar leiðir til þess að miðla upplýsingum til almennings

vararíkisskattstjóri og færði það mig nær hjarta skattamálanna.

Þetta veitti mér betri yfirsýn yfir stjórnun skattkerfisins. Ljóst var að við urðum að sýna frekari viðleitni í því að þróa faglega kunnáttu okkar og færni til þess að mæta flóknum áskorunum frá skattgreiðendum og fagaðilum sem sinna málum þeirra, hnattvæðingunni og hinu svarta hagkerfi. Gamla stofnunin var ekki fær um að takast á við þessi krefjandi viðfangsefni því þar voru of margar litlar einingar, of margir stjórnendur og of lítil forysta! Þetta, ásamt mikilli þróun í tæknimálum, varð grundvöllur að alhliða skipulagsbreytingum sem við gengum í gegnum og lauk með myndun nýrrar stofnunar árið 2008. Hún er mun sterkari og sveigjanlegri og einingar hennar eru

sérhæfðar og færar um að þróa frekar hæfni sína, innsæi og þá færni sem þörf er á til þess að gegna hlutverki okkar.

### Lýstu upphafi starfs þíns sem ríkisskattstjóri Noregs og þeim áherslum sem þú hafðir í embætti.

Fyrst af öllu var markmið mitt að tryggja framgang þess skipulags sem var verið að taka í gagnid og tryggja pólitískan stuðning við nýja stofnun. Við fengum nauðsynlegan stuðning frá fjármálaráðuneytinu og ráðherra sjálfum og gátum því hafið innleiðingu nýmæla, en árangurinn var algjörlega undir okkur sjálfum kominn.

Í tíð Bjarne Hope sem ríkisskattstjóra höfðum við náð miklum árangri í áritun

*Svein Ragnar var gestafyrirlesari á starfsmannafundi RSK í október 2011 þar sem hann líkti skipulagsheildum m.a. við ísjaka þar sem einungis toppurinn er sjáanlegur en undirliggjandi þættir eru einnig gríðarlega mikilvægir og þarf að hlúa að.*

upplýsinga inn á skattframtöl og annari rafrænni þjónustu við skattgreiðendur. Við sköruðum fram úr öðrum opinberum stofnunum Noregs! Við hefðum auðvitað getað haldið áfram á sömu braut við góðar undirtektir en það eitt og sér hefði aðeins skilað því að innan skamms myndum við hægja á okkur, dragast aftur úr „keppinautum“ okkar og félögum innan hins opinbera geira. Í fyrstu ræðu minni á samkomu stjórnenda stofnunarinnar hvatti ég því samstarfsmenn mína til þess að hugsa út fyrir rammann, ef svo má segja. Ekki aðeins þegar við værum að stýra stórum verkefnum heldur einnig í daglegu starfi allra á öllum stigum innan stofnunarinnar og huga að því hvernig við gætum í sameiningu hvatt til nýsköpunar innan hennar í sem víðasta samhengi.

### **Áhersla þín á góða þjónustu skattfyrivalda er eftirtektarverð. Hverju skilaði þetta í reynd – urðu skattskil betri?**

Algjörlega. Því ítarlegri upplýsingar sem við getum áritað á skattframtöl og önnur eyðublöð og byggt á í rafrænum samskiptum á netinu, þeim mun réttari verður álagningin. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þetta leiðir til hærri skatttekna. Þá skiptir ekki síður máli hversu ánægðir skattgreiðendur eru með að þessari vinnu sé létt af þeim. Ég er afar stoltur af því að heimasíða norska ríkisskattstjóraembættisins fékk verðlaun sem vefsíða ársins í Noregi. Samstarfsfólk mitt hefur unnið hörðum höndum að því að þróa nýtt viðmót og nýjar leiðir til þess að miðla



upplýsingum til almennings. Samt sem áður eigum við langt í land með að gera samskipti um internetið að fyrsta valkosti fyrir alla.

### **Hverjar telur þú að hafi verið helstu áskoranir þínar í starfi sem ríkisskattstjóri Noregs?**

Að viðhalda og jafnvel hraða þeirri jákvæðu þróun sem átti sér stað hjá Tax Norway í starfstíð Bjarne Hope. Það var mikil áskorun að tryggja mikla framleiðni og innleiða á sama tíma nýtt skipulag stofnunarinnar, sem byggði á nýjum grundvallarsjónarmiðum. Aðrar áskoranir

voru að þróa hæfni innan stofnunarinnar og gera okkur notendavænni, bæta samskipti, auka gagnsæi gagnvart samfélaginu og tryggja réttindi skattgreiðenda.

### **Hvað telur þú markverðast í þróun skattlagningar í Noregi á síðustu árum?**

Tax Norway hefur þróað eftir traustum ferlum í samstarfi við stjórnendur á öllum stjórnunarstigum og í samstarfi við stéttarfélög. Við höfum náð sátt innan stofnunarinnar og haft pólitískan stuðning fyrir meiri háttar breytingum. Uppbygging hæfnipátta með sérhæfingu og eftir öðrum





Skattýfirvöld í Noregi voru gestgjafar á aðalfundi IOTA 2012.

leiðum hefur styrkt stofnunina og gert hana skilvirkari. Á síðastliðnum 20 árum höfum við notað upplýsingatækni til þess að auðvelda borgurum og fyrirtækjum skattskil. Þetta hefur bætt samband okkar við almenning og fjölmiðla rétt eins og stjórnálamenn sem líta á Tax Norway sem fyrirmynd annarra opinberra þjónustustofnana í Noregi. Tax Norway er líka spennandi vinnustaður.

### Hverjar verða helstu áskoranir norskra skattýfirvalda á næstu árum?

Ég tel þar bera hæst að viðhalda sterkri stöðu með stöðugri þróun stofnunarinnar, aukinni hæfni og notkun upplýsingatækni í samstarfi við aðrar ríkisstofnanir og fyrirtæki. Aldrei má hætta að leita nýrra lausna og því er aldrei lokið.

### Hvernig telur þú að best væri að takast á við undanskot í gegnum fjármálakerfi í svokölluðum skattaparadísnum?

Það tel ég að væri best að gera með alþjóðlegu samstarfi og notkun þeirra möguleika



Mér finnst Ísland vera afar nútímalegt samfélag og það á einnig við um skattamál þar sem netnotkun og rafræn skattskil eru ákaflega almenn

sem opnuðust í kjölfar efnahagskreppunnar. Við ættum að nýta okkur þá margvíslegu samninga við fjármálastofnanir sem norræn samvinna hefur skilað á síðustu árum. Ég vona einnig að áhrifin af bandarísku FATCA-löggjöfinni, sem miðar að reglulegum upplýsingaskiptum milli skattýfirvalda, breiðist út um allan heim.

### Hver er afstaða þín til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í íslenska skattkerfinu á þeim tíma sem þú hefur starfað með íslenskum skattýfirvöldum?

Íslendingar, rétt eins og Norðmenn, hafa alltaf horft út á við í leit að innblæstri til stöðugra umbóta. Mér finnst Ísland vera afar nútímalegt samfélag og það á einnig við um skattamál þar sem netnotkun og rafræn skattskil eru ákaflega almenn. Hitt er annað að það kom mér á óvart þegar ég komst að því fyrir nokkrum árum að það væri önnur hefð á Íslandi en í Noregi fyrir upplýsingagjöf frá þriðja aðila til skattýfirvalda. Það er þó komið í svipaðan farveg nú.

### Hverju finnst þér norrænt samstarf á sviði skattamála helst hafa skilað?

Norrænt samstarf er Noregi mjög mikils virði. Það er á óformlegum nótum en samt sem áður innan skilgreinds ramma, unnið með raunveruleg mál og byggt á sameiginlegum hugsunarhætti. Þegar horft er til skattýfirvalda á Norðurlöndum sjást sam-



*Samvinna skattyfirvalda á Norðurlöndunum er góð og var fengur í því fyrir starfsmenn RSK að fá að hlýða á erindi Svein Ragnar árið 2011.*

eiginleg einkenni og hvernig við höfum lært hvert af öðru og aðlagð lausnirnar sérstöðu hverrar þjóðar.

### **Nú gegndir þú störfum forseta IOTA (Samtök evrópskra skattyfirvalda) 2011-2012. Hver er helsti árangur IOTA til þessa og hverjar eru áherslur komandi ára?**

IOTA einblínir á hagnýta innleiðingu atvika í skattframkvæmd og er miðpunktur samráðs meðal skattyfirvalda í Evrópu, bæði þeirra sem eru meðlimir Evrópu-sambandsins og okkar sem stöndum „fyrir utan“. Þetta gerir IOTA að mjög áhuga-verðum vettvangi til að miðla reynslu. Ef verið er að leita nýrra leiða er næsta víst að þátttaka í hinum ýmsu viðburðum á vegum IOTA muni veita innblástur. Ég vona að tilraun IOTA til þess að koma á upplýsingagagnagrunni um skattyfirvöld verði árangursrík.

### **Hvernig sérðu fyrir þér þróun skattlagningar í alþjóðlegu samhengi?**

Það er ýmislegt sem huga þarf að og má þar nefna umræðu um gagnsæi, þ.e. hvað



viðkemur upplýsingagjöf milli landa um alþjóðleg fyrirtæki, og möguleikann á því að stofna til reglulegra upplýsingaskipta í víðtækum mæli. Ég held að við munum sjá þróun í málum sem tengjast milli-verðlagningu og nánari samvinnu milli skattyfirvalda á alþjóðlegum vettvangi.

### **Að hvaða leyti telur þú að reynsla þín af störfum innan skattkerfisins muni helst nýtast þér á nýjum starfsvettvangi hjá norska ríkislögreglustjóraembættinu?**

Forsagan að starfi mínu fyrir norsk lögregluvirkvöld er þátttaka mín í nefnd sem kallast „The Police Analysis“ sem skilaði skýrslu í júní 2013. Í þeirri rannsóknarvinnu gat ég þá þegar stuðst við reynslu mína frá Tax Norway. Núna tek ég þátt í að hrinda í framkvæmd því sem við köllum „gæðaðendurbætur“ og í kjölfar þess mun fara fram umfangsmikil endurskipulagning innan lögreglunnar. Það gleður mig að sjá möguleikana á að notast að einhverju leyti við reynslu Tax Norway auk minnar eigin reynslu við þróun annarrar stofnunar. Þegar ég lít yfir starfsferil minn til þessa get ég með sanni sagt að hann hafi verið lærdómsferli fyrir sjálfan mig – og líka góð skemmtun!

HVS





Friðrik G. Olgeirsson

# Í þágu þjóðar

## Saga skatta og skattkerfisbreytinga á Íslandi 1877–2012

### Samningur um söguritun

Það var vorið 2011 að Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri hringdi í mig og sagði að ríkisskattstjóri væri að leita að sagnfræðingi til að skrifa sögu embættisins í telfni 50 ára afmælis þess árið 2012 og jafnframt sögu skattamála frá því að tekjuskattkerfið var tekið upp.

„Ert þú ekki

tilbúinn til þess?“, spurði embættismaðurinn ábúðarfullur. „Ha“, sagði ég, „skrifa skattasögu, er eitthvert vit í því?“ „Jú“, svaraði Ingvar, „flestar eða allar menningarþjóðir eiga skattasögu sína í vönduðum bókum. Nú er komið að okkur Íslendingum.“

Fyrst fannst mér þetta dálítið langsoðt; að skrifa skattasögu virkaði nokkuð fráhrindandi. En fljótlega fór ég að átta mig á því að

þetta var virkilega mikil áskorun því auðvitað hlyti stjórn málasaga þjóðarinnar að blandast viðfangsefninu og skipta miklu máli. Á endanum sá ég að þetta var stórkostlegt tækifæri fyrir mig og tók verkefnið að mér. Samningur um söguritunina var undirritaður innan tíðar og verkið hófst þá þegar. Mér var bent á fjöldann af heimildum og fólki til að ræða við og framundan var mikið en spennandi verkefni sem ljóst var að myndi fanga huga minn og ýta öðrum verkefnum til hliðar.

### Hvernig á að skrifa skattasöguna?

Eftir að búíð var að ganga frá samningi settist söguritari niður og reyndi að átta sig á því hvernig ætti að skrifa söguna og hvað skyldi tekið fyrir. Til þess að glöggva sig á viðfangsefninu leitaði hann álits ráðamanna hjá ríkisskattstjóra. Hugmyndir voru um ýmsa málaflokka sem í fyllingu tímans var svo ekki hægt að taka með vegna þess hvað verkið reyndist víðamikilið; eitthvað varð að skilja eftir þótt mikilvægt væri. Í fyrstu örlaði á ólíkum sjónarmiðum um söguritunina sjálfa, þ.e. hvaða aðferðum skyldi beita við að skrá söguna á bók. Það er eðlilegt því ýmsar aðferðir komu til greina og viðbúið var að skattasérfræðingar litu málin ekki endilega sömu augum og eins fróður um þau mál en með reynslu af söguritun og fastmótadar skoðanir um aðferðir, hvort sem er við að rita um skattamál, skrifa byggðasögu, ævisögu eða eitthvað allt annað. Helst kom til





Friðrik G. Olgeirsson skrásetti söguna.

greina að nota annaðhvort það sem kallað hefur verið málefnasnið eða tímasnið. Til þess að útskýra við hvað er átt skulum við líta um öxl og skoða breytingar í sagnfræðikennslu og söguritun á áttunda áratug síðustu aldar.

### Breytingar sagnfræðináms á áttunda áratugnum

Á áttunda áratugnum urðu þær mikilvægu breytingar í sagnfræðikennslu við Háskóla Íslands að í stað þess að leggja höfuð-

áherslu á beina sögukunnáttu nemenda í almennri sögu og Íslandssögu eins og áður var snerist námið í auknum mæli um að kenna heimildaöflun og þjálfá nemendur í að skipuleggja framsetningu efnis og að þjálfá ritfærni þeirra. Jafnframt var lögð áhersla á gagnrýna hugsun. Í kjölfarið fóru útskrifaðir sagnfræðingar að starfa á fjölbreyttari sviðum en áður. Sumir gerðust blaða- og fréttamenn, aðrir fóru til starfa í stofnunum eða fyrirtækjum þar sem nám þeirra nýttist vel þótt bein söguþekking væri þar ekki þungamiðjan. Flestir sinntu þó kennslu eins og sagnfræðingar höfðu lengst af gert en líka varð smám saman til fámennur hópur sem haslaði sér völl sem sjálfstætt starfandi sagnfræðingar. Þeir hafa á liðnum árum tekið að sér að rita sögu fyrirtækja og stofnana, bæja og einstaklinga. Í fæstum tilvikum hafa þeir sérfræðiþekkingu á viðfangsefninu við upphaf verks en eru þjálfaðir í heimildaöflun, vita hvar gögn er að finna og rata um rangala skjala- og bókasafna. Loks hafa þeir þjálfun í að skipuleggja og setja efnið fram með skilmerkilegum og rökréttum hætti. Þessi atriði skipta meginmáli um útkomuna, hvort söguritunin heppnast vel eða ekki, fremur en sérfræðiþekkingin. Auðvitað er það kostur að söguritari hafi sem mesta þekkingu á viðfangsefni sínu en yfirleitt aflar hann sér hennar smám saman með rannsóknarvinnu sinni.

### Málefnasnið og tímasnið

Þessi nýi hópur háskólasagnfræðinga leysti í flestum tilvikum gömlu alþýðufræðimennina af hólmi við söguritun. Algengast hafði verið að menn á eftirlaunaaldri væru fengnir til söguritunar, t.d. til að skrá sögu fyrirtækisins sem þeir höfðu unnið hjá, sögu stofnunar eða jafnvel sveitarfélags. Í þeirra stað voru sagnfræðingar ráðnir til starfa í auknum mæli og í kjölfarið breyttust áherslur og aðferðir við söguritun. Taka má byggðasöguritun sem dæmi. Alþýðufræðimennirnir höfðu nær allir beitt því sem kallað hefur verið málefnasnið við söguritun sína. Þeir höfðu einn kafla um verslun, annan um skólamál, þann þriðja um sjávarútveg, fjórða um slysfarir og harðindi o.s.frv. Viðfangsefnið var tekið sem ein heild og skipt í kafla eftir mála-flokkum. Um var að ræða þemabundin ritverk og sniðið hefur því verið kallað málefnasnið. Þetta er einfalt form og aðgengilegt fyrir óvana söguritara en hefur mikla annmarka. Háskólasagnfræðingarnir sneru af þessari braut og fóru þess í stað að skrá rit sín með tímasniði. Viðfangsefninu, t.d. sögu kaupstaðar í 200 til 300 ár, var þá skipt í kafla eftir tímabilum. Reynt var að miða kaflana við einhver mikilvæg tímamót í sögu sveitarfélagsins og hverju tímaskeiði síðan gerð viðhlítandi skil eins og um sjálfstæða einingu



Þriðja ráðuneyti Davíðs Oddssonar.

*Aðalskrifstofur fjármálaráðuneytisins og ýmissa annarra ráðuneyta hafa löngum verið í Arnarhvoli. Ljósmyndin er frá fjórða áratugnum áður en húsið var stækkað.*



væri að ræða. Þetta þýddi t.d. að í stað þess að fjallað væri um sögu landbúnaðar í einum kafla var það gert í öllum hlutum verksins enda ljóst að landbúnaður breyttist frá einu tímabili til annars. Oftast fór mikill tími í að skipuleggja efnisniðurröðunina en henni svo gjarnan breytt á ritunartímanum eftir því sem þekking sagnfræðingsins varð meiri. Útkoman varð enda sú að þróun og uppbygging þorpa og bæja varð gleggri og auðskildari þegar sagan var sögð á þennan hátt. Með eldri aðferð var hætt við að hvergi væri upphaf, hvergi endir, aðeins ómældur fróðleikur um atvinnuvegi, fyrirtæki og stofnanir. Höfundurinn gleymdi hreinlega að svara grundvallarspurningum: Hvenær og hvernig hófst byggðin? Hverjar voru orsakir þéttbýlismyndunarinnar? Hvernig var mannfjöldapróuin? Efnisniðurröðunin gat verið órökrétt og tilviljanakennd.

Ef til vill má orða það svo að tímasniðið sé nýtt þróunarstig annálaritunar sem algeng var fyrr á öldum, einhvers konar sambland hennar og málefna. Tímasniðið ruddi sér víðar til rúms en við ritun byggðasögu og líklegast er það í dag algengasta form söguritunar sagnfræðinga í einni eða annarri mynd.

### Ritunaraðferð valin

Þegar ég var að byrja feril minn sem sagnfræðingur á níunda áratug síðustu aldar fannst mér ekki annað koma til greina en að skipuleggja fyrsta rit mitt með tímasniði og því formi hef ég haldið síðan. Þegar ég svo byrjaði að rannsaka og skipuleggja sögu skatta og skattkerfisbreytinga á Íslandi frá því að tekjuskattskerfið var tekið upp á seinni hluta 19. aldar fannst mér ekkert annað form koma til greina. Vissulega mátti velta ýmsum öðrum aðferðum, sniðum, fyrir sér og það gerði ég með þeim sem ráðið höfðu mig til starfa. Þeir höfðu greinilega hugsað um það hvernig standa mætti að sögurituninni og vörpuðu fram hugmyndum. Um flest vorum við sammála nema kannski helst tímasniðsaðferðina í fyrstu. Auðvitað var ekki sjálfgefið að hún yrði fyrir valinu og vel hefði mátt hugsa sér að skrifa ritið eftir málaflokkum eða jafnvel með enn öðrum hætti. Höfundurinn sá þó fyrir sér að eðlilegast væri að rekja söguna í tímaröð, frá fyrstu lagasetningunni um skattkerfisbreytingu

árið 1877 til þeirra breytinga sem síðast voru gerðar í árslok 2012. Jafnframt mætti svo fjalla sérstaklega um einstaka þætti í sérköflum, t.d. sögu staðgreiðslukerfis og virðisaukaskatts. Verkkaupi lét söguratara ráða aðferðinni og reyndi aldrei á ritunartímanum að hafa nein afskipti af verkinu. En hann var tilbúinn til að veita aðstoð og leiðrétta ef hann taldi rangt með eitthvað farið í þeim kafladrögum sem hann fékk til skoðunar eftir því sem verkinu miðaði áfram. Á þetta er minnst því sumir, ekki síst ákveðinn hópur sagnfræðinga, hafa látið í ljós þá skoðun að þau rit sem skrifuð eru fyrir kostunaraðila séu á einhvern hátt

í staðinn. Saga hins forna tíundarkerfis er kapituli út af fyrir sig og varð að bíða betri tíma. Þótt söguratari reyndi í byrjun að skipuleggja verkið út frá þeirri þekkingu sem hann hafði í upphafi og með hliðsjón af samningi þar sem kveðið var á um lengd handrits og tímamörk var honum ljóst af fenginni reynslu að verkið myndi mótast og skipulagið breytast eftir því sem rannsókninni miðaði fram. Enda kom smám saman í ljós að ef segja ætti söguna án þess að sleppa allt of mörgum mikilvægum þáttum úr yrði handritið að lengjast til mikilla muna frá því sem áætlað hafði verið. Það kom meðal annars

”

Höfundurinn sá fyrir sér að eðlilegast væri að rekja söguna í tímaröð, frá fyrstu lagasetningunni um skattkerfisbreytingu árið 1877 til þeirra breytinga sem síðast voru gerðar í árslok 2012

„varhugaverðari“ en rit sem höfundur hefur skrifað að eigin frumkvæði og síðan fengið forlag til að gefa út. Sá sem verkið láti vinna hafi óeðlileg afskipti af því. Reynsla mín er sú að verkkaupar reyna ekki að hafa óeðlileg afskipti af ritun bóka sem þeir hafa beðið um þótt þeir sýni sögurituninni sem betur fer áhuga og varpi stundum fram hugmyndum um eitt eða annað. Það er eðlilegt og af hinu góða.

### Álitamálin voru mörg

Eins og fram kom var búið að taka þá ákvörðun áður en söguratari var ráðinn að rannsaka skyldi og rita skattasöguna frá lagasetningunni árið 1877 þegar samþykkt var að afnema tíundarkerfið í áföngum og taka upp tekju- og eignarskattskerfi

til af því að frá upphafi hefur skattalöggjöfinni verið breytt á hverju ári í smáu sem stóru. Þessari miklu sögu reyndist einfaldlega ekki hægt að gera þokkaleg skil nema með helmingi lengra handriti en áætlað hafði verið, jafnvel þótt um yfirlitsrit sé að ræða. Og vegna þess hvað meginþema skattasögunnar reyndist umfangsmikið varð margt að falla út, efni sem kalla má hliðarefni. Af þeim toga má nefna sem dæmi merk lagafrumvörp um skatta sem ekki náðu fram að ganga og mikilvæga dóma um ágreining í skattamálum sem hafa verið fordæmisgefandi.

Heimildaöflun tók eins og vænta mátti langan tíma og höfundur þurfti að meta hvað teldust traustar og gjaldgengar heimildir. Hvað varðar mestan hluta tíma-



Ólafur Thors forsætisráðherra.

bilsins frá 1877 til um 1950 má benda á að allir þeir sem að skattamálum komu þá eru fallnir frá og því enginn til frásagnar um samningu laga eða framkvæmd þeirra.

Ritið hlaut því að byggja að mestu á skjölum og prentuðum gögnum, í flestum tilvikum prentuðum því eðli máls samkvæmt reyndust Alþingistiðindi og Stjórnartíðindi grundvallarheimildir og þau eru til prentuð frá upphafi og fram yfir nýliðin aldamót. Blöð komu líka að miklum notum en þau varð að nota með varúð því í þau hefur margt og mikið verið skrifað sem ekki stenst nánari skoðun, oftast en ekki innlegg í dægurmálaumræðuna á hverjum tíma. Að þessu og ýmsu fleiru varðandi heimildir er vikið í formála ritsins Í þágu þjóðar og því óþarft að fara nánar út í þá sálma hér.

Meðan á ritun verksins stóð velti höfundur því oft fyrir sér hvort hann ætti að setja eitt og annað fram í töflum og myndritum. Í rauninni hefði mátt reikna alla skapaða hluti út, bera saman tölur um fjölda framteljenda, dreifingu tekna og eigna frá ári til árs og margt fleira. Töflu- og talnanotkun var mjög vinsæl fyrir nokkrum árum og til eru þær bækur sem eru stútfullar af töflum og súlurítum, stundum illskiljanleg almennum lesendum. Í seinni tíð hafa sagnfæðingar horfið frá því í vaxandi mæli að notast

við töflur og talnarunur, að minnsta kosti umfram það allra nauðsynlegasta og birta þá helst slíkt efni í bókarlok. Þar sem tölfæðinni, greiningu fjölda upplýsinga um skatta og skattþegna á hverju ári, er sinnt sérstaklega og með myndarlegum hætti í Tíund tók höfundur þá ákvörðun að nota sem minnst af slíku efni og í ritinu eru ekki aðrar töflur en þær sem sýna þróun hlutfallslegrar skiptingar skatttekna ríkisins frá 1877 til 2012 og þróun skatta sem hlutfall af vegri landsframleiðslu 1901–2012. Í lok seinna bindis eru tölurnar svo allar teknar saman og þróunin sett fram í þremur myndritum.

Að lokum má nefna að frá því að tekjuskattskerfið var tekið upp hafa allar ríkisstjórnir breytt skattalögum, sumarið lítillaga en aðrar í grundvallaratriðum. Í annan stað eru skattarnir sem renna í ríkissjóð þeir fjármunir sem þjóðin hefur til að kosta öll þau verkefni og framkvæmdir sem koma henni að gagni og nauðsynlegar þykja. Vegna þessa fannst höfundu miklu skipta að tengja skattasöguna ríkisstjórnun á hverjum tíma, aðgerðum

## Myndskreyting og ljósmyndavali

Það reynist sagnfræðingum og öðrum þeim sem rita um gamla tíma oftast erfitt að finna ljósmyndir og annað efni til skreytingar ritverka. Þannig var það með bókina Í þágu þjóðar enda hefst sagan fyrir miðja 19. öld og raunar er lítillaga imprað á sköttum fyrri alda. Höfundur leitaði því víða fanga um myndir sem tengdust efninu, jafnvel þótt með óbeinum hætti væri. Til eru málverk eða ljósmyndir af mörgum stjórnámálumönnum frá seinni hluta 19. aldar og leitast var við að birta myndir af flestum þeirra sem tengdust lagasetningu um skattamál og framkvæmd laganna. Það gat þó í mörgum tilvikum verið mikill eltingarleikur að finna myndirnar og af mörgum fundust engar myndir. Þar sem ríkisstjórnir koma víða við sögu og þær framkvæmdir sem þær unnu að fyrir skattfé þjóðarinnar reyndi höfundur eftir megni að finna myndir af slíkum framkvæmdum eða einhverju því sem tengdist efninu á einhvern hátt.

Eðli máls samkvæmt varð auðveldara að finna myndefni frá 20. öld eftir því sem nær dró okkur í tíma. Samt er það merkilegt hvað lítið er til af ljósmyndum af fólki í stjórnáslunni við störf. Og það fór ótrúlega mikill tími í að finna t.d. myndir af þeim sem fyrstir störfuðu á Skattstofunni í Reykjavík eftir að hún tók til starfa árið 1922 og þeim mönnum sem skipaðir voru skattstjórnir á landsþjóðinni á fimmta áratugnum. Gott dæmi um það er eltingarleikurinn við að fá mynd af Aage L. Petersen en hann var fyrsti starfsmaður Skattstofunnar í Reykjavík ásamt Einari Arnórssyni skattstjóra. Höfundur var búinn að tala við fjölda fólks og leita til safna áður en leitinn skilaði árangri, raunar eftir að höfundur var búinn að gefast upp.

Frá síðustu áratugnum, einkum eftir að byrjað var að gefa Tíund út, er til mikið myndefni sem tengist embætti ríkisskattstjóra og skattstofunum. Þá snerist dæmið við, velja þurfti til birtingar tiltölulega fáar myndir úr miklum fjölda. Reynt var eftir megni að velja þær myndir sem tengdust umfjöllunarefni hvers kafla.



# IOTA 2013

Að þessu sinni var 17. aðalfundur IOTA (Intra-European Organisation of Tax Administrations) haldinn í Bern í Sviss, dagana 27. og 28. júní 2013, undir forsæti Samuel Tanner, ríkisskattstjóra sambandsríkisins Sviss, sem kosinn var á síðasta aðalfundi. Höfuðstöðvar IOTA eru í Búdapest og þar fer námskeiðahald og annað samstarf fram. Aðildarríkin eru nú 46 en nýjasta aðildarríkið, Kasakstan, hlaut inngöngu 2012. Þátttakendur voru rúmlega 150 frá 58 löndum og alþjóðasamtökum auk fræðimanna. Auk þess sóttu fundinn gestir frá Tyrklandi, Kína, Sambandsríki Bosníu & Hersegóvínu og Gvatemala.

Meginþema fundarins var: Alþjóðleg samvinna sem lykilþáttur í að takast á við ólögmeða háttsemi skattgreiðenda: Nýjar áskoranir til að tryggja skatttekjur. Undir þessari yfirskrift voru haldnar fjórar málstofur fyrri daginn þar sem kollegar okkar á Norðurlöndum voru ýmist umræðustjórar eða fluttu erindi um: Að upplýsa um ólögmeða háttsemi skattgreiðenda, Að takast á við hindranir í alþjóðlegri samvinnu og loks Skilvirka notkun upplýsinga.

Fram að hádegi síðari fundardags voru flutt erindi fulltrúa frá svissneska viðskiptalífínu, ríkisskattstjóra

Oberwalden Kantónunnar og loks erindi sem bar heitið Hvers vegna greiðir fólk skatta? Eftir hádegi voru hefðbundin aðalfundarstörf, þ.e. skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemi síðasta starfsárs, skýrsla endurskoðenda, samþykkt ársreiknings, kosning til framkvæmdastjórnar og starfsáætlun næsta árs lögð fyrir til samþykktar.

Ivan Semič ríkisskattstjóri Serbíu var kosinn forseti IOTA starfsárið 2013 – 2014 og bauð hann til 18. aðalfundar í heimalandi sínu á næsta ári. Forseti samtakanna er venjulega kosinn til eins árs og veur þannig athygli að Ivan Semič ríkisskattstjóri Serbíu er nú að gegna starfi forseta öðru sinni. Fyrira kjörtímabil sitt 2007 hafði hann reyndar verið kjörinn sem ríkisskattstjóri Slóveníu.

Faglegt þema 18. aðalfundar á næsta ári verður Að vera á réttum tíma - Að ná sem bestum áhrifum með réttir tímasetningu: að virkja skattgreiðendur og nýta upplýsingar, gagnagrunna og íhlutun til að hafa áhrif á háttsemi til hlítu.

Fundinn sóttu Skúli Eggert Þórðarson og Ingvar J. Rögnvaldsson, sem tók saman þessa punkta.

# Nýjungar hjá RSK

Ríkisskattstjóri heldur a.m.k. árlega fund með öllum starfsmönnum sínum. Tilgangur slíkra funda er að skipuleggja og undirbúa skattframkvæmd og aðra þjónustu RSK. Á slíkum fundum eru einnig kynntar nýjungar og þróun þeirrar stjórnsýslu sem ríkisskattstjóra er ætlað að hafa með höndum. Loks er verkefni fundanna að fá viðhorf allra starfsmanna til einstakra verkþátta sem unnið er að á hverjum tíma. Föstudaginn 6. desember 2013 var haldinn slíkur starfsmannafundur í Reykjavík. Meginefni fundarins voru áformaðar breytingar á rafrænni stjórnsýslu RSK, m.a. rafrænni fyrirtækjaskrá, einföldun framtalsskila, rafræn skattkort o.fl. Sérstakir gestir voru Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður hans.



*Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður ráðherra veittu fyrstu eintökum af ritinu Í þágu þjóðar viðtöku sem fjallar um sögu skatta og skattkerfisbreytinga á Íslandi 1877-2012.*

Á slíkum fundum er mikilvægt að hrísta saman hópinn og leyfa starfsmönnum sem starfa ekki náið saman að jafnaði að kynnst. Það var því fyrsta verk fundarmanna í morgununsárið að draga borðanúmer, finna sessunauta sína og spjalla saman yfir morgunkaffi.

Dagskrá fundarins var fjölbreytt og samanstóð af stuttum erindum frá starfsmönnum um helstu verkefni á sínu sviði og framtíðaráform í skattframkvæmd. Gestafyrirlesarar og tónlistaratriði brutu svo upp dagskrána. Fundurinn hófst á því að Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri afhenti þeim

starfsmönnum sem borið höfðu hitann og þungann af gerð nýs upplýsingavefs ríkisskattstjóra, rsk.is, blómvendi, en nokkrum dögum áður hafði vefurinn hlotið viðurkenninguna „besti ríkisvefurinn 2013“. Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra heiðraði fundinn með nærveru sinni og flutti ávarp þar sem hann m.a. fjallaði um þann góða árangur sem embætti ríkisskattstjóra hefur náð í samskiptum og framkomu við viðskiptavinum og lagði áherslu á að slíku trausti þurfi stöðugt að hlúa að. Hann og aðstoðarmaður hans, Svanhildur Hólm Valsdóttir, voru síðan kvædd með afhendingu fyrstu eintaka af nýútkominni bók; *Í þágu þjóðar – Saga skatta og skattkerfisbreytinga á Íslandi 1877-2012* eftir Friðrik G. Olgeirsson sem ríkisskattstjóri gefur út.





Í hópi áhugasamra fundargesta má m.a. sjá Steinu B. Nielsdóttur, Hörpu Björnsdóttur, Runólf Vigfússon, Ólafíu Eiríksdóttur, Karl Óskar Magnússon og Tryggva Gíslason.



Jóhanna Þorvaldsdóttir, Jón Þór Sigurgeirsson, Björn K. Björnsson, Kristján Gunnarsson og Rósa Sveinsdóttir.



Íris Ólöf Baldursdóttir og Reynir Jóhannesson ræða hugmyndir að einföldun einstaklingsframtalsins.

Starfsmenn ríkisskattstjóra búa yfir ýmsum hæfileikum öðrum en þeim sem snúa að daglegum störfum þeirra og þar á meðal er Ragnhildur D. Þórhallsdóttir söngkona og starfsmaður á eftirlitssviði. Hún söng nokkur lög fyrir samstarfsmenn sína og gerði það með miklum glæsibrag við undirleik klarinets og píanós. Stefán Skjaldarson starfsstöðvarstjóri á Akranesi var næstur á svið og flutti hann hugvekjju um vinnustaðinn, hamingjuna og trúna. Erindið var áheyrilegt og hugvekjandi í orðsins fyllstu merkingu. Áður en kaffihlé var gefið voru allir fundarmenn, um 240 talsins, drifnir fram í anddyri hótelsins þar sem hópmynd var tekin undir styrki stjórn Jóhannesar Long ljósmyndara.

Haldnir voru fyrirlestrar um nýjungar sem verið er að vinna að hjá ríkisskattstjóra. Jóhannes Jónsson sviðsstjóri skipulagssviðs reið á vaðið og kynnti rafræn skilríki í farsíma sem verða notuð til innskráningar og auðkenningar á þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is. Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur á skráasviði sýndi nýja rafræna fyrirtækjaskrá, Gunnar Karlsson sviðsstjóri einstaklingssviðs kynnti rafrænar færur og erindi og Elín Alma Arthursdóttir sviðsstjóri fagsviðs kynnti nýtt framtíðarframtal.

Fundarmenn voru virkjaðir í hópavinnu þar sem við hvert borð átti að ræða og setja niður hugmyndir að einföldun einstaklingsframtalsins.

Í hádegishléi bættust í hópinn þeir starfsmenn sem hafa látið af störfum á árinu. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur var gestafyrirlesari fundarins og hélt hann erindi um afmælisbarn dagsins, Dr. Kristján Eldjárn forseta Íslands 1968 - 1980. Guðni náði athygli hvers fundarmanns með sinni lifandi og áhugaverðu frásögn af lífshlaupi forsetans.

Þá tók við frekari fræðsla og kynningar. Jónas Magnússon hópstjóri í þjónustuveri fjallaði um hugmyndir að rafrænu skattkorti. Jens Þór Svansson sviðsstjóri tæknisviðs fjallaði um nokkur verkefni tæknilegs eðlis, m.a. vefverslun á rsk.is. Þá fjallaði Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri um komandi starfsmannasamtöl og niðurstöðu samtalanna 2012.

Áður en fundi var slitið tók Skúli Eggert Þórðarson saman efni fundarins.

HV

# Aukin notkun rafrænna skilríkja

Hjá ríkisskattstjóra eru ýmis verkefni í gangi sem miða að aukinni notkun rafrænna skilríkja á þjónustuvefnum skattur.is. Stefnt er að því að rafræn skilríki leysi með tímanum drjúgan hluta veflykla af hólmi.



Á þeim fimm árum sem liðin eru frá því að útgáfa á rafrænum skilríkjum hófst hafa yfir 350 þúsund rafræn skilríki verið framleidd. Tæp 90% Íslendinga, 15 ára og eldri, geta því nýtt sér rafræn skilríki og næstum helmingur þessa hóps hefur þegar virkjað þau. Langflest þessara rafrænu skilríkja eru gefin út á debetkorti. Nú er hafin útgáfa rafrænna skilríkja fyrir farsíma og spjaldtölvur sem munu auðvelda og einfalda verulega alla notkun skilríkjanna.

## Auðkenning með farsíma á skattur.is

Í dag er hægt að auðkenna sig inn á skattur.is með veflykli ríkisskattstjóra og með rafrænum skilríkjum á debetkorti. Í samstarfi

við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Auðkenni hf. er nú unnið að því að viðskiptavinir geti einnig auðkennt sig inn á þjónustuvefinn með rafrænum skilríkjum á SIM korti, þ.e. í farsíma eða á spjaldtölvum. Með því móti verður enn auðveldara að skrá sig inn á skattur.is með rafrænum skilríkjum og ekki þörf á aðgangi að tölvu með kortalesara og skilríkjum á debetkorti. Þegar dreifing skilríkja á SIM-kortum kemst á skrið og fleiri þjónustuveitendur bjóða upp á auðkenningu með þeim má búast við að notkun rafrænna skilríkja muni aukast verulega, enda mun handhægara að nota skilríkin á farsíma samanborið við notkun með debetkorti og tölvu með nauðsynlegum kortalesara.

## Jens Þór Svansson

er viðskiptafræðingur og sviðsstjóri tæknisviðs. Að tveggja ára hléi frátöldu hefur hann starfað innan skattkerfisins frá árinu 1989, fyrst hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra, síðan hjá skatt-rannsóknarstjóra ríkisins og frá árinu 2007 sem sviðsstjóri hjá ríkisskattstjóra.





## Afhending skattupplýsinga til fjármálafyrirtækja

Ný neytendalánalöggjöf gerir auknar kröfur til fjármálafyrirtækja um öflun upplýsinga, m.a. frá skattyfirvöldum. Samstarf við fjármálastofnanir hefur verið í gangi um prófanir á nýju kerfi til afhendingar gagna til þriðja aðila. Í nýju kerfi, sem gert er ráð fyrir að verði tekið í notkun að ári, er gerð krafa um að rafrænt undirritað umboð frá viðkomandi einstaklingi verði lagt fram svo afhenda megi skattupplýsingar til fjármálastofnunar. Með öðrum orðum þá verður krafa um að viðkomandi einstaklingur noti rafræn skilríki til að undirrita umboð í heimabanka eða á þjónustuvefnum skattur.is sem veitir ríkisskattstjóra heimild til að afhenda upplýsingarnar.

## Rafræn fyrirtækjaskrá

Í bígerð er að rafvæða alla ferla vegna stofnunar fyrirtækja hjá fyrirtækjaskrá. Markmiðið með nýju kerfi fyrirtækjaskrár er að öll vinnsla verði einfaldari, þægilegri, öruggari og hagkvæmari. Helsti ávinningur af nýju kerfi er að ferli við skráningu fyrirtækja verður að öllu leyti rafrænt hvort sem um er að ræða stofnun fyrirtækja eða innsendar aukatilkynningar og samþykktir. Mun þessi breyting valda byltingu fyrir hagsmunaaðila í atvinnurekstri en auk þess munu gæði upplýsinga verða betur tryggð og allur rekstur á fyrirtækja-

skránni hagkvæmari. Mikil áhersla er lögð á öryggi og verður því skylt að undirrita öll skjöl með rafrænum skilríkjum.

Rafræn skilríki byggja á öruggustu tækni til rafrænnar auðkenningar sem boðið er upp á í dag og miða að því að auka öryggi í rafrænum samskiptum. Verði notkun rafrænna skilríkja almenn munu bæði almenningur og þjónustuveit-

endur njóta þess. Almennur fær öruggan og einfaldan aðgang að þjónustu og upplýsingum og þjónustuveitendur fá tækifæri til að veita notendum sínum þjónustu í þeirri vissu að þeir eigi

samskipti við réttan aðila. Ríkisskattstjóri hvetur því til að rafræn skilríki verði í auknum mæli notuð til auðkenningar og einnig til undirritunar þar sem við á.



# Samningatækni OECD við tvísköttunarsamninga

Árlega stendur OECD fyrir námskeiði um gerð tvísköttunarsamninga. Námskeiðin standa yfir í fimm daga og eru haldin í Vín. Undirrituð átti þess kost að sækja námskeiðið í október sl.



**Guðrún Jenný Jónsdóttir** er sviðsstjóri alþjóðasamskipta hjá ríkisskattstjóra.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái reynslu af því hvernig samningaviðræður ganga fyrir sig og hvernig leysa megi ýmis vandamál sem upp koma þegar tvö ríki eiga í viðræðum um gerð tvísköttunarsamnings. Jafnframt eiga þátttakendur að fá reynslu í samningaviðræðum, beitingu og túlkun samninga. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru í samninganefndum um gerð tvísköttunarsamninga en gagnast einnig þeim sem vinna við beitingu samninganna eða túlkun þeirra.

Fyrirkomulag námskeiðsins er þannig að þátttakendum er skipt upp í fjögurra til fimm manna lið sem eiga að vera fulltrúar tveggja ímyndaðra landa, konungsríkisins Utopía og lýðveldisins Fredonía. Liðin eiga svo að reyna að komast að samkomulagi um samning um lausn undan tvísköttun.

Áður en námskeiðið hefst fá þátttakendur send ýmis gögn sem eru svo notuð við samningagerðina. Í gögnunum er lýsing á ríkjunum tveimur, Utopíu og Fredoníu, þ.e. upplýsingar um sögu ríkjanna og stjórnarhætti og birt er landakort af þeim. Þá er upplýst um helstu atvinnuvegi, efnahagsástandið almennt, gjaldmiðla, helstu skattlagningarreglur

o.s.frv. Þannig er t.d. að finna upplýsingar um að ríkin tvö voru eitt sinn sameinað konungsríki en eftir síðari heimsstyrjöldina varð Fredonía að sósíalísku ríki. Það stjórnarfar átti sinn þátt í því að hægja á efnahagsþróun landsins. Á árinu 2009 varð Fredonía svo lýðveldi og það hafði í för með sér aukin viðskipti við Utopíu.

Auk þessara grunnupplýsinga fá þátttakendur afhentar tvísköttunarsamningsfyrirmyndir sem notaðar eru í Utopíu og Fredoníu, ásamt afritum af síðustu samningum sem ríkin hafa gert við önnur ríki, Utopía við Atlantis og Fredonía við Lilliput.

Með þessi gögn í höndunum er liðunum ekkert að vanbúnaði að hefja „samningaviðræðurnar“. Samanburður á samningsfyrirmyndum ríkjanna tveggja leiðir fljótt í ljós að það eru ekki mörg atriði sem ríkin eru sammála um frá fyrsta degi. Það er því mjög lýsandi fyrir samningaviðræðurnar að ræða þurfi hverja einustu grein og jafnvel hverja einustu málsgrein í fyrirmyndunum. Liðin þurfa að hafa hagsmuni „síns“ ríkis í huga þegar rökstuðningur er settur fram og þegar barist er fyrir því að fá eitthvað í gegn.



Þátttakendur frá 17 ríkjum ásamt leiðbeinendum.

Við vorum þrjú í mínu liði. Auk mín var einn þátttakandi frá Ísrael og annar frá Japan og vorum við fulltrúar Fredoniu. Mótaðilar okkar, lið Utopiu, komu frá Hollandi, Frakklandi, Írlandi og Ítalíu.

Dagurinn byrjaði snemma á því að hópurinn allur hittist til að fara yfir helstu atriði í samningatækni. Þar vorum við frædd um hvernig undirbúningur fyrir samningaviðræður fer fram og hvað þarf að hafa í huga þegar óskað er eftir samningaviðræðum. Í sumum ríkjum þurfa öll samskipti að fara í gegnum utanríkisráðuneyti en önnur ríki eru ekki eins formföst hvað þetta varðar. Þá getur þurft að afla upplýsinga og gagna frá atvinnulífinu. Ennfremur var farið yfir hvaða kosti góður samningamaður hefur til að bera, hvernig

best er að setja fram rök fyrir afstöðu sinni og ekki hvað síst hvernig bregðast eigi við í erfiðum aðstæðum.

Að þessum morgunfyrirlestrum loknum skiptist hópurinn upp í liðin sem hvert hitti sinn leiðbeinanda. Leiðbeinandinn undirbjó liðið með tilliti til þeirra samningsákvæða sem ræða átti þann dag. Sett voru saman rök fyrir afstöðu liðanna og reynt að sjá fyrir hvaða mótrök hitt liðið gæti komið fram með og hvernig þeim mótrökum yrði svarað. Að svo komnu máli hófust viðræðurnar. Ég hafði velt því fyrir mér hvernig okkur tækist nú upp í þessum hlutverkaleik og datt mér í hug að erfitt gæti verið að taka hann alvarlega. Þegar á hólminn var komið voru þessar áhyggjur algjörlega óþarfar. Liðin tókust

á af miklum krafti og börðust af mikilli hörku fyrir hagsmunum síns ríks, án þess þó að fara yfir strikið, og var gaman að fylgjast með hversu hugmyndaríkir þátttakendur voru við að fylla upp í þær eyður sem voru í grunnupplýsingunum, allt í þeim tilgangi að skjóta betri undirstöðum undir samningsafstöðuna og þau rök sem færð voru fram fyrir henni.

Námskeiðið var mjög lærdómsríkt og erfitt en umfram allt afar skemmtilegt. Ég er ekki í vafa um að sú kunnátta sem ég náði að tileinka mér á eftir að gagnast í störfum mínum hjá ríkisskattstjóra, og ekki hvað síst í samninganefnd fjármála- og efnahagsráðuneytisins um gerð tvísköttunarsamninga.

## Norrænn vinnuhópur um regluleg upplýsingaskipti

Ríkisskattstjóraembætti á Norðurlöndunum hafa víðtækt samstarf undir merkjum Nordisk Agenda. Í dag starfa 14 vinnuhópar að hinum ýmsu verkefnum og má sem dæmi nefna Nordisk eTax, transfer pricing, alþjóðleg skattundanskot (NAIS), skattsvik, upplýsingaskipti um fjármálagerninga og tæknimál. Í Tíund hefur verið gerð grein fyrir fundum í NAIS hópnnum og hópnnum sem fjallar um upplýsingaskipti um fjármálagerninga. Nú er komið að því að gera grein fyrir starfi hóps sem fjallar um regluleg upplýsingaskipti milli Norðurlandanna.

Tilurð hópsins má rekja til ársins 2010 þegar ríkisskattstjórar Norðurlandanna létu gera könnun um hvernig skattyfirvöld notuðu þær upplýsingar sem sendar eru með reglulegum hætti á milli Norðurlandanna. Sú könnun leiddi í ljós að mikið af þeim upplýsingum sem sendar eru á milli ríkjanna nýtast illa eða alls ekki. Greining á ástæðum þess leiddi í ljós að upplýsingarnar bárust yfirleitt það seint að forgangsraða þurfti þeim til vinnslu í eftiráskoðunum skattframtala. Þá kom einnig í ljós að oft á tíðum voru mikil vandkvæði við að para saman upplýsingarnar sem upprunaríki sendi við rétta skattaðila í heimilisfestarríki.

Í kjölfar þessarar greiningar ákváðu ríkisskattstjóranir að stofna sérstakan vinnuhóp sem ætti að skoða nánar þau

vandamál sem til staðar eru og leita leiða til að leysa þau með það að markmiði að regluleg upplýsingaskipti væru skilvirk og hagkvæm. Jafnframt á hópurinn að kanna hvort unnt sé að skiptast á upplýsingum svo snemma ársins að þær nýtist við forskráningu á skattframtöl. Þessar áherslur norrænu ríkisskattstjóranna falla vel að þeirri áherslu sem nú er lögð á regluleg upplýsingaskipti á alþjóðavettvangi.

Hópurinn byrjaði á því að skoða þær upplýsingar sem í dag eru sendar á milli ríkjanna. Í ljós kom að lífeyris- og eftirlaunagreiðslur ásamt launagreiðslum eru þar fyrirferðamestar. Hópurinn ákvað því að einbeita sér að þeim teknategundum til að byrja með. Þá hefur hópurinn skoðað hvernig best sé að safna saman upplýsingum um erlendar skattkennitölur til að láta fylgja með upplýsingunum og þannig sparist mikilvægur tími í móttökuríkinu við að auðkenna og máta saman þær upplýsingar sem berast við skattaðila í móttökuríkinu.

Í lok október fundaði hópurinn hér á landi. Fundinn sátu fjórir fulltrúar frá Danmörku, fjórir frá Noregi, þrír frá Finnlandi og sex frá Svíþjóð auk tveggja fulltrúa frá Íslandi. Þá sátu fundinn í fyrsta skipti fulltrúar frá Færeyjum og Grænlandi. Bæði ríkin gerðu grein fyrir helstu atriðum í skattalöggjöfinni ásamt því að gera grein fyrir söfnun upplýsinga frá þriðja aðila.

Á fundinum var farið yfir þær tilraunasendingar sem átt hafa sér stað milli ríkjanna á lífeyri og eftirlaunum. Þær tilraunir gengu almennt vel. Ekki er mikið um rangar upplýsingar en flöskuhálsinn er enn vöntun á erlendum skattkennitölum. Ákveðið var að halda tilraunasendingunum áfram á næsta ári og halda áfram að reyna að bæta úr þeim vanköntum sem eru á sendingunum í dag.

Jafnframt var ákveðið að hefja undirbúning að bættri upplýsingagjöf um launagreiðslur og þurfa öll ríkin að gera nákvæma lista yfir teknategundir (kóðanir) á launamiðum sem launagreiðendur skila inn til þeirra.

Öll ríkin gerðu grein fyrir þeirri vinnu og þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í til að safna saman erlendum skattkennitölum. Noregur undirbýr nú t.a.m. löggjöf sem á að skylda greiðendur til að senda erlendar skattkennitölur með upplýsingum til skattyfirvalda. Rætt var um aðgang að samnorrænum flutningsvottorðum en þau hafa að geyma kennitölur sem nýtast myndu skattyfirvöldum.

Þá vann hópurinn að áfangaskýrslu sem skila þarf til ríkisskattstjóranna árlega um framvindu verksins og rætt var um fyrirkomulag við ritun lokaskýrslu. Verkefni þetta mun halda áfram allt fram til ársins 2015.



SKAT

# Hertar aðgerðir danskra skattyfirvalda gegn skattaparadísum

Þann 12. nóvember síðastliðinn birti danska skattaráðuneytið (Skatteministeriet) þrjár fréttatilkynningar. Allar fjalla þær skattundanskot sem tengjast notkun á svokölluðum skattaparadísnum og auknar og hertar aðgerðir danskra skattyfirvalda gegn slíkum undanskotum og svikum.

Tilkynningarnar koma í kjölfar heimildapáttaraðar sem danska ríkissjónvarpið (DR1) sýndi í október og nóvember. Í þáttunum fjórum könnuðu danskir rannsóknarblaðamenn hvernig hægt er að komast undan réttmætum skattgreiðslum með því að geyma eignir og tekjur erlendis. Í fyrsta þættinum var sýnt hvernig skattaráðgjafar, endurskoðendur og lögmenn aðstoða auðuga

leika hann hefði til að opna reikninga og leyna eignarhaldi þeirra. Í þriðja þættinum voru útibú danskra banka í Sviss heimsótt til að kanna hvort þeir tækju þátt í sama leik og margar erlendar fjármálastofnanir sem aðstoða við að leyna eignum og eignahaldi. Í fjórða og síðasta þættinum heimsóttu fréttamenn stærstu lögmans- og endurskoðunarfyrtæki Danmerkur með falda myndavél þar sem „auðkýfingurinn“ óskaði eftir ráðgjöf til að komast hjá skattgreiðslum í Danmörku. Þá var rætt við ýmsa sérfræðinga í dönskum skattarétti, bæði innan háskólasamfélagsins og hjá dönskum skattyfirvöldum.

Umræddir þættir sýndu svo ekki verður um villst að þó svo að mikið hafi áunnist í baráttunni við skattsvik og skattundanskot, þar sem fjármagn og eignir eru fluttar til ríkja sem halda fast í bankaleynd, þá er stríðið ekki unnið. Af þessum sökum má segja að dönsk skattyfirvöld hafi blásið í herlúðra og boðað



**Af þessum sökum má segja að dönsk skattyfirvöld hafi blásið í herlúðra og boðað auknar aðgerðir til að stemma stigu við þessari tegund skattsvika og skattundanskota**

einstaklinga og lögaðila við að koma eignum fyrir í fjarlægum ríkjum þar sem skattur er lítill sem enginn og mikil leynd hvílir yfir eignarhaldi og stjórnun fyrirtækja. Í öðrum þætti brá fréttamaður sér í gervi auðkýfings sem heimsótti bankastofnanir í ríkjum eins og Lúxemborg, Sviss og Lichtenstein til að kanna hvaða mögu-

auknar aðgerðir til að stemma stigu við þessari tegund skattsvika og skattundanskota.

Í fyrrnefndum fréttatilkynningunum kemur fram að Danmörk hafi ásamt hinum Norðurlöndunum verið í fararbroddi í baráttunni gegn þeim tegundum skattsvika og skattundanskota sem hér hafa verið nefnd. Á síðustu tveimur árum



hafi einstaklingar og lögaðilar sem flutt hafi eignir og tekjur til erlendra skattaparadísanna verið kerfisbundið teknir til rannsókna eða eftirlits. Þá hafi verið „stoppað í“ þrjú „göt“ sem fyrir hendi voru í löggjöfinni og nýttust þeim sem vildu komast hjá skattgreiðslum. Ennfremur hafi Danmörk gert fjöldann allan af samningum við erlend ríki um upplýsingaskipti í skattamálum og að áhersla hafi verið lögð á samvinnu við erlend skattyfirvöld.

Með þessum hætti hafa skattyfirvöld forgangsráðað umræddum málaflokkum á undanförunum árum en ljóst er að frekari aðgerða er þörf. Hnattvæðing og auknir fjármagnsflutningar og rafræni viðskiptahættir þvert yfir landamæri gera það að verkum að skattaráðgjafar leita markvisst að nýjum leiðum til að koma viðskiptamönnum sínum undan réttmætum skattgreiðslum. Þannig er ennþá fyrir hendi þörf fyrir að leggja áherslu á þennan málaflokk og að það verði gert með auknu eftirliti skattyfirvalda, nýrri löggjöf og samvinnu milli stjórnvalda.

Í fyrsta lagi þá munu dönsk skattyfirvöld efla og auka eftirlits- og rannsóknaraðgerðir sem beinast að því að nýta skattaparadísir til að koma tekjum og eignum undan skattlagningu. Nýtt eftirlitsverkefni verður sett á laggirnar sem á að greina á hvaða hátt skattaparadísir eru notaðar í þessum tilgangi. Þannig skapist betri möguleikar á að finna hugsanlega skattsvikara sem nýta þessa möguleika. Aukafjárveiting verður veitt í þetta verkefni svo unnt verði að setja meiri mannafla í að nýta til hlítar þá möguleika sem fyrir hendi eru til að afla upplýsinga frá erlendum skattyfirvöldum á grundvelli tvísköttunarsamninga, upplýsingaskiptasamninga og annarra verkfæra sem heimila upplýsingaskipti. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist 1. janúar 2014 og standi yfir í fjögur ár. Viðbótarfjárveiting vegna þess er 40 milljónir danskra króna (u.þ.b. 877.000.000 kr.).

Í öðru lagi verður settur á laggirnar vinnuhópur sem aðilar frá skattaráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu munu skipa og að auki skipi hópinn fulltrúar frá danska ríkisskattstjóraembættinu, lögreglunni, ákærvaldinu og danska fjármálaeftirlitinu. Þessi vinnuhópur á m.a. að rannsaka möguleikana á því að bæta flæði upp-

lýsinga milli einstakra stjórnvalda og kanna hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að vinna gegn skattaráðgjöf sem lýtur að því að nota erlenda fjárvörslusjóði (e. trusts) til skattspörunar. Þá skal vinnuhópurinn jafnframt kanna hvort unnt sé að breyta lögum þannig að skattyfirvöld geti tekið upp mál einstakra skattaðila sem fengið hafi bindandi álit um verðmat á tiltekinni eign ef raunverulegt verðmæti er svo annað en gengið var út frá í álitinu. Vinnuhópurinn hefur frest fram á mitt ár 2014 til að skila tillögum.

Í þriðja lagi á að auka samstarf við skattaráðgjafa eins og endurskoðendur og lögmenn. Dönsk skattyfirvöld, lögreglan, dönsku endurskoðendasamtökin og lögmannafélagið, aðilar frá fjármálafyrirtækjum o.fl. eiga að vinna saman að siðareglum fyrir umrædda ráðgjafa.



Með þessum aðgerðum ætla dönsk yfirvöld að halda áfram baráttu undanfarinna ára við skattundanskot þar sem erlend skattleyndarríki eru notuð til að koma eignum og tekjum undan skattlagningu. Það verður fróðlegt fyrir íslensk skattyfirvöld og aðra áhugasama um þetta efni að fylgjast með framvindu málsins og spurning hvort ekki megi í leiðinni læra eitthvað af aðgerðum frænda okkar.

GJJ

# Frá brunanum mikla til Kennedys

Starfsfræðsla fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra er veigamikill þáttur í þjálfun og endurmenntun starfsmanna. Frá reglulegri starfsfræðslu er þó brugðið og yfir vetrarmánuðina er leitast við að bjóða starfsmönnum aðalskrifstofu á Laugavegi 166 reglulega að sitja stutta fyrirlestra um hin ýmsu málefni. Nú í haust hafa fjórir slíkir verið á dagskrá, hver 45 mínútur að lengd.



Kristinn Ágúst Friðfinnsson kynnti starfsmönnum tilgang og aðferðir sáttamiðlunar en hann sérhæfir sig nú í þeirri aðferð við Kaupmannahafnarháskóla.

Föstudaginn 11. október fór Pétur Ármannsson arkitekt yfir þróun Reykjavíkurborgar frá upphafi og fram til ársins 1962. Áhugavert var að fá innsýn inn í hvers vegna borgin þróaðist eins og raunin varð og hvaða þættir réðu mestu þar um, hvort sem er lagnir í jörðu, háþöskun nýtingar sólarstunda, þjóðfélagsástand og straumar í pólitík. Einnig var meðal annars farið yfir þau áhrif sem bruninn mikli í Reykjavík árið 1915 hafði á þróun borgarinnar, en í honum brunnu Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús við Austurstræti, Pósthússtræti og Hafnarstræti.

Í fyrirlestri sem haldinn var föstudaginn 25. október var annar tónn sleginn. Þá flutti Lilja Birgisdóttir iðjuþjálfari frá Heilsuvernd fyrirlestur

um vellíðan í vinnu og líkamsbeitingu við skjávinnu. Hún fór yfir helstu áhrifaþætti í líkamsbeitingu, eðlilegt vinnusvið, stillingar á stólum og uppröðun á vinnusvæði. Einnig notkun léttitækja, opin rými, hljóðvist og fleira í þeim dúr. Í kjölfarið fór hún svo um vinnustaðinn og bauð starfsmönnum aðstoð sína við stillingar á vinnusvæði þeirra, á stól, hæð á borði og uppröðun að öðru leyti með tilliti til þess að líkamsbeiting væri rétt.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson leggur stund á nám í sáttamiðlun við Kaupmannahafnarháskóla. Hann hélt erindi um sáttamiðlun og hvað í henni felst föstudaginn 8. nóvember. Að baki sáttamiðlun býr sú grundvallarhugmynd að fólk leysi sjálfst úr ágreiningsmálum sínum með aðstoð sérstakra sáttamiðlara sem hafa sérhæft sig í slíkri milligöngu. Báðir aðilar þurfa að vera samþykkir því að nýta sér þessa leið til lausnar á þeim vanda sem uppi er og hafa umboð til að ljúka málinu. Kristinn Ágúst sagði þessa leið vera sjöfalt ódýrari og jafnframt sjöfalt hraðvirkari en dómstólaleiðina og



Lilja Birgisdóttir iðjuþjálfari frá Heilsuvernd fór yfir grunnatriði góðrar líkamsbeitingar í fyrirlestri sínum.





Pétur Ármannsson arkitekt fór yfir sögu þess hvernig Reykjavíkurborg byggðist upp fram til ársins 1962.



Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur heimsótti starfsmenn í tilefni þess að hálf öld var liðin frá andláti John F. Kennedy forseta Bandaríkjanna og velti fyrir sér hvað hefði orðið hefði hann ekki fallið frá þann dag.

Því mikill ávinningur af því að fara þessa leið. Þegar dómstólum er falið að útkljá mál er einungis unnt að byggja á hlutlægum gögnum þess og þarf niðurstaðan ávallt að vera á

þann veg að annar aðilinn fer með sigur í málinu og sjónarmið hins verða undir. Sé leið sáttamiðlunar farin eru hinsvegar meiri líkur á að báðir fari sáttir frá borði.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur flutti að lokum fyrirlestur sem hann kallar „Hvað ef ...?“ föstudaginn 22. nóvember. Þar minntist hann þess að þann dag voru 50 ár liðin frá því að John F. Kennedy forseti Bandaríkjanna var ráðinn af dögum og velti fyrir sér út frá fræðilegum forsendum hvernig líklegt væri að mál hefðu skipast hefði JFK lifað tilræðið af. Misjafnar skoðanir eru uppi um ágæti kenninga sem settar eru fram sem „efsögur“, sem á ensku kallast „alternate history“ og byggjast á því að vendipunktum í sögu er breytt og velt upp möguleikum á því hvaða áhrif slíkt hefði haft á framhaldið í stað þess sem í raun gerðist. Þær geta þó gegnt mikilvægu hlutverki í því að auka skilning á raunverulegum atburðum og afleiðingum þeirra. Fyrirlesturinn var mjög vel sóttur og áttu starfsmenn góða stund saman við að minnast JFK og hlýða á hugmyndir Guðna um hvað ef...

IHG

# Álagning lögaðila 2013

Í október sl. lagði ríkisskattstjóri opinber gjöld á lögaðila vegna rekstrar ársins 2012. Alls voru 121,3 milljarðar lagðir á í tekjuskatt, tryggingagjald, skatt á fjármálastofnanir og ýmis smærri gjöld. Opinber gjöld voru lögð á 36.506 lögaðila, sem er 796 færri en í álagningu fyrir ári.

Tekjuskattur var lagður á hreinar tekjur 15.751 félags og var heildarálagning tekjuskatts tæpir 44,8 milljarðar, rúmum 2,6

milljörðum hærri en fyrir ári. Álagningin hækkaði um 6,2% á milli ára. Tekjuskattsprósenta var óbreytt milli ára.

Tryggingagjald var lagt á launagreiðslur 16.973 lögaðila og var heildarálagning tryggingagjalds rétt rúmir 67 milljarðar, sem var 3,3% minna en lagt var á í fyrra. Gjaldið lækkaði lítillega á milli ára, úr 8,65% í 7,79%.

Rúmir 7,5 milljarðar voru lagðir á í skatta á fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði. Fyrir

ári voru lagðir rúmir 4,8 milljarðar á þessi félög. Rúmur milljarður var lagður á í sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Skatturinn er 0,041% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja. Þá var einnig lögð á viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 0,0875% af heildarskuldum félaganna. Viðbóttin var 2,2 milljarðar. Þessir skattar voru nú 1,3% lægri en í álagningu í fyrra og voru þeir lagðir á 17 fjármálafyrirtæki, sem er þremur félögum

## Opinber gjöld lögaðila 2006 til 2013

Álagningarár	Álögð gjöld								Breytingar	
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2012 - 2013	
Tekjuskattur	34.671	42.717	39.201	35.375	29.752	36.292	42.151	44.780	2.629	6,2%
Fjármagnstekjuskattur	6.235	342	1.574	1.419	1.226	1.226	1.390	1.100	-290	-20,9%
Eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Búnaðargjald	171	107	104	136	161	175	190	216	26	13,9%
Jöfnunargjald alþjónustu	31	24	39	260	44	39	42	44	2	5,6%
Iðnaðarmálagjald	310	380	459	479	431	-	-	-	-	-
Útvarpsgjald	-	-	-	544	558	625	602	628	27	4,4%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki						978	1.046	1.033	-13	-1,3%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki							2.233	2.204	-29	-1,3%
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði							1.538	-	-1.538	-100,0%
Fjársýsluskattur í staðgreiðslu								2.603	2.603	100,0%
Sérstakur fjársýsluskattur								1.697	1.697	100,0%
Tryggingagjald *	32.486	37.248	40.079	45.211	46.244	65.397	69.290	67.015	-2.275	-3,3%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar						441	764	898	135	17,6%
<b>Samtals</b>	<b>73.903</b>	<b>80.818</b>	<b>81.456</b>	<b>83.422</b>	<b>78.417</b>	<b>104.732</b>	<b>118.482</b>	<b>121.321</b>	<b>2.840</b>	<b>2,4%</b>

### Fjöldi gjaldskyldra félaga

\* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.



færra en í álagningu fyrir ári. Þetta er í þriðja sinn sem sérstakur skattur er lagður á skuldir fjármálafyrirtækja og annað sinn sem viðbótin er lögð á.

Þá voru 2,6 milljarðar lagðir á í fjársýsluskatt og tæpir 1,7 milljarðar í sérstakan fjársýsluskatt. Fjársýsluskattur er 5,45% skattur sem er lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum, tryggingafélögum og

Íbúðalánasjóði. Fjársýsluskattur var lagður á 160 fjármálafyrirtæki. Þá voru tæpir 1,7 milljarðar lagðir á í sérstakan fjársýsluskatt, sem er 6% viðbótartekjuskattur á tekjuskattsstofn umfram einn milljarð hjá þeim fyrirtækjum sem greiða fjársýsluskatt. Sex fyrirtæki náðu þessum fjárhæðarmörkum. Fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur voru lagðir á í fyrsta skipti nú í ár. Í fyrra voru lagðir rúmir 1,5 milljarðar á 35 lífeyrissjóði í sérstakt gjald

á lífeyrissjóði. Um var að ræða 0,0814% skatt á hreina eign til greiðslu lífeyris. Skatturinn var lagður á í fyrsta skipti í fyrra en var ekki lagður á álagningu nú.

Að auki lagði ríkisskattstjóri 889 milljónir á í búnaðargjald, jöfnunargjald alþjónustu og útvarpsgjald. Þetta er um 56 milljónum meira en lagt var á í þessi gjöld í fyrra.

PK

Upphæðir eru í milljónum króna

Fjöldi gjaldenda								Breytingar	
2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2012 - 2013	
14.693	15.121	16.184	15.897	16.995	15.006	15.240	15.751	511	3,4%
89	172	191	234	265	301	374	447	73	19,5%
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
371	409	446	489	530	574	607	615	8	1,3%
41	35	41	38	41	41	47	44	-3	-6,4%
5.691	6.101	6.315	6.264	6.198	-	-	-	-	-
-	-	-	31.629	32.444	34.890	32.002	33.424	1.422	4,4%
-	-	-	-	-	19	20	17	-3	-15,0%
-	-	-	-	-	-	20	17	-3	-15,0%
-	-	-	-	-	-	35	-	-35	-82,9%
-	-	-	-	-	-	-	160	160	100,0%
-	-	-	-	-	-	-	6	6	100,0%
15.414	15.910	16.697	16.860	16.461	16.527	16.838	16.973	135	0,8%
-	-	-	-	-	50	70	84	14	20,0%
<b>27.637</b>	<b>30.098</b>	<b>32.868</b>	<b>34.195</b>	<b>35.709</b>	<b>36.837</b>	<b>37.302</b>	<b>36.506</b>	<b>-796</b>	<b>-2,1%</b>

# Flutningur þjónustuvers til Norðurlands

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að flytja þjónustuver sem rekið hefur verið í Reykjavík til Akureyrar og Siglufjarðar. Með flutningnum fjölgar störfum á svæðinu um fimm til sex og verður breytingin gengin í gegn nú um áramótin.



**Gunnar Karlsson**  
er sviðsstjóri einstaklingsviðs  
hjá ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri hefur frá árinu 2008 rekið þjónustuver þar sem öllum símtölum til stofnunarinnar er svarað. Með því er leitast við að liðsinna framteljendum og öðrum viðskiptamönnum í gegnum síma og eftir atvikum með tölvusamskiptum. Um leið er slíku álagi létt af öðrum starfsmönnum stofnunarinnar og eykst þannig framleiðni.

Eftir sameiningu skattfyrvalda varð hlutverk þjónustuversins mikilvægara en áður og það eftt með fjölgun starfa. Þá var ákveðið að hluti af þjónustuveri ríkisskattstjóra yrði staðsettur á Siglufirði og síðar einnig Akureyri.

Með þeim breytingum sem nú er verið að ráðast í er skilið á milli þjónustuvers og nærþjónustu á Laugavegi 166, en fram að þessu hafa sömu starfsmenn sinnt afgreiðslu og þjónustuveri og skipt þeim verkefnum á milli sín. Hvort tveggja er jafn mikilvægt, að sinna símsvörum og að afgreiða þá viðskiptavinum sem koma á staðinn. Á annatímum getur skapast mikið álag á starfsmenn og til þess að leysa þessi mál betur varð úr að skipta störfunum upp og reka þjónustuverið alfarið á Norðurlandi.

## „Hjá ríkisskattstjóra, góðan dag“

Skrifstofustjóri þjónustuversins og hluti starfsmanna þess er á Siglufirði og hefur verið frá sameiningu stofnana skattkerfisins, og skiptiborðið og ein staða í þjónustuverinu voru fyrir á Akureyri, en á öllum starfsstöðvum embættisins er að sjálfsögðu rekin afgreiðsla fyrir nærþjónustu.

Við þessa breytingu er stefnt að því að efla þjónustuverið enn frekar faglega svo enn hærra hlutfalli fyrirspurna verði svarað þar án þess að þurfa að leita annað. Það léttir símaálagi af starfsmönnum sem að stofni til vinna við önnur verkefni, t.d. við vinnslu framtala og við afgreiðslu kæra og ýmis konar erinda, og ætti einnig að auka þægindi viðskiptavina þegar afgreiðslutíminn styttist og sjaldnar þarf að vísa viðskiptavinum annað.

Eins og áður hefur komið fram í Tíund hefur mikil endurskipulagning átt sér stað á starfsemi embættis ríkisskattstjóra frá því níu sjálfstæð embætti skattstjóra voru lögð niður og störf þeirra felld undir ríkisskattstjóra þann 1. janúar 2010.

Frá sameiningu var lögð áhersla á að áfram yrðu, auk starfsstöðvarinnar á Laugavegi 166 í Reykjavík, starfsstöðvar þar sem áður voru skrifstofur skattstjóranna að því undanskildu að skattstofan að Tryggvagötu 19 í Reykjavík var lögð niður og starfsemin flutt á Laugaveg og á Suðurgötu í Hafnarfirði. Um síðustu áramót var stigið skref í þá átt að einfalda stjórnun, gera hana skilvirkari og auka sérhæfingu starfsstöðva og var litið á það sem loka-skref sameiningarinnar. Þær breytingar sem nú er verið að gera á þjónustuveri voru þá einnig til umræðu, en af ýmsum ástæðum þótti rétt að bíða með þær um sinn. Nú var hins vegar tímabært að ráðast í breytingarnar og sameina alla símsvörum, bæði til að þetta hópinn sem við hana vinnur og eins sem lið í að viðhalda jafnvægi milli landshluta og tryggja hlut landsbyggðarinnar. Með breytingunum er

Soffía Pétursdóttir og Vigdís Álfheiður Stefánsdóttir starfa á starfsstöðinni á Akureyri.

einnig verið að byggja upp sterka einingu á Akureyri til mótvægis við starfsstöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu. Ekki spillir að á Akureyri er gott framboð á stöðugu og vel menntuðu vinnuafli. Glögg dæmi um það er að 108 hæfir einstaklingar sóttu um 5-6 stöður sem auglýstar voru í október sl., þar af langflestir af Eyjafjarðarsvæðinu. Þeir starfsmenn sem hafa til þessa starfað í þjónustuveri á Laugavegi munu ýmist starfa áfram í afgreiðslunni þar eða flytjast í önnur störf.

### Bylting í rafrænum samskiptum

Á undanförunum árum hefur krafa samfélagsins um bættu þjónustu opinberra aðila aukist. Markmið ríkisskattstjóra hefur verið að vera í fararbroddi við að bæta þjónustu við einstaklinga og atvinnulíf án þess að það leiddi til aukins kostnaðar og þar hefur bylting í rafrænum samskiptum skipt sköpum.



### Gögn ferðast milli stofnana en ekki fólk

Leggja þarf enn meiri áherslu á að einstaklingar og fyrirtæki geti í sem ríkustum mæli afgreitt sig sjálfir hvenær og hvar sem er. Það gildi um ýmsar umsóknir, til-

kynningar, vottorð, afrit af framtölum, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við stofnunina. Meginreglan ætti að vera að hægt væri að fylla eyðublöð út á netinu, senda inn, fylgjast með afgreiðslu og fá úrlausn mála. Heimsóknun myndi



Með flutningi þjónustuværs til Norðurlands hefur starfsstöðvunum þar bæst liðsauki og voru fimm nýir starfsmenn nýverið ráðnir til starfa. Kristín Hanna Bjarnadóttir og Ingibjörg Jónsdóttir starfa í þjónustuveri. Elín Alma Arthursdóttir sviðsstjóri fagsviðs leiðbeindi nýjum starfsmönnum. Bylgja Jóhannesdóttir, Sara Halldórsdóttir, Valdimar Þengillsson, Sandra Einarsdóttir, Ástþór Árnason og Gunnlaug Steinunn Árnadóttir starfa öll í þjónustuveri.



*Helga Erlingsdóttir hefur tekið við sem starfsstöðvarstjóri RSK á Akureyri um tíma en Gunnar Karlsson verður áfram sviðsstjóri einstaklingssviðs. Með Helgu á myndinni er Elín Alma Arthursdóttir sviðsstjóri fagsviðs.*

af Norræna skattavefnum, Nordisk eTax. Starfsfólk í þjónustuveri aðstoðar einnig við ýmis önnur verkefni, t.d. varðandi beiðnir einstaklinga um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna aðkeyptar vinnu.

### Álagstímar

Nokkrum sinnum á ári myndast verulegir álagspunktur, bæði í afgreiðslum ríkisskattstjóra og við símsvörun. Þetta verður einkum við staðgreiðslu- og virðisaukaskattsskil, fyrirframgreiðslu vaxta- og barnabóta, á framtalsfresti í mars, við útsendingu á tilkynningarbréfum eftir miðjan júlí í tengslum við álagningu á einstaklinga og svo þegar álagning einstaklinga er birt undir mánaðamótin júlí-ágúst.

Mest er álagið í mars ár hvert en þá berast um 50.000 símtöl, flest í tengslum við umfangsmikla aðstoð í tengslum við framtalskil einstaklinga. Í afgreiðsluna á Laugavegi koma allt að 1.000 manns dagana þegar mest er við lok almenns framtalsfrests einstaklinga.

fækka, bið í afgreiðslu myndi stytast og sama myndi gilda um símtöl. Í samræmi við það er verið að þróa enn frekar farveg fyrir rafræn erindi, kærur og leiðréttingarbeiðnir einstaklinga og lögaðila á þjónustusíðunni skattur.is og gera hana enn aðgengilegri en nú er. Þegar erindi og annað er sent í gegn um þjónustusíðuna er það ígildi undirskriftar þar sem farið er inn á síðuna með veflykli eða rafrænum skilríkjum.

Markmiðið er að gera framtalsskilin og allt sem þeim tengist eins auðvelt og kostur er. Stóraukin áritun upplýsinga inn á framtalið er stór liður í því, auk þess að gera viðmótið eins þjálft og hægt er. Auðveldara er að nálgast leiðbeiningar við útfyllingu eða yfirferð rafræna framtalsins inni í framtalinu sjálfu og stöðugt er unnið að því að bæta upplýsingavefinn rsk.is og þjónustuvefinn skattur.is. Jafnframt þarf að stefna að því að fólk geti nálgast sem mest af þeim upplýsingum

um sig sjálf sem geymdar eru í kerfum stofnunarinnar og að á þjónustusíðu hvers og eins verði að finna samskiptasögu hans við embættið. Huga þarf vel að þörfum allra samfélagshópa, t.d. má ekki gleyma innflytjendum, þeim sem búa í dreifbýli, aðilum erlendis, eldri borgurum og þeim yngstu.

### Verkefni þjónustuversins

Auk símsvörunar svarar þjónustuverið öllum tölvupósti sem ekki er stílaður á einstaka starfsmenn, fyrirspurnum úr SOS (spurt og svarað) og fyrirspurnum



*Birna Jóhannesdóttir, Sólveig Bjarnar Guðmundsdóttir og Birgir Jónasson starfsmenn á Akureyri.*

# Skattframkvæmd fyrr á árum

- Sjöundi hluti -

## Skattaskólinn

Allt frá skattkerfisbreytingunni 1962, þegar settar voru á stofn níu skattstofur í átta kjördæmum landsins í stað 214 þriggja manna skattanefnda, átti skattkerfið í mikilli samkeppni við almennan vinnumarkað um starfsmenn með almenna þekkingu, ekki síst þekkingu á bókhaldi og reikningsskilum, til að vinna að því vandasama verki að yfirfara skattframtöl og leggja á opinber gjöld.

### Guðmundur Guðbjarnason

starfaði hjá skattyfirvöldum í röska fjóra áratugi. Hann gegndi þýðingarmiklu hlutverki við innleiðingu skattabreytinganna 1980. Eftir það var Guðmundur skattranssóknarstjóri í rúm sex ár og síðar forstöðumaður ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.



Menn settu lág laun í ríkiskerfinu fyrir sig þegar betra bauðst hjá einkaaðilum, þá sem nú. Starfsmannavelta var líka mikil, sérstaklega á skattstofunum í Reykjavík og Reykjanesumdæmi (Hafnarfirði). Sífelldur þurfti þannig að ráða nýja starfsmenn í stað þeirra sem hættu og sérstaklega reyndist erfitt fyrir skattstofur úti á landi að fá hæft starfsfólk. Þeir sem tolldu í starfi tóku að sér að miðla, oft af takmarkaðri þekkingu sinni, til þeirra nýráðnu. Reyndi þá oft á þolinmæði starfsmanna þegar sá sem reyndari taldist var ekki eins reyndur og með þurfti vegna skamms starfstíma. Fannst mörgum sem ílengdust í starfi súrt í broti að vera á sömu lágu laununum og þeir sem voru nýbyrjaðir, að segja þeim til auk þess að reyna sitt besta við að endurskoða skattframtöl.

Starfsmenn skattstofanna innan SFR stofnuðu með sér Samtök skattstofufólks 19. október 1974 til að mynda þrýstihóp á ráðuneytið til að hækka launin. Skattstjórar voru áhyggjufullir út af þróun starfsmannamála þar sem sífelldur varð örðugra að standa við tímamörk sem sett voru í lögnum varðandi framtalsfresti, framlagningu álagningarskrár sem

fór fram samtímis fyrir einstaklinga og lögaðila og afgreiðslu á kærnum. Sama átti við um þann tíma sem átti að nýta til að fullendurskoða framtölin, eins og það var kallað, áður en nýtt skattár gengi í garð.

Menntunarmál starfsmanna voru ofarlega í huga stjórnenda þar sem við álagningu opinberra gjalda á þeim tíma naut einskis stuðnings af tölvuvæddu regluprófunarumhverfi og var álagning því bæði flókin og vandasöm og þá sem nú voru tíðar breytingar á lögum og reglugerðum um skattamál. Má því með sanni segja að þeir sem fást við skattframkvæmd þurfi að vera margfróðir og með þokkalega menntun þegar þeir hefja störf sín og síðan sífelldur að kljást við að rifja upp og tileinka sér breytingar á lögum, reglugerðum og verklagsreglum. Einu möguleikarnir á

að efla kunnáttu starfsmanna í þá daga voru að byggja upp reynslu við dagleg störf þeirra innan skattstofanna.

Vandamálin blöstu alls staðar við. Launakerfi ríkisins var svo niðurnjörvað að engin leið var að hnika starfsmanni milli launaflokka nema um einn og einn flokk ef hægt var að tileinka honum eitthvert sérverkefni sem réttlætti það gagnvart öðrum starfsmönnum að hann væri hæfari til hærri launa. Menn hækkuðu aðeins í launum innan launaflokksins með því að endast lengur í starfi en ekki endilega vegna hæfileika. Á þessum tíma var um að ræða þrjá grunnlaunaflokka: Launaflokk B11 fyrir endurskoðendur með almenna menntun við launþega- og elli-lífeyrisþegaframtöl, launaflokk B15 fyrir endurskoðendur atvinnurekstrarframtala



Starfsmenn skatttrannsóknarstjóra á árinu 1995.

## Skólanefnd

Nefnd var skipuð á árinu 1975 sem í sátu fulltrúi ráðuneytisins, ríkisskattstjóra og skattstjóra til að setja fram hugmyndir um menntun starfsmanna skattkerfisins með skipulögðu námskeiðshaldi, eins konar skattaskóla. Í framhaldi af stofnun nefndarinnar sendi ríkisskattstjóri skattstjórum bréf 13. október 1975 þar sem kynntur var vilji fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra til að komið yrði á fót námskeiðskerfi til að mennta starfsmenn skattkerfisins. Hafinn yrði undirbúningur með tilliti til þess hversu víðtæk þessi námskeið þyrftu að vera og í hvaða formi. Þá var leitað eftir upplýsingum um starfssvið og menntun hvers starfsmanns og einnig þörf skattstjóra á fjölgun starfsmanna.

Ákveðið var í júlí 1976 að fulltrúi ráðuneytisins hefði samband við mig, sem rita þessa grein, til að falast eftir því að ég tæki að mér að koma á fót skattaskóla og skipuleggja námskeiðshald á vegum hans um haustið. Ég var þá staddur við framhaldsnám í opinberri stjórnsýslu í Bandaríkjunum og hafði skipulagt heimsóknir í lok náms til svæðisskrifstofu ríkisskattstjóraembættisins (IRS) í Cincinnati í Ohio og til höfuðstöðva IRS í Washington auk fylkisskattstofu fyrir Ohio ríkið í Columbus til að kynna mér starfsemi skattyfirvalda. Bætt var við dagskrána kynningu á því hvernig menntunarmálum starfsfólks þarlendrar skattyfirvalda væri háttað, sem reyndist að öllu leyti haldið innan kerfisins með skipulögðum námskeiðum.

## Undirbúningur

Við endurkomu til starfa á skattstofu Reykjanesumdæmis í september 1976 var tekin saman greinargerð dags. 26. september 1976 þar sem settar voru fram hugleiðingar og hugmyndir að námskeiðshaldi en engar ákveðnar tillögur um skipan námskeiðsins eða lengd þess. Í greinargerðinni voru sett fram þau atriði sem ætti að taka fyrir á námskeiðum sem myndu spanna að meira eða minna leyti allt það sem skattendurskoðandi ætti að hafa á valdi sínu. Skal það helsta nefnt; yfirsýn yfir skattalög, reglugerðir, verklags- og matsreglur og túlkun þeirra,

ásamt persónulegu framtali einstaklinga með atvinnurekstur. Þessir starfsmenn voru yfirleitt með próf frá verslunarskóla eða stúdentspróf með einhverja kunnáttu í bókfærslu. Síðan var launaflokkur B19 fyrir háskólamenntaða starfsmenn, viðskiptafræðinga og lögfræðinga.

## Fornámskeið

Umræðan komst á það stig í ársbyrjun 1975 að auglýsing birtist í dagblöðunum um nokkrar lausar stöður skattendurskoðenda til umsóknar við embætti skattstjóranna í Reykjavík og Hafnarfirði. Umsækjendum var boðið að sækja námskeið á tímabilinu 25. janúar til 1. febrúar síðdegis og taka próf að því loknu sem skæri úr um ráðningu til reynslu. Fjöldi umsókna barst og stóð greinarhöfundur, ásamt Bergi Guðnasyni lögfræðingi á Skattstofu Reykjavíkur, fyrir kennslunni. Ráðið var í nokkrar stöður úr hópi umsækjenda með hliðsjón af niðurstöðu prófanna. Fyrirhugað var framhaldsnámskeið að fjórum mánuðum liðnum en af því varð aldrei.

## Hugmyndir að námskeiðshaldi

Í umræðu milli ráðuneytisins, ríkisskattstjóra og skattstjóra á árunum 1974 og

1975 kom fram hugmynd um að ríkisskattstjóri beitti sér fyrir því að efnt yrði til skipulagðra námskeiða fyrir starfsfólk kerfisins. Ráðuneytið taldi sér stætt á því að standa að kerfisbundnum launahækkunum innan gildandi kjarasamninga til þeirra starfsmanna sem sæktu námskeiðin og stæðust þær prófkröfur sem settar væru. Lagði það til að boðið yrði upp á metnaðarfull námskeið sem lokið yrði með prófum sem sýndu raunverulega kunnáttu og getu starfsmanna á hverju stigi en ekki með sýndarprófi til að fá átyllu til að færa starfsmenn upp um launaflokka. Áform ráðuneytisins var að fá á skattstofunna starfsmenn með góða starfsmenntun sem greiða mætti „góð laun“ (eða betri laun) og hygðust ílengjast í starfi. Ríkisskattstjóri sá í þessu tækifæri til að stuðla að meiri og víðtækari þekkingu starfsmanna skattyfirvalda auk möguleika á að koma á virkari og samræmdari vinnutilhögun við framkvæmd á endurskoðun skattframtala og álagningu opinberra gjalda sem fór fram sjálfstætt á níu skattstofum, en það var eitt af hlutverkum embættisins samkvæmt lögum að hafa faglegt samræmingar- og eftirlitshlutverk með skattstjórunum.



lífeyrisútreikning framteljandans, samningu fyrirspurna- og tilkynningabréfa, ritun úrskurða og útreikning opinberra gjalda. Talið var upp í mörgum liðum og undirliðum verkvið skattendurskoðandans við yfirferð persónuframtala sem fjalla yrði um á námskeiðunum í formi raunhæfra verkefna, með fyrirlestrum og umræðum þátttakenda.

Takmarkið var að samræma kunnáttu starfsmanna og þar með samræma framkvæmd skattálagningar í öllum skattumdæmunum. Greinargerðin var hugsuð sem grunnur að umræðu milli skólanefndar og greinarhöfundar um framhald málsins en nefndarmenn töldu að með aðkomu minni væri hlutverki þeirra lokið og var nefndin aldrei kölluð saman, hvorki fyrr né síðar. Tengiliður minn við embættin og stuðningsmaður allan tímann var vararíkisskattstjóri, Ævar Ísberg. Ég fór svo í fullt starf hjá ríkisskattstjóraembættinu í nóvember sama ár til að skipuleggja og undirbúa námskeiðshaldið.

## Vandamálin

Vandamálin sem varð að leysa, áður en námskeiðin gætu orðið að veruleika, blöstu við þegar farið var að velta fyrir sér skipulagi námskeiðsins og efnistöðum á því til að uppfylla jafnt skilyrði ráðuneytisins og efna tilgang embættisins fyrir námskeiðshaldinu. Skólanefndin hafði verið svo bjartsýn í bréfi sínu til greinarhöfundar að telja að hefja mætti fyrsta námskeiðið strax um haustið 1976. Reyndin var sú að við útfærslu námskeiðsins þurfti að ýmsu að gæta. Málið var viðkvæmt milli hópa starfsmanna þannig að stefna þurfti að því að halda aðskilin námskeið, þó um sama námsefnið væri að ræða, varðandi persónuframtalið en allir skattendurskoðendurnir áttu að hafa sömu grunnkunnáttu til endurskoðunar á því. Ekki gat farið saman að hafa þessa skattendurskoðendahópa á sama námskeiðinu vegna þess að frammistaðan gaf rétt til mismunandi launaflokka. Þess vegna varð að haga yfirferð og námsefni þannig að það réttlætti mismunandi niðurstöðu launahækkana. Með öðrum orðum að námskeiðsefnið sem slíkt gæfi ekki sama launaflokkinn óháð því hvort viðkomandi væri með menntun úr grunnskóla eða framhaldsskóla eða bókhalddskunnáttu, þ.e. ynni við almenn framtöl eða atvinnurekstur.

Eftir á að hyggja gerði þetta námskeiðskerfið þyngra í vöfum en ástæða var til. Nógu erfitt var að koma því á fót og fylgja hugmyndunum eftir þótt ekki bættust við vandamál við að forðast samanburð milli

hópa varðandi launahækkarnir vegna sams konar grunnnáms við yfirferð persónuframtala. Þarna vógust á eðlileg þörf á því að auka færni starfsmanna og samræmt skipulag ríkisins við röðun í launaflokka.

Hugmyndin var að einbeita sér fyrst að skattendurskoðendum almennra framtala (launamanna- og ellilífeyrisþegaframtala) sem væru launaðir í grunnflokk B11 og því næst þeim sem ynnu með atvinnurekstrarframtöl í launaflokki B15. Síðan mætti gefa öðrum starfsmönnum skattkerfisins



## Námskeiðunum var ekki ætlað að koma í stað starfsþjálfunar á vinnustaðnum sjálfum heldur byggja fyrst og fremst á því að veita viðbót við áður fengna þekkingu og til upprifjunar á henni

kost á að sækja byrjendanámskeið, s.s. þeim sem störfuðu við sérhæfari störf, t.d. eingöngu við söluskatt eða álagningu tryggingagjalda og launaskatts. Sama átti við um annað almennt starfsfólk, þ.a.m. starfsfólk embættis ríkisskattstjóra. Það væri síðan yfirmanna að ákveða hvernig þeir nýttu kunnáttu starfsmanna við störf og framvindu þeirra eftir að hafa staðist próf. Þannig gætu þessir starfsmenn unnið sig upp í launum.

Gert var ráð fyrir að í framtíðinni yrði hver og einn sem ráðinn væri til endurskoðunarstarfa skyldaður til að taka þátt í a.m.k. einu námskeiði en réði framhaldinu sjálfur. Ekki var við því að búast að allir starfsmenn gætu eða myndu hafa áhuga á að taka öll námskeiðin. Ennfremur voru ljós viss vandamál eins og t.d. með starfsfólk úti á landi sem ekki ætti heimangengt í margar vikur eða þá sem ekki mundu treysta sér til að setjast á skólabekk, t.d. vegna aldurs.

Námskeiðin áttu að byggjast á því að starfsfólkið hefði fengið æskilega lágmarksstarfsreynslu á vinnustað áður en það hæfi þátttöku á námskeiðunum. Námskeiðunum var ekki ætlað að koma í stað starfsþjálfunar á vinnustaðnum sjálfum heldur byggja fyrst og fremst á því að veita viðbót við áður fengna þekkingu og til upprifjunar á henni. Það starfsfólk sem kæmi til með að sækja þessi námskeið yrði að eiga þess kost að fá nauðsynlega starfsreynslu á vinnustað sínum í samræmi við námsefni og námskröfur þess námskeiðs sem það kæmi til með að sækja.

Til að ná því markmiði ráðuneytisins að brúa launabilið var að lokum lagt upp með það að um þrjú námsstig yrði að ræða og innan hvers stigs yrðu tvö námskeið. Hækkun um tvo launaflokka fylgdi hverju námskeiði. Námsstig 2 var þó háð bókhalddskunnáttu og þar með framhald yfir á þriðja stig, sem ætlað var háskólammönnum. Seinna námskeið þriðja stigs var ætlað starfsmönnum við skattrannsóknir, en ekki lá fyrir ákvörðun um launahækkun af því tilefni.

Þótt meginmarkmiðið væri að veita almenna fræðslu og bæta þannig úr mismunandi undirbúningi starfsmanna til að valda störfum sínum var það menntun starfsmanna eða skortur á henni sem hafði engu að síður áhrif á röðun starfsmanna í launaflokka. Þátttaka starfsmanna í námskeiði gaf þeim þannig möguleika á hærri flokkun til launa án tillits til menntunar þeirra í skólakerfinu.

## Lokatillögur

Ítarleg greinargerð og tillaga um kerfisbundið námskeiðshald var dagsett 1. júlí 1977. Hún var kynnt og rædd á skattstjórarafundi á Laugarvatni í þeim mánuði. Skattstjórar voru almennt ánægðir með framtakið en lögðu lítið til málanna og umræður voru þannig nánast engar. Það helsta sem bar við var að einn skattstjóranna óttaðist að starfsmenn hans sem færu í gegnum öll stigin myndu vita meira en hann um skattamál.

Í tillögunum voru lagðar fram hugmyndir sem að framan hefur verið lýst um þrjú námsstig og á hverju námsstigi væru tvö námskeið sem þyrfti að ljúka. Hvert námskeið væri ákveðinn áfangi og starfsmaður sem lyki námskeiði með fullnægjandi árangri ætti að verða fær um að vinna tiltölulega sjálfstætt að viðeigandi verkefnum sem honum væru falin. Hann ætti einnig að geta verið öðru óvanara starfsfólki til leiðbeiningar á þjálfunartíma þess. Hvert námskeið ætti að standa yfir í fjórar vikur og fimmta vikan yrði upprifjun og próf. Hver kennslutími yrði 60 mínútur og 15 mínútna hlé eða alls

6 klukkustundir á dag, samtals 30 tímar með þrófum.

Hverju námskeiði og námsefni var ítarlega lýst í tillögnum. M.a. kom fram hugmynd, sem ekki komst til framkvæmda, að fengin yrðu að láni skattframtöl frá skattstofunum í Reykjavík og Hafnarfirði til að æfa sig á raunverulegum vandamálum. Próf að loknu námskeiði yrði tvískipt. Annars vegar yrði prófað í ýmsum atriðum í formi framtalsgerðar, þar sem reyndi á skilning þátttakenda á því sem fram hefði komið og hins vegar yrði prófað í „raunhæfum“ verkefnum við skattendurskoðun framtala þar sem þátttakendur hefðu við höndina öll gögn sem þeir höfðu jafnan tiltæk við endurskoðunarstörf sín.

Í lokaorðum tillögunar komu fram hugleiðingar um það að hver svo sem endanleg niðurstaða yrði um skipan þessara mála skyldi reikna með að það tæki töluverðan tíma að þróa námskeiðshaldið. Margir byrjunarörðugleikar myndu koma í ljós og vandamál sem ekki sjást fyrir koma upp. Ekkert eiginlegt námsefni lægi fyrir og kennarar eða leiðbeinendur hefðu ekki verið ráðnir. Á hinn bóginn mætti vonast til þess að þegar þetta yrði komið í gang þá gæti þetta námskeiðskerfi rúmað fleiri verkefni eins og til dæmis að efna til kynningarnámsstefna sem tækju 2-3 daga fyrir þá sem væru nýráðnir til starfa í skattkerfinu án tillits til þess hvaða störf þeir hefðu með höndum. Á slíkum fundi eða námskeiði færi fram kynning á starfsemi skattstofa, eyðublöðum og öðrum gögnum og upplýsingasöfnun, notkun upplýsinga og fleira þess háttar. Ennfremur yrði hægt að undirbúa og kalla til fundar þá starfsmenn sem fjölluðu um afmarkaða þætti skattstofustarfa til skrafs og ráðagerða, t.d. vegna laga- eða reglugerðabreytinga, og vinna þannig að betri samræmingu starfa á skattstofunum. Einnig var bent á að hafa ætti í huga hvaða möguleikar væru framundan á aukinni tölvuskráningu framtala, framtalsgagna og ytri samanburðagagna skattyfirvalda til sannpröfunar upplýsinga eða á vélrænum (rafrænum) útdrætti framtala til endurskoðunar samkvæmt fyrirfram götuðum, þ.e. skráðum, upplýsingum. Ekkert skorti á framtíðarsýnina í þá daga.

## Námsefni

Ekkert námsefni var til fyrir utan „Ýmsar starfsreglur og leiðbeiningar viðkomandi endurskoðun skattframtala“ sem embætti ríkisskattstjóra gaf árlega út fyrir starfsmenn kerfisins svo og ýmsar

verklagsreglur og „Leiðbeiningar við útfyllingu skattframtals“ sem embættið gaf árlega út til að auðvelda almenningi útfyllingu skattframtalsins. Fátt var um almennt leiðbeiningarbréf til skattstjóra um úrskurði ríkisskattanefndar (nú yfirskaftanefnd) eða að embættið hefði uppfyllt þá lagaskyldu sína að kynna skattstjórum úrskurði nefndarinnar sem almennt gildi hefðu. Ekki gafst tími til þess á þessum árum þar sem mikið álag var á embættinu við að kveða upp úrskurði í kærumálum. Það varð því hlutskipti greinarhöfundar, fyrir utan að skipuleggja námskeiðin, að útbúa öll verkefni sem lögð yrðu fyrir á námskeiðinu og tæpa á öllum þeim álítaefnum sem ástæða var til að láta koma fram í náminu. Einnig var ráðist í það að semja vísi að kennslubókum sem fjölluðu um framkvæmd skattalaga byggða á niðurstöðum úrskurða ríkisskattanefndar. Þá var alveg eftir að fá leiðbeinendur á þessi námskeið og þegar eftir því var leitað var enginn tilbúinn til þessa verks. Menn töldu sig óundirbúna og treystu sér því ekki.

Sigurbjörn, ríkisskattstjóri, og Ævar, vararíkisskattstjóri, héldu báðir erindi um skattkerfið og skattframtalshandlinga og Gunnar Jóhannsson, deildarstjóri hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra, leiðbeindi um tilkynningaskylduna og beitingu viðurlaga. Þá kom Guðmundur Gunnarsson starfsmaður skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra að námskeiðinu. Hann var kennaramenntaður og hafði starfað áður sem slíkur og var fenginn til að yfirfara prófurlausnir auk þess sem hann aðstoðaði á endurteknu námskeiði fyrra stigs. Sjálfur tók hann þátt í fyrra stigi námskeiðs í atvinnurekstri. Að öðru leyti varð greinarhöfundur að annast alla aðra fræðslu á námskeiðunum.

Greinarhöfundur stóð fyrir því að teknar voru saman fimm kennslubækur sem notaðar voru sem kennslu- og fræðsluefni á námskeiðunum og til afnota hjá starfsmönnum skattkerfisins almennt. Bókaflokkurinn fékk nafnið „Þættir um vandamál skattaframtalshandlinga“ og gekk undir nafninu vandamálabækurnar. Greinarhöfundur tók saman 1. og 3. hefti en Gunnar Jóhannsson skrifaði 2., 4. og 5. hefti. 1. hefti fjallaði um persónuframtal einstaklinga og 3. hefti fjallaði um atriði sem vörðuðu skattlagningu atvinnurekstrar einstaklinga þar með talið var stuttur kafli um álagningu aðstöðugjalds. 2. hefti fjallaði ítarlega um meðferð breytinga skattstjóra á framtölum, svokölluð 37. gr.

mál, sbr. nógildandi 95. gr., en 4. heftið fjallaði um beitingu viðurlaga eða álags samkvæmt þágildandi ákvæðum 47. gr. laga, sbr. 108. gr. nógildandi laga. Síðast kom út 5. heftið sem fjallaði ítarlega um framkvæmd álagningar aðstöðugjalds. Það gjald hefur verið lagt niður. Samtals var þetta lesefni upp á 475 blaðsíður.

Í formála 1. heftis kemur vel fram hver tilgangur útgáfu bókaflokksins var. Þar segir: „Þessi samantekt sem hér birtist er tilraun af minni hálfu til að setja saman námsefni sem er grundvöllur, eða öllu heldur beinagrind, til kennslu og leiðbeiningar á námskeiðum þeim sem haldin verða á vegum ríkisskattstjóraembættisins fyrir starfsfólk skattkerfisins.“ Þá segir að við samantektina á heftinu hafi verið höfð hliðsjón af „Starfsreglum 1977“ svo og „Leiðbeiningum við útfyllingu skattframtals 1977“. Þá er birtur fjöldi af úrskurðum frá ríkisskattanefnd (forvera yfirskaftanefndar) og nokkur bréf og verklagsreglur ríkisskattstjóra. Við val á úrskurðum segir að eftirfarandi hafi verið haft í huga:

1. Að þeir hafi túlkunargildi á framkvæmd skattlagningar.
2. Að þeir hafi upplýsingagildi, þ.e. séu til frekari skýringa og áréttingar á skattframtalshandlingum.
3. Að þeir hafi hliðsjónargildi.

Þá er bent á að margir úrskurðanna séu settir fram til umræðna á námskeiðunum þar sem það sé talið lærdómsríkt fyrir starfsfólkið að kynna annars vegar vandamálunum sem eru til úrlausnar og hins vegar meðferð þeirra hjá skattyfirvöldum og lokaniðurstöðu þeirra.

## Niðurstöður námskeiða

Til fyrsta námskeiðs var boðað 25. okt. 1976 fyrir það starfsfólk sem unnið hafði að endurskoðun almennra skattframtala og stóð það til 26. nóvember. Því lauk með prófi. Niðurstaða prófanna olli öllum sem komu að námskeiðunum vonbrigðum. Minnihluti þátttakenda stóðust prófkröfur með einkunnina 5,0 að lágmarki. Leituðu aðstandendur námskeiðsins skýringa á þessari niðurstöðu.

Í fyrstu greinargerð höfundar, sem minnst er á hér að framan, var sérstaklega bent á að skattstjórar hefðu lagt mismikla áherslu og misjafnt mat á einstaka liði framtals. Sumir skattstjóranna höfðu komið á verkaskiptingu og fært vandasamari úrlausnatriði til þeirra sem þeir treystu. Skattendurskoðendur voru þannig misjafnlega vel á vegi staddir í

leikni við að endurskoða til fullnustu almenn framtöl, t.d. skrifa svokölluð 37. gr. bréf (tilkynningabréf) og að kveða upp skriflega, rökstudda úrskurði. Í reynd hafði hver og einn skattstjóri skapað sér vinnulag á sinni skattstofu í samræmi við mönnun hennar. Það var því margt sem fram var borið á þessu námskeiði sem var í raun nýtt fyrir þátttakendur, þrátt fyrir langa starfsreynslu, og erfitt var að yfirvinna á þessu fyrsta námskeiði. Til viðbótar má bæta við að um var að ræða fullorðið starfsfólk sem var vant þeim vinnubrögðum sem það hafði komið sér upp í starfi og naut jafnan aðstoðar starfsfélaga þegar álitamál komu upp.

Í rauninni kom hér fram þverskurður á hæfni starfsfólksins á þessum tíma sem ekki ber að skoða sem gagnrýni á starfsfólkið sem vildi vinna vel og vann störf sín af þeirri vandvirkni sem hver og einn bjó yfir. Fundarhöld urðu um málið milli fulltrúa embættisins, ráðuneytisins og Samtaka skattstofufólks og forsvarsmanna SFR sem lögðu til að prófniðurstöður yrðu hafðar að engu en þátttakendur fengju allir kauphækkun fyrir þátttökuna enda margir hverjir með langa starfsreynslu. Viðhorf þetta er umhugsunarvert í ljósi þess að prófið hafði sýnt verulega brotalöm í hæfni þeirra starfsmanna sem trúað var fyrir almennri skattfræmð. Ákveðið var að kalla þá starfsmenn sem ekki stóðust prófkröfur aftur á námskeið í tvær vikur og fara betur yfir verkefnið og endurtaka prófin, jafnframt sem rætt var við hvern og einn um prófúrlausn hans. Tókst nú betur til þótt ekki næðu allir tilskyldu lágmarki. Nýtt námskeið var haldið á sama stigi sem gekk betur og síðan var haldið námskeið á fyrra stigi 2. stigs. Niðurstaða þess námskeiðs olli einnig miklum vonbrigðum eins og kemur fram í viðtali við einn þátttakandann hér á eftir.

## Viðtalið

Bjarghildur Sigurðardóttir sem starfaði í rúm þrjátíu ár á skattstofu Austurlands-umdæmis rifjaði upp þátttöku sína á fyrsta námskeiði fyrir endurskoðendur atvinnurekstrarframtala í fróðlegu viðtali sem birtist í Tíund í nóvember 1995 en þar segir hún:

„Ég man ekki til þess að ég, eða aðrir almennir starfsmenn á skattstofunni, hefðum mikil samskipti við starfsmenn á öðrum skattstofum eða starfsmenn ríkisskattstjóra fyrstu ár mín í starfi. Upp úr 1970 var þó komin umræða um nánari samskipti, m.a. í sambandi við laun starfs-

manna innan SFR og einnig að nánari kynni starfsfólks innan kerfisins væru nauðsynleg. Haustið 1974 var stofnuð deild skattstofufólks í húsakynnum ríkisskattstjóra og bauð fjármálaráðuneytið þátttakendum til hádegisverðar á Hótel Holti áður en fundur hófst. Af einhverjum ástæðum lenti ég í stjórn deildarinnar og þar sat ég þar til deildin sálaðist litlu eftir að skattaskólinn lagðist af.

Í raun var skattaskólinn hjá ríkisskattstjóra leið fjármálaráðuneytisins til að hækka laun þeirra sem unnu hjá skattkerfinu. Námskeið stóðu yfir samfellt í fimm vikur hjá ríkisskattstjóra og lauk með prófi sem leiddi til umtalsverðrar launahækkunar til þeirra sem náðu tilskilinni einkunn. Fyrsta námskeiðið var haldið á árinu 1976 og annað á árinu 1977, bæði í almennum skattframtölum. Ekki var mikil ánægja með útkomuna eftir þessi námskeið þar sem margir féllu á prófi. Ýmsu var kennt um, m.a. að prófverkefni væru of viðamikil til úrlausnar

byrjun árs 1979 og launahækkun yrði frá sama tíma og til þeirra sem stóðust próf 1978.“

Aðeins Bjarghildur og annar starfsmaður þáðu boð um að endurtaka námskeiðið og sagði hún allt hafa gengið að óskum í þetta sinnið.

## Lokaorð

Greinarhöfundur hvarf frá starfi hjá embættinu um stundarsakir í febrúar 1978 eftir að hafa farið yfir próf síðara námskeiðs ársins 1977. Námskeiðin héldu áfram undir stjórn Jóns Guðmundssonar. Þegar Jóni ásamt greinarhöfundi var falið að vinna að undirbúningi og framkvæmd skattkerfisbreytinganna 1979-1981, sem greint er frá í öðrum köflum þessa greinarflokks í Tíund, lögðust námskeiðin af en þó var haldið eitt námskeið undir stjórn Jóns haustið 1981. Um nokkurra ára skeið var ekki um skipulagt námskeiðshald að ræða. Í ársbyrjun 1987 var aftur farið af stað með námskeið fyrir starfs-



Frá skattstjórafundum 1991 í Borgartúni 6. Frá vinstri Ólafur Helgi Kjartansson, Kristján Gunnar Valdimarsson, Leifur Eysteinnsson, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, Kristján Össur Jónasson og Gunnar Rafn Einarsson.

innan þröngra tímamarka. Man ég ekki betur en að hafa, sem stjórnarmaður í deildinni, lent á fundi í fjármálaráðuneytinu ásamt fleirum vegna þessa. Í janúar 1978 var svo haldið fyrsta námskeiðið í rekstrarframtölum og á það fór ég. Kennð voru skattskil í atvinnurekstri og bókfærsla. Þegar úrlausnir prófsins lágu fyrir fór nú fyrst fyrir alvöru í verra. Af fimmtán sem sóttu námskeiðið náðu aðeins fimm prófinu en tíu féllu, þar á meðal ég. Alveg ferlegt fall í skattskilum, en mér til huggunar náði ég prófinu í bókfærslunni. Enn lenti ég á fundi út af þessari útkomu, en nú hjá ríkisskattstjóra. Varð það svo úr að þeim sem féllu var boðið til að endurtaka námskeiðið í

menn skattstofanna undir stjórn Skúla Eggerts Þórðarsonar. Ný námskeiðsnefnd var sett á fót til að móta þetta starf til nokkurrar framtíðar eða finna annað fast form í fræðslumálum embættisins eftir því sem tilefni var til. Starfsfræðslunámskeiðin, eins og þau voru nú kölluð, voru styttri og haldin í tvo eða þrjá daga í senn eða í viku. Þau miðuðu að því að veita þátttakendum innsýn í helstu störf sem á skattstofunum eru unnin. Þátttaka í námskeiði var ekki lengur tengd launahækkunum eða próftöku. Frá 1. október 1992 hafði Hrefna Einarisdóttir umsjón með námskeiðahaldinu. Greinarhöfundur kom þá aftur að einstökum námskeiðum sem leiðbeinandi og fyrirlesari.

# rsk.is

# Besti

# ríkisvefurinn



Á ráðstefnu sem haldin var 28. nóvember sl. á vegum innanríkisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skýrslutæknifélags Íslands var tilkynnt hvaða opinberu vefir stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga þættu bestir. Um er að ræða tvenns konar val, annars vegar úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga, og hins vegar eru veittar viðurkenningar fyrir bestu vefina að mati sérstakrar dómnefndar. Þetta er í fimmta sinn sem slíkt val á sér stað en viðurkenning hefur verið veitt annað hvert ár frá árinu 2005. Vefur ríkisskattstjóra, rsk.is, fékk hæstu einkunn í úttektinni og var jafnframt valinn besti ríkisvefurinn 2013.

## **Snjallvefurinn rsk.is**

Á 50 ára afmæli embættisins sem haldið var hátíðlegt þann 2. október 2012 var nýr upplýsingavefur ríkisskattstjóra, rsk.is, tekinn í notkun. Var þar um fjórðu útgáfu vefsins að ræða frá því hann var fyrst tekinn í notkun árið 1998. Miklar breytingar voru gerðar á vefnum og að mörgu leyti réttara að tala um nýjan vef fremur en nýja útgáfu. Mikil áhersla var lögð á aðgengismál. Nýi vefurinn var sérstaklega hannaður fyrir spjaldtölvur og snjallsíma og allt skipulag hans tók mið af því. Allt efni var endurhannað og því forgangsraðað með það að markmiði að gera þannig úr garði að það væri aðgengilegt og auðlesið, en lagatílvísanir voru t.a.m. teknar út úr almennum texta og hafðar sér. Að lokum má geta þess að leitarvélina var bætt en hún getur nú unnið með ólíkar beygingarmyndir orða.

## **Úttekt á opinberum vefjum**

Tilgangurinn með úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga er að fá heildstætt yfirlit yfir alla þá rafrænu þjónustu sem er í boði hjá ríki og sveitarfélögum, en á undanförunum árum hefur sú þjónusta vaxið töluvert. Svona úttektir auka einnig vitund opinberra aðila um það hvar þeir standa í samanburði við aðra og gefa betri hugmynd um möguleika og tækifæri sem felast í rafrænni þjónustu.

Hjá ríkisskattstjóra má segja að rafræn þjónusta við einstaklinga hafi byrjað árið 1999 með rafrænu skattframtali, en það ár skiluðu ríflega 19 þúsund manns framtali sínu rafrænt samanborið við 264 þúsund árið 2013. Á þessum árum hefur rafræn þjónusta embættisins aukist verulega, en í dag er t.a.m. boðið upp á rafræn skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi,

virðisaukaskattsskýrslu, ársreikningum, launamiðum ásamt mörgu fleira. Stöðugt er verið að vinna að og þróa lausnir sem einfalda viðskiptavinum ríkisskattstjóra að eiga samskipti við embættið.

Alls voru kannaðir 265 vefir í ár og mat lagt á þætti er snerta innihald, nytsemi, aðgengi fyrir fatlaða og þjónustu, en niðurstöður könnunarinnar eru mikilvægt tæki til að fylgjast með þróun opinberra vefja með tilliti til fyrrgreindra þátta. Fyrirtækið Sjá ehf. annaðist framkvæmd úttektarinnar á vefjunum samkvæmt fyrirfram ákveðnum gátlista. Á heildina litið má segja að niðurstöður hafi verið nokkuð jákvæðar sé horft til niðurstaðna úr fyrri könnunum. Heildarfjöldi stiga fer hækkandi og tók hann nokkuð gott stökk upp á við frá síðustu könnun árið 2011.

Upplýsingavefur ríkisskattstjóra, rsk.is, fékk hæstu einkunn í úttektinni en vefurinn



Einar Valur Kristinsson, Haraldur Hansson, Elín Alma Arthursdóttir, Jóhannes Jónsson, Ragnheiður Björnsdóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir báru hitann og þungann af gerð nýs þjónustuvefs ríkisskattstjóra. Þeim var ákaft fagnað af samstarfsmönnum sínum þegar niðurstaða dómnefndar lá fyrir.

fékk í heildina 98 stig af 100 mögulegum, þar af fullt hús stiga í þremur af fyrrgreindum fjórum flokkum.

Þess má geta að rsk.is var í 22. sæti síðast þegar úttektin fór fram árið 2011 með 81 stig.

### Besti ríkisvefurinn 2013 - niðurstaða dómnefndar

Eins og undanfarin ár voru jafnframt veittar viðurkenningar fyrir besta ríkisvefinn og besta sveitarfélagsvefinn. Þeir fimm vefir sem fengu flest stig í úttektinni voru lagðir fyrir sérstaka dómnefnd (án upplýsinga um niðurstöður stiga) sem lagði mat á hvaða vefir skyldu hljóta viðurkenningu að þessu sinni. Dómnefndin

hafði frjálstar hendur við að meta þá þætti sem réðu úrslitum en sérstök áhersla var lögð á viðmót og notendaupplifun.

Dómnefndina skipuðu þau Marta Lárusdóttir lektor í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur í viðmótshönnun, Rakel Pálsdóttir forstöðumaður almannatengsla hjá Samtökum iðnaðarins og Sigurjón Ólafsson ráðgjafi hjá Funksjón vefráðgjöf. Niðurstaða dómnefndarinnar var á þá leið að vefur ríkisskattstjóra þætti bestur en í umsögn dómnefndar sagði:

„Vefurinn er uppbyggður á skipulegan hátt og tekist hefur að setja fram gríðarlega mikið magn flókinna upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt. Leitarvélina

virkar vel og gerir upplýsingaleit auðveld. Útlit vefsins er stílhreint, hann hefur rólegt yfirbragð og þægilegt viðmót“


Vefur Reykjavíkurborgar hlaut viðurkenninguna besta sveitarfélagsvefurinn.

### Að lokum

Strax við opnun vefsins varð gríðarleg fjölgun á heimsóknnum inn á hann, en þeim fjölgaði um 85% milli mánaða, úr 65 þúsund í 118 þúsund á mánuði. Það er þó athygliverðara að eftir þetta stökk við opnun nýja vefsins fjölgaði heimsóknnum á hann áfram, fóru úr 118 þúsund heimsóknnum í 145 þúsund, sem er hækkun um 22%. Heimsóknnum á vefinn með spjaldtölvum og snjallsímum fjölgaði á sama tíma um 340%.

Það má með sanni segja að nýi vefurinn sem tekinn var í notkun fyrir rúmu ári síðan hafi því slegið rækilega í gegn. Hann fær fullt hús stiga í úttektinni þegar kemur að innihaldi, nytsemi og aðgengi fyrir fatlaða, og vel hefur tekist til við að koma gríðarlega miklu magni flókinna upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt. En slíkt er ekki einfalt og byggir á mikilli vinnu fjölmargra starfsmanna ríkisskattstjóra, sem og Hugsmiðjunnar hvað varðar þætti er lúta að forritun og hönnun vefsins. Viðurkenning sem þessi hvetur enn frekar embætti ríkisskattstjóra til áframhaldandi þróunar á sviði rafrænnar þjónustu.

Hvað er spurnið í opinbera vefi 2013?



JJ

# Rýnt í samspil tekna, eigna og skulda einstaklinga



**Páll Kolbeins**  
rekstrarhagfræðingur sér um  
birtingu og vinnslu skattatölfraði  
á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu  
tölfraðilegra upplýsinga til  
birtingar í Tíund.

Efnahagur þorra landsmanna lýtur vel þekktum lögmálum. Fólk aflar tekna, ríkið tekur sinn skerf af tekjunum í formi skatta og því sem eftir stendur er varið til kaupa á nauðþurftum, það lagt til hliðar eða varið til fjárfestingar sem mun, ef allt gengur að óskum, verða til þess að auka tekjur í framtíðinni. Með nokkurri einföldun má því segja að eignir á hverjum tíma ráðist af tekjum að frádregnum sköttum, neyslu og afborgunum af skuldum, sem varið hefur verið til kaupa á eignum. Við þetta má svo bæta sparnaði fyrri ára og fé sem tekið hefur verið að láni eða fengið í arð.

Eignir landsmanna samanstanda af fasteignum, bifreiðum, innstæðum í bönkum og verðbréfum. Fasteignir eru skráðar á skattframtal á fasteignamatsverði og hlutabréf á nafnverði. Hér er því ekki um markaðsverð að ræða. Flestir sem stofnað hafa til heimilis hafa fest kaup á íbúð og því er bróðurpartur eigna einstaklinga bundinn í íbúðarhúsnæði. Í árslok 2012 var íbúðarhúsnæði um 69,4% af

það er ekki ofsagt að landsmenn megi muna tímana tvenna. Á tíunda áratugnum ríkti hér framfaraskeið með jöfnum og stöðugum vexti tekna og eigna. Eftir að kraftar fjármálaheimsins voru leystir úr læðingi hófst hér uppgangs- og þensluskeið sem náði hámarki á árunum 2006 og 2007. Eignir jukust hraðar en tekjur og skuldir hraðar en eignir. Margt í íslensku samfélagi breyttist þegar landið var opnað fyrir alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Eins og þekkt er endaði þetta ævintýri með ósköpum sem leiddi mikla erfiðleika yfir landið. Þó að land og þjóð séu vissulega enn að leysa úr erfiðum málum sem má rekja til þeirra umskipta sem hér urðu á sínum tíma eru engu að síður ákveðin teikn um að nú horfi til betri vegar.

eignum einstaklinga í landinu. Fasteignamat ríkisins metur fasteignir landsmanna óséðar og tekur mið af markaðsaðstæðum sem ráðast af kaup- og söluverði samþærilegra eigna. Viðskipti með lítið brot fasteigna í landinu geta því haft mikil áhrif á samanlagðar eignir landsmanna. Í þessu mati er ekki hægt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa áhrif á markaðsverð einstakra íbúða, s.s. ástands eigna. Það er því augljóst að umtalsverður munur getur

”

Það má ætla að botninum hafi verið náð árið 2010 og að nú sé að taka við endurreisnarskeið þegar tekjur, eignir og skuldir leita aftur nýs jafnvægis

verið á fasteignamati og markaðsvirði. Aðrar eignir eru ökutæki, sumarbústaðir, íbúðarhúsnæði til útleigu og verðbréf, hlutabréf í fyrirtækjum og skuldabréf, sem og innstæður í bönkum, eða eignir sem væntingar standa til að beri ávöxt í framtíðinni. Hlutabréf eru skráð á nafnverði. Raunverulegt markaðsverð bréfananna kann hins vegar að vera allt annað. Hér er oft um vonarpening að ræða, menn að kaupa hlut í hagnaði ókominna ára eða tekjum

sem rekstrareignir fyrirtækisins skapa. Eignir sem ekki skapa tekjur eða standa ekki undir sér eru oft lítills eða jafnvel einskis virði, kvarnarsteinn um háls eigenda. Það þarf að greiða af þeim skatta og gjöld. Viðhald og endurbætur geta kallað á endalaus fjárútlát. Skattstofn auðlegðarskatts er talinn gefa betri mynd af þeim verðmætum sem felast í rekstrareignum, en hann byggir á útreiknuðu skattalegu eigin fé fyrirtækisins sem hluturinn er í, en reksturinn er þá í reynd ekki metinn. Það er því ljóst að markaðsverð eigna þeirra sem eiga hlutabréf getur verið umtalsvert hærra en nafnverð hlutabréfananna sem eru talin fram á skattframtali.

## Tekjur, eignir og skuldir

Þróun tekna, eigna og skulda á síðustu tuttugu árum er um margt áhugaverð. Þá er tímabilið frá miðjum fyrsta áratugnum og fram til dagsins í dag sérlega áhugavert en það var einmitt á þessum tíma sem umsvif alþjóðlegrar fjármála- og lána-starfsemi voru einna mest hér á landi. Blómaskeið þessa atvinnuvegar tók svo óvæntan enda undir lok fyrsta áratugarins með afleiðingum sem ekki sér enn fyrir endann á. Eftir því sem lengra líður frá þessum merkilegu atburðum í sögu landsins skýrist myndin. Það má segja að 10. áratugurinn einkennist af mikilli grósku, stöðugum og jöfnum vexti tekna, eigna og skulda. Þessir þættir héldust þó að mestu í hendur allan áratuginn. Upp úr aldamótum tók við uppsveifla eða þensluskeið sem á sér sennilega ekki fordæmi í sögunni. Um miðjan fyrsta áratuginn fóru skuldir að aukast mun hraðar en eignir og eignir hraðar en tekjur og samband tekna, eigna og skulda tók að riðlast. Eftir þau

umskipti sem hér urðu á haustdögum árið 2008 hrundi raungildi tekna og eigna á sama tíma og skuldir héldu verðgildi sínu eða hækkuðu. Það má ætla að botninum hafi verið náð árið 2010 og að nú sé að taka við endurreisnarskeið þegar tekjur, eignir og skuldir leita aftur nýs jafnvægis.


## Gróskutíð

Árið 1992 voru tekjur landsmanna 576,8 milljarðar. Þeir áttu þá eignir sem metnar voru á 1.773,4 milljarða en þar af voru 543,9 milljarðar í skuld. Skuldarnar voru því um 94,3% af tekjum og um 30,7% af eignum var í skuld. Raunvirði tekna, eigna og skulda jókst jöfnum skrefum fram til ársins 2004. Þá voru tekjur landsmanna 1.077,9 milljarðar, þeir áttu eignir sem voru metnar á 3.242,4 milljarða og skuldir á móti eignum voru orðnar 1.273,6 milljarðar. Tekjur höfðu aukist um 501 milljarð, eða 86,9%, eignir um 1.469 milljarða, eða 82,8%, og skuldir um 729,7 milljarða, eða 134,1%. Þrátt fyrir að skuldir hafi aukist talsvert hraðar en tekjur og eignir á þessum tíma jukust eignir þó mun meira en skuldir. Eigið fé landsmanna jókst því frá ári til árs, samtals um tæpa 739,3 milljarða, eða 60,1%. Árið 2004 voru skuldir landsmanna orðnar 18,2% hærri en tekjurnar og um 39,3% af eignum voru í skuld.

Ekki er hægt að segja að veruleg breyting hafi orðið á sambandi tekna, skulda og eigna á þessu tímabili, sérstaklega ef horft er til árána 1992 til 2004. Á þeim árum voru skuldir landsmanna að jafnaði um 6,3% hærri en tekjur, og eignir voru u.þ.b. 2,9 sinnum hærri en tekjur. Tekjur voru um 34,6% af eignum, og 2,7 sinnum hærri en skuldir. Um 38,6% eigna var í skuld. Þó að tekjur, eignir og skuldir hafi vaxið mikið í þessari gróskutíð og skuldir vissulega aukist meira en tekjur og eignir þá hélst aukning skulda þó nokkurn veginn í hendur við tekjur og eignir. Í rúman áratug er ekki hægt að tala um verulegt frávik frá meðaltali árána 1992 til 2004.

### Þróun eignamarka

Eins og gefur að skilja er eignum og skuldum ekki jafnt skipt á milli landsmanna. Ef fjölskyldum er raðað í vaxandi röð eftir eignum sést að um helmingur fjölskyldna taldi fram minna en 8.394 þús. kr. í eignir árið 1992. Hér eru eignir á verðlagi í lok árs 2012. Þetta var miðgildi




eigna á þessum tíma. Fjórðungur fjölskyldna átti meira en 18.535 þús. kr., einn tíundi átti meira en 30.779 þús. kr., fimm prósent fjölskyldna áttu meira en 40.926 þús. kr. og loks átti sá hundraðshluti sem átti mestar eignir 73.561 þús. kr. eða meira. Árið 2004 höfðu þessi eignamörk hækkað um 63,1%, 54%, 53,3%, 47,2% og 56,7%. Eignir höfðu almennt aukist á þessum tíma og dregið hafði saman með þeim sem voru við miðgildi og þess eina hundraðshluta sem var bestum eignum búinn.


Hér er mikilvægt að hafa í huga að fjölskyldur eru hér skilgreindar sem allir sem skila eignasíðu með skattframtali en ekki sem fjölskyldur í eiginlegri merkingu þess orðs. Hjón og samskattaðir sambúðaraðilar telja fram tekjur og eignir saman og skila sameiginlegri eignasíðu með skattframtali. 16 ára unglingsbarn sem býr í foreldrahúsum er sjálfstæð fjölskylda í þessum skilningi.

Þá er einnig rétt að taka fram að skattar framteljenda sem hafa dvalið í útlöndum og aflað þar tekna hluta úr ári


### Skuldir sem hlutfall af tekjum



### Skuldir sem hlutfall af eignum



### Tekjur sem hlutfall af eignum



Á meðan tekjur, eignir og skuldir uxu með svipuðum hraða hélt hlutfall skulda af tekjum og eignum til þess að gera óbreytt í kringum meðaltal árána 1992 til 2004. Í byrjun fyrsta áratugarins fóru skuldir að aukast hraðar en tekjur og eignir. Eignaverð hækkaði mikið á þessum tíma en engu að síður hækkuðu skuldarnar hraðar. Þrátt fyrir að tekjur hækkuðu ár frá ári dugði það ekki til. Skuldarnar uxu mun hraðar. Eftir að bankakerfið ríðaði til falls hrundi raungildi tekna á sama tíma og skuldir héldu verðgildi sínu eða hækkuðu. Skuldir voru að jafnaði tæplega tíu prósentum hærri en tekjur á 10. áratuginum en árið 2010 voru þær nær helmingi hærri en tekjurnar.

eru handreiknaðir af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Skattstofn þessara gjaldenda er uppreiknaður miðað við dvalartíma og skatturinn síðan hlutfallaður aftur miðað við dvalartíma í landinu. Skattur þessara framteljenda er því reiknaður af tilbúnum skattstofni sem er ekki sambærilegur við skattstofna annarra framteljenda. Þessum framteljendum er því sleppt í staðtölum sem byggja á upplýsingum úr skattframtölum.

### Tekjur

Tekjur eignahópanna jukust eins og eignamörkin á árabílinu frá 1992 til 2004. Fram til ársins 2004 hækkuðu tekjur einstaklinga almennt. Tekjur þess helmingis fjölskyldna sem átti minnstar eignir árið 2004 voru 70,7% hærri en tekjur sambærilegs eignahóps árið 1992. Tekjur þess hluta sem stóð á milli miðgildis og efri fjórðungsmarka hækkuðu um 67,5%. Tekjur þeirra sem voru yfir miðgildi en náðu ekki eignamestu tíundinni hækkuðu um 81,2% og tekjur þeirra tíu prósentu sem áttu mestar eignir hækkuðu um 141,3%. Það eina prósent sem átti mestar eignir var með 299,2% hærri tekjur árið 2004 en sambærilegur hópur hafði haft árið 1992. Með vexti fjármagnstekna höfðu tekjur eignafólks því aukist hraðar en annarra.

Hluttur þeirra í heildartekjum sem áttu minnstar eignir hafði rýrnað nokkuð á þessum tíma og var nú 25,8% af heildartekjum í landinu. Þeir sem voru yfir tíundarmörkum höfðu hins vegar aukið sinn skerf og voru nú með 26,8% tekna, en þar af var 7,5% hluttur þess hundraðshluta sem átti mestar eignir. Tekjur landsmanna höfðu hækkað um 501 milljarð en þar af voru 169,4 milljarðar tekjuaukning hjá þeim tíu prósentum sem áttu mestar eignir. Þeir allra ríkustu voru nú með 60,3 milljörðum hærri tekjur en ríkasti hundraðshluti fjölskyldna hafði haft árið 1992.

### Eignir

Eignir jukust eins og eignamörkin. Árið 1992 átti eignaminnsti hópurinn eignir sem metnar voru á tæpa 103,6 milljarða, sem var 5,8% af eignum landsmanna. Eignir þeirra tíu prósentu sem mest áttu voru metnar á 703,8 milljarða sem var 39,7% eigna í landinu, en þar af voru 169,6 milljarðar eignir þess hundraðshluta sem átti mestar eignir. Þetta voru þá 9,6% eigna landsmanna.

Árið 2004 höfðu eignir hlutfallshópanna vaxið um 68,4%, 83,8%, 81% og 85,6%. Eignir þess hundraðshluta sem átti mestar eignir árið 2004 voru um 117,2%



hærri en eignir sambærilegs hóps árið 1992. Á þessum tíma hafði ekki orðið veruleg breyting á því hvernig eignir dreifðust í landinu, þó hafði eignamyndunin orðið meiri í efri eignaþrepunum. Þeir sem áttu minnst áttu þá 5,4% eigna og hlutur þeirra tíu prósentu sem átti mestar eignir hafði hækkað í 40,3%. Ríkasti hundradshlutinn átti nú 11,4% eigna í landinu.

Á þessum tíma höfðu eignir landsmanna aukist um 1.469 milljarða. Tæplega fimm prósent af þessari eignahækkun, eða 4,8%, voru vegna eignaaúkningar í lægri helmingi eignastigans, og 41% var hækkun hjá þeim tíu prósentum sem voru efstir í eignastiganum. Þá var um 54,2% eignaaúkning í þeim hópi sem raðaði sér á milli miðgildis og tíundar. Sennilega hefur hér ráðið nokkru að fasteignaverð hækkaði mikið á þessum árum og því skilur á milli þeirra sem áttu fasteign og þeirra sem ekki voru búnir að fjárfesta í íbúðarhúsnæði.

## Skuldir

Sem fyrr segir jukust skuldir landsmanna hraðar en eignir á tímabili jafns og stöðugs vaxtar, þ.e. á árabílinu 1992 til 2004. Árið 1992 skuldaði sá helmingur sem átti minnstar eignir rúma 82,7 milljarða, sem var þá um 79,8% af eignum og 50,8% af tekjum. Sá fjórðungur sem stóð á milli miðgildis og efri fjórðungsmarku skuldaði rúma 212,3 milljarða, sem voru 45,2% af eignum en 130% af tekjum. Skuldirnar voru tæpum þriðjung hærri en tekjurnar. Þeir sem stóðu á milli efri fjórðungsmarku og tíundar skulduðu samtals 141,9 milljarða, sem voru 28,6% af eignum og 108,3% af tekjum. Loks skulduðu þau tíu prósent sem áttu mestar eignir 107,1 milljarð en þar af skuldaði ríkasti hundradshlutinn á þeim tíma 12 milljarða. Skuldir tíundarhópsins voru 15,2% af eignum og 89,3% af tekjum.

Sá helmingur sem átti minnst skuldaði 15,2% heildarskulda landsmanna. Þeir sem voru á milli miðgildis og efri tíundar skulduðu 39% heildarskulda landsmanna á þessum tíma, og þeir sem voru á milli fjórðungsmarku og tíundar skulduðu 26,1% heildarskulda landsmanna. Sá hópur sem átti mestar eignir skar sig þó nokkuð úr. Tíundin sem átti mestar eignir skuldaði 19,7% skulda landsmanna en þar af skuldaði efnaðasti hundradshlutinn 2,2%.

Skuldir þess helmings fjölskyldna sem átti minnstar eignir árið 2004 voru 72,6% hærri en skuldir sambærilegs eignahóps árið 1992. Skuldir þess hluta sem stóð á milli efra miðgildis og efri fjórðungsmarku höfðu hækkað um 132,6%, skuldir þeirra

sem voru á milli efri fjórðungsmarku og tíundar í eignastiganum hækkuðu um 153% og skuldir ríkustu tíundar hækkuðu um 159,7%. Sá hundradshluti sem átti mestar eignir skuldaði nú 214,7% meira en árið 1992. Skuldir jukust þannig meira á þessum tíma hjá þeim hópum sem áttu mestar eignir. Nú voru 23,4% skuldaaúkningarinnar á þessum tíma hjá þeirri tíund fjölskyldna sem átti mestar eignir og 8,2% hjá þeim helmingi sem átti minnstar eignir.

Árið 2004 voru skuldir hópsins sem átti minnstar eignir um 51,4% af tekjum hópsins og 81,8% af eignum. Skuldir hópsins sem stóð fyrir ofan miðgildi voru 180,6% af tekjum og 57,2% af eignum. Hópurinn sem var fyrir ofan fjórðungs-



## Skuldir hækkuðu almennt á þessum tíma sem hlutfall af tekjum og eignum nema hjá efnaðasta hópnum

mörk en undir tíundarmörkum skuldaði 151,1% af tekjum og 39,9% af eignum. Efsta tíund skuldaði 96,1% af tekjum og 21,3% af eignum. Tekjuhæsti hundradshlutinn skuldaði 47% af tekjum og 39,3% af eignum. Skuldir hækkuðu almennt á þessum tíma sem hlutfall af tekjum og eignum nema hjá efnaðasta hópnum. Skuldir hans jukust vissulega sem hlutfall af eignum en þær lækkuðu sem hlutfall af tekjum. Augljóslega hafa einhverjir skipað sér í þennan hóp sem áttu miklar eignir í verðbréfum sem keypt voru fyrir lánsfé.

Skuldir landsmanna hækkuðu samtals um 729,7 milljarða frá árinu 1992 til 2004. Þar af jukust skuldir þess helmings sem átti minnstar eignir um 60 milljarða en skuldir þeirra sem voru fyrir ofan miðgildi jukust um 281,6 milljarða. Skuldir þeirra sem voru á milli efri fjórðungsmarku og miðgildis jukust um 217 milljarða og skuldir efnuðustu tíundarinnar um 171 milljarð. Skuldirnar hafa því að mestu aukist hjá þeim sem voru á milli miðgildis og tíundar en um 68,3% skuldaaúkningarinnar var hjá þessu fólki á þessu tímabili. Þetta eru 40% fjölskyldna.

## Uppgangur og þensla

Löngum hefur bróðurpartur eigna og skulda landsmanna verið tengdur kaupum á íbúðarhúsnæði. Menn hafa alltaf orðið að eiga umtalsvert lausafé til að leggja fram sem tryggingu áður en húsnæði var keypt, afla tekna og leggja fyrir í nokkur ár. Árið 2004 var farið að bjóða einstaklingum hagstæð lán til kaupa á íbúðarhúsnæði á lægri vöxtum og til lengri tíma en fyrr. Engu að síður varð dýrara að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Auðfengin lán og lægri vextir leiddu til þess að fasteignaverð hækkaði. Þetta var fyrirséð. Það má ætla að verð á húsnæði ráðist ekki síður af mánaðarlegri greiðslu en fasteignamat. Veðhæfi og auður einstaklinga jókst. Auðveldara var að taka lán, stækka við sig eða fjárfesta. Menn geta slegið lán út á eignir sem hafa hækkað í verði og menn þurfa að slá lán til að kaupa eignir sem hafa hækkað í verði. Matsverð eigna jókst meira en tekjurnar og skuldir meira en eignirnar.

Sparnaður dugði þá skammt til að brúa bilið á milli eigna og skulda þegar fasteignaverð hækkaði um milljónir á hverju ári, mun meira en laun og mun meira en það sem mörgum tókst að leggja fyrir. En það kom ekki að sök því slakað var á kröfum um eigið fé og veðhæfi einstaklinga. Boðin voru lán fyrir öllu kaupverðinu og aðeins stimpilgjöld og lántökukostnaður settu þeim skorður sem höfðu á annað borð einsett sér að kaupa. Margir létu slag standa og steypu sér í miklar skuldir til að koma sér upp heimili.

Það er ekki ólíklegt að eftir langvarandi hagvaxtarskeið búist margir við áframhaldandi velgengni og að hugmyndin um afturkipt verði fjarlæg. Það er sagt að það taki tvo áratugi að gleyma kreppu. Þá eru nýir menn komnir til áhrifa sem endurtaka mistök fyrirrennara sinna. Fólki sem reiknar með því að laun hækki eins og þau hafa gert óslitið í gegnum tíðina er frekar tilbúið til að tefla djarft í þeirri von að allt horfi til betri vegar og að framtíðin beri í skauti sér nýjar lausnir, hærri tekjur og bætt lífskjör. Slíkar væntingar brustu vitanlega þegar atvinna þvarr, tekjur lækkuðu og kaupmáttur krónunnar hrundi á sama tíma og söluverð eigna lækkaði.

Tekjur og eignir landsmanna náðu hámarki árið 2007. Þá var raunvirði tekna 1.495,1 milljarður og eigna 4.824,1 milljarður. Umtalsverður hluti tekna var þá tekjur af eignum. Tekjur landsmanna

höfðu aukist um 38,7% að raunvirði og eignir um 48,8% á þremur árum. Skuldarnar stóðu í 1.924,1 milljarði og höfðu aukist um 51,1%. Skuldarnar voru þá 28,7% hærri en tekjurnar og 39,9% eignar var í skuld. Engu að síður höfðu eignir aftur aukist meira en helmingi meira en skuldarnar á þessum tíma, eða um 1.581,8 milljarða. Skuldir höfðu aukist um 650,4 milljarða. Eigið fé jókst því um 931,3 milljarða eða 26%.

## Þróun eignamarka

Þróun eignamarka á árunum 2004 til 2007 er um margt áhugaverð. Nokkuð dró í sundur með eignahópunum á þessum uppgangsrúmum. Í árslok 2007 átti helmingur fjölskyldna minna en 14.569 þús. kr., fjórðungur átti meira en 37.744 þús. kr., tíu prósent áttu meira en 65.027 þús. kr. og fimm prósent áttu meira en 85.223 þús. kr. Ríkasti hundraðshlutinn átti meira en 173.187 þús. kr. Eignamörk sem afmörkuðu eignahópana höfðu hækkað um 6,4%, 32,2%, 37,8%, 41,5%, og 50,2%. Það hafði því dregið í sundur. Eignir höfðu almennt aukist á þessum tíma en nokkuð hafði dregið sundur með þeim sem voru við miðgildi og þess eina hundraðshluta sem var bestum efnunum búinn.

## Tekjur

Tekjur eignahópanna jukust eins og eignir og skuldir á árunum 2004 til 2007. Sá helmingur fjölskyldna sem átti minnstar eignir árið 2007 var með 19,3% hærri tekjur en sambærilegur eignahópur hafði verið með árið 2004. Hann var þá með 22,1% tekna í landinu, miðað við 28,6% árið 2004. Tekjur þess hluta sem stóð á milli miðgildis og fjórðungsmarka voru 16,8% hærri á þessum tíma en árið 2004. Tekjur hópsins sem var fyrir ofan fjórðungsmörk en undir tíundarmörkum höfðu hækkað um 24,8%, og tekjur þeirra tíu prósentu sem átti mestar eignir höfðu hækkað um 89,5%. Hluttur þessa hóps í heildartekjum hafði hækkað úr 26,8% í 36,7%. Tekjur ríkasta hundraðshlutans höfðu aukist um 201,1% en nú var hluttur þessa eignahóps í heildartekjum búinn að hækka úr 7,5% í 16,2%. Þótt tekjur annarra hópa hafi einnig aukist mikið á þessum tíma þá hafði hluttur þeirra í heildartekjum í landinu skiljanlega dregist nokkuð saman.

Það er mikilvægt að hafa í huga að hér er verið að tala um tölfræðilega flokka en ekki ákveðna einstaklinga. Það er alls ekki svo að tekjur þeirra fjölskyldna sem áttu mestar eignir árið 2004 hafi aukist um

201,1% á meðan tekjur annarra hækkuðu minna. Hluti þeirra sem töldust til ríkustu manna í landinu árið 2004 voru gengnir á vit feðra sinna árið 2007 og öfluðu því engra tekna, alla vega ekki hér á landi. Aðrir sem tilheyrðu öðrum tekjuhópum árið 2004 höfðu skipað sér í hóp þeirra allra auðugustu árið 2007. Eins og þekkt er orðið höfðu sumir mjög greiðan aðgang að lánsfé á þessum tíma. Skuldir hóps eignamanna náðu áður óþekktum hæðum þegar lán voru tekin fyrir kaupum á verðbréfum. Þá fjölgaði eignarhaldsfélögum, sem mörg voru lítið annað en verðbréfasöfn í eigu einstaklinga, mikið á þessum árum. Tekjur landsmanna jukust um 417,3 milljarða á tímabilinu en um 38,8% tekjuaukningarinna var hjá því eina prósentu sem átti mestar eignir.



**Skuldir einstaklinga jukust um 51,1% frá árslokum 2004 til ársloka 2007.**

**Nú er áhugavert að skuldir þeirra sem mest áttu jukust mun meira en hinna sem áttu minna**

## Eignir

Árið 2007 höfðu eignir þeirra fjölskyldna sem áttu minnstar eignir rýrnað nokkuð, eða um 16%. Eignir hópsins sem var milli miðgildis og efri fjórðungsmarka höfðu aukist um 37,6%, eignir þeirra sem voru fyrir ofan fjórðungsmörk en undir tíundarmörkum höfðu hækkað um 46,7%, og eignir þeirrar tíundar sem var fyrir ofan fjórðungsmörk höfðu aukist um 66,2%. Eignir efnasta hundraðshlutans voru um 93,2% hærri en eignir sambærilegs hóps höfðu verið árið 2004. Nú hafði orðið talsverð breyting á skiptingu eigna og kemur helst tvennt til. Annars vegar höfðu fasteignir haldið áfram að hækka í verði og hins vegar hafði verðbréfaeign aukist. Þeir sem áttu minnst áttu nú þrjú prósent eigna í landinu. Þau tíu prósent sem áttu mestar eignir áttu 45% allra eigna sem voru taldar fram, en þar af átti allra ríkasta fólkið um 14,8%. Hluttur

efnuðustu tíundar fjölskyldna í heildareignum hafði farið úr 39,7% í upphafi tíunda áratugarins í 45%. Hluttur ríkasta hundraðshlutans í heildareignum var 5,2 prósentustigum hærri en í byrjun tíunda áratugarins, hafði farið úr 9,6% í 14,8%.

Á tímabilinu frá 2004 til 2007 jukust eignir landsmanna um 1.581,8 milljarða. Á þessum tíma rýrnaðu eignir í lægri helmingi eignastigans hins vegar um 27,9 milljarða, eða 16%. Þetta er mjög athyglisvert og bendir til þess að einhver breyting hafi orðið á hópnum sem skipaði þetta bil. Hins vegar var 47,1% eignaukningarinna hjá hópnum sem var á milli miðgildis og tíundarmarka, en þriðjungur var hjá þeim tíundahluta fjölskyldna sem átti mestar eignir. Um fimmtungur eignaukningarinna, eða 21,7%, var hjá þeim allra ríkustu.

## Skuldir

Skuldir landsmanna jukust mikið á tímabilinu 2004 til 2007. Sá helmingur sem átti minnstar eignir skuldaði tæpa 142,7 milljarða árið 2004, sem var þá um 51,4% af tekjum og 81,8% af eignum. Þeir sem voru mitt á milli miðgildis og efri fjórðungsmarka skulduðu 494 milljarða, sem var 180,6% af tekjum og 57,2% af eignum. Þá skulduðu þeir sem voru mitt á milli efri fjórðungsmarka og tíundar 358,9 milljarða, sem var 151,1% af tekjum og 39,9% af eignum. Þau tíu prósent sem mest áttu skulduðu 278,1 milljarð, sem var 96,1% af tekjum og 21,3% af eignum. Efnasta hundraðshluti hjóna á þeim tíma skuldaði 37,8 milljarða, sem var 47% af tekjum og 10,3% af eignum.

Skuldir dreifðust þannig að 11,2% skulda landsmanna voru hjá þeim helmingi fjölskyldna sem áttu minnstar eignir, 38,8% voru hjá þeim sem voru á milli miðgildis og efri fjórðungsmarka og 28,2% voru hjá þeim sem voru milli efri fjórðungsmarka og miðgildis. Efnuðustu tíu prósentu fjölskyldna skulduðu þá 21,8% skulda landsmanna, en þar af voru 3% skuldir auðugasta hundraðshlutans.

Skuldir einstaklinga jukust um 51,1% frá árslokum 2004 til ársloka 2007. Nú er áhugavert að skuldir þeirra sem mest áttu jukust mun meira en hinna sem áttu minna. Skuldir eignahópanna jukust um 0,4%, 42,8%, 54,3% og efnuðustu tíundarinna um 87,5%. Skuldir þeirra allra ríkustu jukust um 165,5%. Þá skulduðu ríkustu fjölskyldurnar í landinu tæpa 100,4 milljarða, sem var þá 14,1% af eignum og 41,4% tekjum. Á þessum árum jukust skuldir landsmanna um tæpa


650,4 milljarða en þar af voru 62,6 milljarðar, eða 9,6% vegna skulda þess eina hundraðshluta sem átti mestar eignir. Þá er athyglisvert að skuldir þess helming fjölskyldna sem átti minnstar eignir jukust um aðeins 557 milljónir á þessum tíma.

Í árslok 2007 skuldaði sá helmingur fjölskyldna sem átti minnstar eignir tæpa 143,3 milljarða, sem var þá um 43,3% af tekjum og 97,8% af eignum. Það er merki-legt að á sama tíma og allar eignir eru í skuld lækkar hlutfall skulda af tekjum úr 51,4% í 43,3%. Þeir sem voru mitt á milli miðgildis og efri fjórðungsmark skulduðu 705,6 milljarða, sem var 220,8% af tekjum og 59,4% af eignum. Þá skulduðu þeir sem voru mitt á milli efri fjórðungs- marka og tíundar 553,7 milljarða sem voru 186,8% af tekjum og 42% af eignum. Þau tíu prósent sem mest áttu skulduðu 521,5 milljarða sem var 95,1% af tekjum og 24% af eignum.

## Skuldadagar

Eftir þá örlagaríku atburði sem hér urðu á haustdögum 2008 skildi með tekjum og eignum annars vegar og skuldum hins vegar. Raunvirði tekna minnkaði, eignir töpuðust eða féllu í verði. Skuldir héldu hins vegar verðgildi sínu eða hækkuðu. Tekjur af eignum hrundu. Tekjur náðu lágmarki árið 2010 og voru þá 1.036 milljarðar, 30,7% lægri en þær höfðu verið árið 2007. Þá dugðu tekjur fyrir rétt rúmlega helmingi skulda, eða um 50,3%. Eignirnar lækkuðu fram til ársloka árið 2011 en þá stóðu þær í 3.762,6 milljörðum. Raungildi eigna hafði þá fallið um 1.062,5 milljarða, eða 22%, frá árinu 2007. Skuldarnar héldu hins vegar áfram að aukast fram til ársloka 2009 og voru þá 2.126,7 milljarðar og höfðu þá hækkað um 202,7 milljarða, eða 10,5%, frá árinu 2007. Á sama tíma féll verðgildi tekna um 23,6% og eigna um 11,4%. Eigið fé rýrnaði um 1.158,4 milljarða, eða 39,9%, á milli árunna 2007 og 2010, fór úr 2.900,1 milljarði í 1.741,7 milljarða. Um 54,2% af eignum var í skuld á þessum tíma.

Eigið fé rýrnaði ýmist vegna þess að skuldir jukust meira en eignir, eignir rýrn- uðu á sama tíma og skuldir hækkuðu, eða þá að eignir féllu í verði meira en skuldir lækkuðu. Þessi þróun er athyglisverð í ljósi þess að innstæður voru fyrst áritaðar á skattframtöl einstaklinga árið 2009. Það er vert að geta þess að hátt í fjórðungur tekna landsmanna árið 2007 voru fjár-






magnstekjur, sérstaklega söluhagnaður, en fjármagnstekjur drögust mjög saman þegar fjármálakerfi landsins riðaði til falls.

### Þróun eignamarka

Þróun eignamarka á árunum 2007 til 2010 er um margt áhugaverð. Sem fyrr segir var miðgildi eigna við 14.569 þús. kr. árið 2007. Fjórðungur fjölskyldna átti meira en 37.744 kr., tíund fjölskyldna átti meira en 65.027 þús. kr. og fimm prósent áttu meira en 85.223 þús. kr. Til að teljast til

þess hundraðshluta sem átti mestar eignir árið 2007 þurftu menn að eiga meira en 173.187 þús. kr. Árið 2010 lágu þessi eignamörk í 10.886 þús. kr., 28.538 þús., 49.399 þús. kr., 66.762 þús. kr. og 139.001 þús. kr. Eignamörk hópanna höfðu fallið um 25,3%, 24,4%, 24,%, 21,7% og 19,7%. Það dró í sundur með þeim sem mest áttu og þeim sem minnst áttu.

Þróun eignamarka á þessu tímabili er merkileg. Útlendingum í landinu fækkaði um nálega tíu þúsund á tímabilinu.



Tekjur einstaklinga hækkuðu mikið allan 10. áratuginn. Tekjuaukningin var almenn en þó jukust tekjur þeirra sem áttu mestar eignir á hverjum tíma meira en annarra eignahópa. Skýrist það að miklu leyti af því að tekjur af eignum jukust mjög mikið á þessum tíma. Um miðjan fyrsta áratug þessarar aldar jukust tekjur með auknum hraða frá ári til árs. Tekjuaukningin var mest meðal eignafólks. Því meiri sem eignirnar voru þeim mun meir jukust tekjurnar. Eignir jukust eins og tekjur, lengst af í takt við tekjur. Þrátt fyrir mikla aukningu tekna jukust eignir meira en tekjur og tekjur sem hlutfall eigna lækkuðu. Þó að eignaukningin hafi verið almenn framan af jukust eignir hraðar í efstu eignabilunum, sérstaklega því allra efsta. Skuldir fylgdu svipuðu mynstri. Aftur hækkuðu skuldir hraðast í efstu eignabilunum, minnst í neðri helmingi eignaröðunarinnar.

Margir þeirra hafa verið eignalausir og því neðst í eignaröðuninni. Þegar eignalausum fækkar hefði mátt reikna með því að eignamörkin þökuðust upp á við en svo varð ekki. Þá hefði mátt búast við því að gengisfall íslensku krónunnar og samsvarandi hækkun verðlags hefði átt að ná jafnt til allra eignahópa. Hún gerði það hins vegar ekki. Það dró því aftur í sundur með eignahópunum. Ástæðan er vafalaust sú að eignasamsetning hópanna er mismunandi. Þeir sem standa neðst í eignastiganum eiga innstæður og bifreiðir. Þegar ofar dregur í eignaröðuninni bætist íbúðarhúsnæði og aðrar eignir, s.s. sumarhúsaðir, við eignasafn fjölskyldunnar, þá loks sparnaður, verðbréf, hlutabréf og skuldabréf, og verðtryggðar innstæður. Því hefði mátt búast við því að stór hluti þeirra pappírseigna sem hurfu í hruninu með jafn dularfullum hætti og þær höfðu verið töfraðar fram í íslensku samfélagi á uppgangsrárunum hafi verið í eigu efnadra Íslendinga.

Vafalaust hafa margar vel efnum búnaar fjölskyldur farið flatt á því að eyða ævisparnaðinum í hlutabréf í bönkum og traustum fjármálafyrirtækjum, sem reyndust svo einskis virði þegar upp var staðið. Eins og menn hafa séð skuldar efnadasta fólkið minna en aðrir. Ekki er ólíklegt að margir efnamenn séu varkárir í fjármálum og að verðtryggðar eignir séu að miklu leyti í eigu ríkasta fólksins í landinu og því hafi eignir þess almennt ekki fallið jafn mikið í verði og eignir annarra. Þá má ekki gleyma því að innstæður voru áritaðar á skattframtöl árið 2009 en umtalsverður hluti innstæðna er í eigu efnafólks. Þá ber að hafa í huga að þeir sem töpuðu mestum eignum árið 2008 töpuðu einnig stöðu sinni í eignastiganum og töldust því ekki ríkir árið 2010.

Eignir eru nú aftur farnar að aukast. Þess vegna vekur athygli að eignir efnadasta fólksins nú hafa rýrnað samfellt frá hruni. Í árslok 2012 var miðgildi eigna 10.452 þús. kr., efri fjórðungsmörk voru við 29.579 kr. og efri tíundarmörk voru við 51.612 kr. Fimm af hverjum hundrað fjölskyldum áttu meira en 69.265 kr. í eignir og loks átti hundraðshluti efnuðustu fjölskyldnanna meira en 134.377 þús. kr. Miðgildi hefur því fallið um 4% og mörk efsta hundraðshlutans hafa fallið um 3,3% frá árinu 2010. Efri fjórðungsmörk hafa hins vegar hækkað um 3,6% og tíundarmörk hafa hækkað um 4,5%. Þau mörk sem skilgreina ríkustu fimm prósent fjölskyldna hafa hækkað um 3,7%.

Það er ekki ólíklegt að hækkun á fasteignamati skýri hækkun eignamarks að miklu leyti. Hins vegar má ætla að stór hluti eigna þess helmings landsmanna sem á minnstar eignir séu bifreiðar sem falla í verði þegar bílafloiti landsmanna eldist. Miðgildi hefur fallið um 28,2% frá árinu 2007 og 31% frá árslokum árið 2005, en þá átti helmingur landsmanna eignir sem voru metnar á 15.137 þús. kr. eða meira. Á árunum 2007 til 2010 féllu eignamörk efnadasta hundradshluta fjölskyldna um 19,7% á meðan önnur eignamörk féllu ívið meira. Nú hafa þessi eignamörk sigið um 22,4% frá árinu 2007, sem er ívið meira en eignamörkin sem skilgreina fjórðung og tíund efnuðustu fjölskyldanna. Fjórðungsmörk hafa sigið um 21,6% og efri tíundarmörk hafa sigið um 20,6%. Eignamörkin sem skilgreina þau fimm prósent fjölskyldna sem eiga mestar eignir hafa hins vegar sigið um 18,7% frá árinu 2007.

Staða fjölskyldna í landinu hefur breyst frá þeirri gösentíð sem hér ríkti á uppgangsrárunum. Fólk hefur þurft að takast á við þann efnahagsvanda sem steðjaði að heimilunum þegar skuldir og greiðslubyrði lána hækkðu. Fólk hefur þurft að endurskipuleggja fjármál heimilisins, losa sig við eignir og greiða niður skuldir. Þá hafa margir tapað verðmætum sem voru bundin í verðbréfum. Óverðtryggðar innstæður hafa rýrnað frá ári til árs og fáir kostir í boði fyrir þá sem eru ekki tilbúnir að leggja fé á bundna reikninga, vilja fjárfesta eða spara án þess að eiga það á hættu að höfuðstóllinn rýrni eins og verðgildi lögeyrinsins.

## Tekjur

Tekjur þess helmings framteljenda sem átti minnstar eignir drógust saman um 20,7% á milli áráanna 2007 og 2010. Þetta er veruleg lækkun raunvirðis tekna en tekjur þessa hóps rýrnuðu samanlagt um 68,6 milljarða á þessum tíma. Á þessum tíma jókst þó hlutur þessa hóps í heildartekjum, fór úr 22,1% árið 2007 í 25,3% árið 2010.

Tekjur þess hóps sem var fyrir ofan miðgildi en undir fjórðungsmörkum lækkðu minnst eignahópanna. Það er athyglisvert að tekjur þessa hóps lækkðu aðeins um 9,9% að raungildi á milli áráanna 2007 og 2010. Þetta kann að skýrast af tilfærslu á milli eignahópa annars vegar og hins vegar af samsetningu hópsins sem skipaði sér á þennan stað í eignaröðinni. Hlutur þessa eignahóps í tekjum jókst úr 21,4% árið 2007 í 27,8% árið 2010.

Tekjur hópsins sem var fyrir ofan fjórðungsmörk en undir tíundarmörkum lækkðu um 16,2%. Raunvirði tekna féll um 459,1 milljarð en 79,6 milljarðar komu fram sem tekjulækkun þeirra 40% fjölskyldna sem féllu á milli miðgildis og efri tíundarmarka. Hlutur hópsins sem stóð á milli fjórðungsmarka og tíundar í heildartekjum hækkaði úr 19,8% í 24%.

Það má segja að þær fjölskyldur sem mestar eignir áttu hafi tekið mesta skellinn þegar tekjur féllu. Þetta er skiljanlegt þar sem algert hrun varð í fjármagnstekjum einstaklinga. Þá töpuðust miklar eignir í verðbréfum sem voru að miklu leyti í eigu þeirra sem áttu mestar eignir í þjóðfélaginu. Miklar tekjur voru af þessum eignum á meðan markaðir stóðu í blóma, arður



Það má segja að þær fjölskyldur sem mestar eignir áttu hafi tekið mesta skellinn þegar tekjur féllu. Þetta er skiljanlegt þar sem algert hrun varð í fjármagnstekjum einstaklinga

og söluhagnaður. Tekjur ríkustu tíundar fjölskyldna lækkðu um 310,9 milljarða á milli áráanna 2007 og 2010, eða 56,7%. Þá er athyglisvert að tekjur þessa hóps héldu áfram að falla árið 2010. Þær náðu lágmarki árið 2011. Árið 2007 var þessi hópur með um 36,7% tekna í landinu en hlutur hans í heildartekjum féll niður í 22,9% árið 2010 og 22,6% árið 2011.

Sem fyrr segir lækkðu tekjur landsmanna um 459,1 milljarð á milli áráanna 2007 og 2010. Þar af voru 310,9 milljarðar eða 67,7% lækkun tekna hjá efstu tíund fjölskyldna og 198,5 milljarðar vegna lægri tekna þess hundradshluta sem átti mestar eignir, eða 43,2% af tekjulækkuninni. Hlutur þessa hundradshluta í heildartekjum í landinu féll úr 16,2% árið 2007 í 4,2% árið 2010, og síðan í 3,9% árið 2011.

Eftir að harðnaði á dalnum drógust tekjur þessa hundradshluta saman um 81,9%, féllu úr 242,3 milljörðum árið 2007 í 43,8 milljarða árið 2010, og aftur um þrjá milljarða niður í tæpa 40,8 milljarða árið 2011. Tekjur hópsins hækkðu aftur á milli áráanna 2011 og 2012, um 1,4 milljarða, eða 3,4%. Þessi hópur var með um 4% af heildartekjum í landinu árið 2012. Mikil lækkun tekna eignafólks er skiljanleg í ljósi þess að stór hluti tekna árið 2007 var eignatekjur en þær hrundu eftir að fjármálakerfi landsins varð fyrir áfalli.

## Eignir

Raungildi eigna landsmanna rýrnaði á árunum 2007 til 2010 um tæpa 1.022,5 milljarða, eða 21,2%. Það rýrnaði svo um aðra 34,4 milljarða frá árslokum 2010 til ársloka til 2011. Þegar þróun eigna einstakra eignahópa á þessu tímabili er skoðuð þá sést að eignastaða einstakra hópa þróast ekki með sama hætti eftir umskiptin sem hér urðu, eins og verið hafði fram að árslokum 2008 þegar þróun tekna, eigna og skulda var öll á sama veg.

Eignir þess helmings fjölskyldna sem átti minnstar eignir rýrnuðu um 24 milljarða á milli áráanna 2007 og 2011, úr rúmum 146,5 milljörðum í tæpa 122,5 milljarða, eða um 16,4%. Aðeins 2,6% rýrnunar eigna í landinu varð í þessum eignahluta fjölskyldna. Eignir þess helmings framteljenda sem átti minnstar eignir rýrnuðu aftur á milli áráanna 2011 og 2012, nú um 284 milljónir. Eignir landsmanna jukust um 82 milljarða á sama tíma. Hlutur þeirra í heildareignum landsmanna hefur þó aukist lítillega frá árinu 2007, fór úr 3% í 3,2%. Sem fyrr kann að vera að hér skilji í sundur með þeim sem eiga fasteignir og annarra.

Eignir þeirra fjölskyldna sem voru fyrir ofan miðgildi en undir fjórðungsmörkum eigna rýrnuðu um 271,3 milljarða á milli áráanna 2007 og 2010, eða 26,5%. Þessi hópur átti eignir sem voru metnar á 1.188,3 milljarða í árslok 2007. Hlutur hans í eignum landsmanna hélst þó að mestu óbreyttur á þessum tíma fór úr 24,6% í 24,1%. Eignir þessa hóps jukust um 31,7 milljarða, eða 3,5% á milli áráanna 2010 og 2012.

Eignir hópsins sem stóð á milli fjórðungsmarka og tíundar voru 292,6 milljörðum lægri árið 2010 en eignir sambærilegs hóps árið 2007. Um 55,1% eignalækkunarinnar var því hjá þeim 40% fjölskyldna sem voru á milli miðgildis og tíundar. Ef litnið er fram hjá 8,4%

eignalækkun í neðsta eignaþreppinu þá féll matsverð eigna nokkuð jafnt í öllum eignahópnum, um u.þ.b. fimmtung.

Það er athyglisvert að eignir þeirra tíu prósentu fjölskyldna sem áttu mestar eignir rýrnuðu um 446,4 milljarða á milli árána 2007 og 2010. Um 43,7% eignarýrnunarinnar voru því hjá þessari tíund fjölskyldna í landinu. Þær áttu um 45% eigna í landinu árið 2007 en hlutur þeirra í eignum landsmanna var að mestu óbreyttur árið 2010, hafði aukist í 45,4%.

Eignir hundradshlutans sem átti mestar eignir rýrnuðu umtalsvert frá árslokum 2007 til ársloka 2010. Þessi hópur taldi fram tæpa 711,7 milljarða í samanlagðar eignir árið 2007 en verðmæti eigna auðugasta hópsins minnkaði um 159,9 milljarða, eða 22,5%, á tímabilinu. Um 15,6% eignarýrnunarinnar í landinu varð hjá þeim sem áttu mestar eignir en eignir landsmanna rýrnuðu samtals um tæpa 1.022,5 milljarða á þessum tíma. Hlutur þessa eignahóps í heildareignum minnkaði lítið eitt. Hann átti 14,8% eigna í landinu árið 2007 en hlutur hans hafði lækkað í 14,5% árið 2011 og í 13,1% árið 2012. Eignir hópsins jukust um tæpa 1,2 milljarða á milli árána 2011 og 2012.

Frá árinu 2010 hafa eignir landsmanna aukist um 59 milljarða að raungildi. Þær stóðu í 3.860,5 milljörðum í árslok 2012. Á þessum tíma hafa eignir auðugustu fjölskyldnanna hins vegar haldið áfram að rýrna um 46 milljarða. Matsverð eigna þess helmings fjölskyldna sem var í neðri hluta eignastigans var 12,1 milljarði lægra árið 2012 en árið 2010. Eignir þeirra allra ríkustu jukust þó um 1,2 milljarða á milli árána 2011 og 2012 en á þeim tíma jukust eignir einstaklinga um 97,9 milljarða að raungildi. Eignir þeirra sem áttu minnstu eignirnar héldu hins vegar áfram að rýrna, nú um 284 milljónir. Aftur er ekki ólíklegt að hér skilji í sundur með þeim sem eiga íbúðarhúsnæði og hinna sem eiga litlar eignir, hugsanlega bifreiðir og innstæður sem falla í verði eða rýrna með hverju ári sem líður.

Enn er rétt að áréttu að hér þarf ekki alltaf að vera um sömu einstaklingana að tefla frá ári til árs í hverjum hópi. Þá er erfitt að meta að hversu miklu leyti hægt er að skýra breytingarnar sem verða á hverju eignabili með breytingu á tekjum, eignum og skuldum ákveðinna einstaklinga annars vegar og breytingu á þjóðfélaginu og hreyfingu á milli eignahópa, hins vegar. Slíkt þarf að skoða sérstaklega.

## Skuldir

Eftir að sló í bakseglin rýrnaði raungildi tekna og eigna. Skuldirnar héldu hins vegar verðgildi sínu eða héldu áfram að hækka fram til ársloka 2009. Þá stóðu skuldir einstaklinga í 2.126,7 milljörðum og voru þá tæpum 202,7 milljörðum hærri en þær höfðu verið í árslok 2007. Skuldir höfðu hækkað um tæp 10,5% á sama tíma og verðgildi tekna og eigna hafði fallið um 23,6% og 11,4%. Frá árinu 2009 hafa skuldir lækkað ár frá ári um 341,6 milljarða samanlagt, eða um 16,1%. Misræmi í þróun tekna, eigna og skulda þýddi vitanlega að afborganir og vextir af lánum snarhækkuðu umfram tekjur. Erfitt var fyrir fólk að varpa af sér skuldaklafanum með því að selja eignir. Aðstæður á mark-



**Nú skuldar sá helmingur fjölskyldna sem á minnstar eignir um 43,5% meira en hann telur sér til eigna. Þetta hlutfall hefur lækkað nokkuð frá árinu 2010. Þá skuldaði þessi hópur 55,4% meira en hann átti**

aði voru þannig. Fólk sem hafði keypt eignir þegar lánsfé var auðsótt sat uppi með tap af viðskiptunum eftir að eignin hafði verið seld. Það færðist því niður um eignaflokk en sat uppi með misstóran hluta af skuldunum, reynslunni ríkara.

Skuldir þess helmings fjölskyldna sem átti minnstar eignir skera sig einnig nokkuð úr. Almennt lækkuðu skuldir landsmanna á milli árána 2009 og 2010 um 66,9 milljarða. Skuldir þeirra sem voru neðst í eignaröðinni hækkuðu hins vegar á þessum tíma um 6,5 milljarða. Frá árslokum 2007 til ársloka 2010 hækkuðu skuldir þessa hóps um 65,4 milljarða. Þá stóðu þær í 208,6 milljörðum og höfðu hækkað um 45,6% frá árslokum 2007. Það er athyglisvert að skuldir landsmanna jukust að raungildi á þessu tímabili um 135,8 milljarða þannig að um 48,2% skuldaaukningarinnar á þessum tíma var í þeim

eignahópi sem átti minnstu eignirnar. Þá er þetta einnig sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að skuldir efnuðustu fimm prósentu fjölskyldna lækkuðu á þessum tíma um 42,4 milljarða. Skuldir þeirra sem áttu allra mest voru 27,9 milljörðum lægri árið 2010 en árið 2007. Skuldir annarra hópa hækkuðu. Ein skýringin á þessari þróun kann að vera sú að einhverjir sem fjárfestu grimmt í verðbréfum hafi færst niður um eignaflokk eftir að eignirnar urðu verðlausar en skuldirnar héldu verðgildi sínu. Þá er ekki ólíklegt að einhverjir hafi færst upp um eignaflokk þegar þúsundir útlendinga sem áttu litlar eignir og skuldu lítið fluttu úr landi. Þá gæti verið að skuldir þessa hóps hafi verið annars eðlis en þeirra sem áttu meiri eignir. Það gæti verið að gengistryggð lán hafi verið stærri hluti lána þessa hóps en annarra á meðan verðtryggð húsnæðislán voru stór hluti lána þeirra sem voru fyrir ofan miðgildi.

Skuldir þessa hóps sem á minnstu eignirnar voru um 33,3 milljörðum lægri árið 2012 en 2010. Þetta er lækkun um 16%. Nú skuldar sá helmingur fjölskyldna sem á minnstar eignir um 43,5% meira en hann telur sér til eigna. Þetta hlutfall hefur lækkað nokkuð frá árinu 2010. Þá skuldaði þessi hópur 55,4% meira en hann átti. Þessi hópur skuldaði 9,8% skulda einstaklinga árið 2012, aðeins minna en árið 2010 en þá fór þetta hlutfall í 10,1%. Skuldir voru 65% tekna árið 2012 sem er nokkru lægra en árið 2010, en þá var hlutfall skulda af tekjum 79,5%. Skuldir þessa hóps jukust um 41,1% á milli árána 2007 og 2009. Þetta var á sama tíma og skuldir landsmanna hækkuðu um 10,5%. Á þessum tíma jukust skuldir um 202,7 milljarða en þar af voru 58,9 milljarðar, eða tæp 29,1%, skuldir þess helmings sem áttu litlar eignir.

Skuldir hópsins sem skipaði sér á milli miðgildis og fjórðungsmarka jukust um 98,3 milljarða á milli árána 2007 og 2009, eða 13,9% og skuldir þeirra sem voru á milli efri fjórðungsmarka og tíundar jukust um 51,5 milljarð, eða 9,3%. Skuldaaukningin var minni eftir því sem fólk stóð ofar í eignastiganum og skuldir á efsta hlutfallsbilinu minnkuðu um 15,7 milljarða, eða 15,7% á þessum tímabili. Árið 2009 var um 37,8% skulda einstaklinga skuldir hópsins sem stóð á milli miðgildis og efri fjórðungsmarka og 28,5% skulda var hjá þeim sem voru fyrir ofan fjórðungsmörk en undir tíundarmörkum. Hópurinn sem var á milli miðgildis og fjórðungsmarka skuldaði um 59,4% af framtöldum eignum árið 2007 en þetta

hlutfall hækkaði í 86,2% árið 2010 og stóð í 74,5% í árslok 2012. Hópurinn sem var þar fyrir ofan í eignastiganum skuldaði 42% af eignum árið 2007. Hlutfallið hækkaði í 57,8% af eignum árið 2010 en var komið niður í 48,9% árið 2012. Skuldir hópsins sem var rétt fyrir ofan miðgildi en undir fjórðungsmörkum voru um 120,8% hærri en tekjurnar árið 2007, hlutfall skulda af tekjum var komið upp í 274,7% árið 2010 en hefur aftur lækkaði niður í 242,3% árið 2012. Skuldir hópsins sem var fyrir ofan fjórðungsmörk voru 86,8% hærri en tekjur árið 2007. Þær hækkuðu í 238,6% af tekjum í árslok 2010 en voru 176,6% hærri en tekjur árið 2012.


Þau tíu prósent fjölskyldna sem áttu mestar eignir skulduðu 521,5 milljarða árið 2007 en þar af skuldaði ríkasti hundraðshlutinn 100,4 milljarða, sem voru þá um 5,2% af skuldum landsmanna. Um 27,1% skulda landsmanna var vegna lána ríkustu tíundar fjölskyldna. Skuldir ríkustu tíundarinnar jukust um fjóra milljarða árið 2008 en hafa síðan lækkað um 147,6 milljarða, eða 28,1%. Skuldir efnaðasta hundraðshlutans lækkuðu hins vegar strax um 15,7 milljarða á milli árána 2007 og 2008, á sama tíma og skuldir landsmanna jukust um tæpa 202,7 milljarða.

Sá hundraðshluti fjölskyldna sem átti mestar eignir skuldaði 14,1% af eignum árið 2007. Árið 2009 var þetta hlutfall komið niður í 13,9%. Hlutfall skulda af eignum lækkaði á sama tíma og það hækkaði hjá öllum hinum hópunum. Þessi hundraðshópur skuldaði 50,4 milljarða í árslok 2012 sem var þá 10% af eignum. Hluttur þessa hóps í heildarskuldum landsmanna hafði lækkað úr 5,2% árið 2008 í 2,8% árið 2012, og var þá áþekkt því sem verið hafði undir lok tímabils jafns og stöðugs vaxtar árið 2002.


Það er sérstaklega áhugavert að skoða hvernig skuldir þessa hundraðshluta þróuðust með hliðsjón af tekjum. Árið 2007 voru skuldir þessa hóps 41,4% af tekjum en ári síðar var þetta hlutfall komið upp í 73,6%. Það fór svo mest upp í 165,2% árið 2010 en hefur síðan lækkað í 119,5%.

Hrun fjármagnstekna hefur komið illa við eignafólk. Það má þó skipta eignafólki í tvo hópa. Annars vegar eru þeir sem eiga miklar eignir og skulda mikið og svo eru hinir sem eiga skuldlausar eignir. Þeim síðarnefndu fjölgaði mikið í hópi þeirra ríkustu þegar lánsfé var auðfengið en hafa ekki allir staðið af sér þá ágjöf sem landið varð fyrir á sínum tíma.


**Tekjur sem hlutfall af eignum**





**Skuldir sem hlutfall af tekjum**



**Skuldir sem hlutfall af eignum**



Upp úr aldamótum hækkuðu tekjur, eignir og skuldir einstaklinga. Tekjur héldu hins vegar ekki í við eignir og skuldir og hlutfall skulda af tekjum fór hækkanandi. Þrátt fyrir að skuldir hafi almennt aukist mest á efstu eignabilunum þá voru skuldir þar ávallt lægstar miðað við eignir. Þar kann eignasamsetning að ráða nokkru. Þeir sem eru í neðri hluta eignaskalans hafa sjaldnast fest kaup á fasteign. Hlutfall skulda af eignum jókst hins vegar mest í þessum eignahópi eftir að gengi krónunnar féll. Skuldir þess hóps sem mest skuldaði miðað við eignir eru þó lægstar þegar tekjur eru hafðar til hliðsjónar.



Þrátt fyrir að skuldir yxu hraðar en eignir og stærra hlutfall eigna væri í skuld jukust eignir meira en skuldir og skuldlausar eignir jukust. Eignaaukningin var almenn en þó jukust skuldlausar eignir einna mest á efstu eignabilunum. Skuldlausar eignir eftir að fjármálakerfi landsins riðaði til falls féllu eignir í verði á sama tíma og skuldir hækkuðu og eigið fé brann upp. Áhrifin voru einna mest á neðstu eignabilunum. Eigið fé þess helmings sem var neðst í eignastiganum skuldaði samtals 74,4 milljarða umfram eignir árið 2010. Frá árinu 2010 hefur staðan skánað nokkuð. Eignir umfram skuldir hafa hækkað um 333,7 milljarða. Eigið fé þess hundraðshluta sem átti mestar eignir rýrnaði þó enn um 24 milljarða á milli áruna 2010 og 2012 og enn eru skuldir þess helmings sem er neðst í eignaröðuninni 53,1 milljarði hærri en eignir.

átti mestar eignir árið 2004 var 109,8% meira en sambærilegs hóps árið 1992. Hluttur þessa eina prósent fjölskyldna af skuldlausum eignum landsmanna hafði aukist úr 12,8% í 16,8%. Skuldlausar eignir voru þá 1.968,7 milljarðar.

Eigið fé landsmanna jókst um 931,3 milljarða fram til ársloka árið 2007. Eigið fé þeirra sem áttu minnstar eignir lækkaði hins vegar um 28,5 milljarða og var komið niður í 3,3 milljarða. Um 66,7% aukningar eign fjár á þessum tíma var hjá þeirri tíund fjölskyldna sem átti mestar eignir. Eigið fé þeirra hækkaði 621,3 milljarða en þar af hækkaði eigið fé þess hundraðshluta sem átti mestar eignir um 280,7 milljarða, sem var um 30,1% eignaukningarinnar. Ríkasta tíundin átti þá 56,9% skuldlausra eigna í landinu, en þar af átti auðugasti hundraðshlutinn 611,3 milljarða sem var þá 21,1% skuldlausra eigna landsmanna.

Eigið fé landsmanna rýrnaði svo um 1.158,4 milljarða fram til ársins 2010. Eigið fé þeirra sem áttu minnstar eignir rýrnaði um 77,7 milljarða og var nú neikvætt um 74,4 milljarða. Eigið fé þeirra sem stóðu á milli miðgildis og fjórðungsmarkna lækkaði um 73,8% á þessum tíma, eða um 356,3 milljarða. Hópurinn sem var á milli fjórðungsmarkna og tíundar átti 331,7 milljörðum minna í skuldlausar eignir en sambærilegur eignahópur árið hafði átt árið 2007. Þetta er lækking um 43,4%. Þá rýrnaði eigið fé þeirrar tíundar sem átti mestar eignir um 392,7 milljarða, eða 23,8%. Rúmur þriðjungur eignarýrnunarinnar var hjá þessari tíund, 33,9%. Skuldlausar eignir efnaðasta hundraðshluta fjölskyldna rýrnuðu um 132 milljarða, eða 21,6%. Árið 2010 áttu efnuðustu tíu prósent fjölskyldna um 72,1% skuldlausra eigna í landinu en þar af átti ríkasti hundraðshlutinn 27,5%.

Frá árinu 2010 hefur eigið fé landsmanna aukist um 333,7 milljarða, eða um tæp 19,2%. Þrátt fyrir að eignir þeirra sem minnst eiga hafa aukist um 21,3 milljarða skuldar sá helmingur sem er neðst í eignastiganum enn 53,1 milljarð umfram framtaldar eignir. Nú hefur eigið fé þeirra sem mest eiga aukist minna en hinna. Eigið fé þeirra sem eru á milli miðgildis og fjórðungsmarkna jókst um 115,2 milljarða, eða 91,1%, á milli áruna 2010 og 2012. Þessi hópur átti 241,5 milljarða í skuldlausar eignir í árslok 2012. Eignir þeirra sem stóðu á milli fjórðungsmarkna og efri tíundar jukust einnig um 115,2 milljarða, eða 26,6%. Þessi hópur átti 548,5 milljarða í eignir umfram skuldir

## Eigið fé

Það er fróðlegt og að skoða eigið fé einstaklinga og hvernig það hefur þróast á síðustu árum. Í upphafi 10. áratugarins áttu Íslendingar skuldlausar eignir sem voru metnar á 1.229,4 milljarða. Hér er eins og gefur að skilja aðeins verið að fjalla um framtaldar eignir en þessu til viðbótar eru eignir fyrirtækja sem eru í reynd eign

eigenda fyrirtækjanna. Þá átti sá helmingur einstaklinga sem áttu minnstar eignir um 20,9 milljarða í eignir umfram skuldir, sem var þá um 1,7% eigna einstaklinga. Árið 2004 hafði eigið fé hópsins sem var undir miðgildi hækkað um 51,8%. Eigið fé þeirra sem voru á milli miðgildis og fjórðungsmarkna hafði hækkað um 43,6%. Eigið fé hópsins sem var á milli miðgildis og tíundar var 52,2% herra en árið 1992, og eigið fé þeirrar tíundar sem



í árslok 2012. Eignir ríkustu tíundarinnar jukust samtals um 82,1 milljarð, eða 6,5%. Það er athyglisvert að nú rýrnuðu eignir þess hundraðshluta sem átti mestar eignir um 24 milljarða, eða 5%. Hlutur þessa eina prósentis fjölskyldna í skuldlausum eignum landsmanna var 21,9% í árslok 2012, samanborið við 21,1% árið 2007, 16,8% árið 2004 og 12,8% árið 1992.

## Að lokum

Ísland í lok fyrsta áratugar þessar aldar er mikið breytt frá því sem var í upphafi tíunda áratugar þeirrar síðustu. Einstaklingar á skattgrunnskrá voru um þriðjung fleiri árið 2012 en árið 1992. Þeim hefur fjölgað um hátt í 66 þúsund á þessum

tíma. Margir eru horfnir á braut og aðrir sem vart höfðu slitið barnsskónum árið 1992 eru farnir að gera sig gildandi. Það er óhætt að fullyrða að gengi manna og kvenna hafi verið æðimisjafnt. Gæfan er hverful. Hvað sem staðtölur um efnahagsmál lands og þjóðar líður þá hefur lífið sinn gang.

Hvernig sem árað hefur í efnahagslífi þjóðarinnar hafa sumir ávallt notið velgengni á meðan öðrum hefur orðið allt að óláni, eins og gengur. Staðtölur segja ekki mikið um gengi ákveðinna einstaklinga eða hópa í samfélaginu. Þær gefa hins vegar mynd af stöðu ákveðinna þátta í efnahagslífinu, eigna, tekna og skulda einstaklinga á ákveðnum tíma. Það er engu

að síður áhugavert hvernig örlög ákveðinna einstaklinga og þjóðarinnar allrar, eins og hún birtist í hagtolum, samtvinnast í hrakfarasögu síðasta áratugar.

Það tekur tíma að aðlaga sig og venjast breyttum aðstæðum. Þrátt fyrir allt hefur mörgum vegnað vel á síðustu árum. Íslendingar hafa vissulega þurft að takast á við erfitt verkefni. Sumir þeirra sem keyptu eignir þegar verð var hæst fóru flatt á því að hafa byggt ákvarðanir og væntingar sínar til framtíðarinnar á reynslu liðinna ára. Það er erfitt að spá fyrir um framtíðina. Það er erfitt að reikna með hinu óvænta. Engu að síður eru nú ákveðin teikn um að horfi til betri vegar og að efnahagur landsmanna fari almennt batnandi.

## Tekjur, eignir og skuldir eignahópa

Upphæðir á verðlagi í árslok 2012

### Lægstu eignir á hlutfallsbili

Upphæðir í þúsundum króna.

Tekjuár	1	51	76	91	96	100
1992	0	8.394	18.535	30.779	40.926	73.561
2004	0	13.691	28.550	47.180	60.230	115.301
2007	0	14.569	37.744	65.027	85.223	173.187
2010	0	10.886	28.538	49.399	66.762	139.001
2012	0	10.452	29.579	51.612	69.265	134.377

### Tekjur eignahópa

Upphæðir í milljörðum króna.

Tekjuár	1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
1992	162,6	163,3	131,0	51,3	48,4	20,2	576,8
2004	277,6	273,5	237,4	101,4	107,3	80,5	1.077,9
2007	331,1	319,5	296,4	137,0	168,8	242,3	1.495,1
2010	262,5	287,9	248,4	100,5	92,9	43,8	1.036,0
2012	269,7	291,8	255,4	104,8	97,2	42,2	1.061,1

### Eignir eignahópa

Upphæðir í milljörðum króna.

Tekjuár	1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
1992	103,6	469,6	496,4	246,3	287,9	169,6	1.773,4
2004	174,4	863,4	898,7	432,5	505,0	368,4	3.242,4
2007	146,5	1.188,3	1.318,7	659,5	799,4	711,7	4.824,1
2010	134,3	917,0	1.026,1	519,3	653,2	551,7	3.801,6
2012	122,2	948,7	1.073,3	546,1	664,6	505,7	3.860,5

### Skuldir eignahópa

Upphæðir í milljörðum króna.

Tekjuár	1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
1992	82,7	212,3	141,9	52,6	42,5	12,0	543,9
2004	142,7	494,0	358,9	134,5	105,7	37,8	1.273,6
2007	143,2	705,6	553,7	215,5	205,7	100,4	1.924,1
2010	208,6	790,6	592,7	219,7	175,7	72,4	2.059,9
2012	175,3	707,2	524,8	185,1	142,4	50,4	1.785,2

### Skuldlausar eignir

Upphæðir í milljörðum króna.

Tekjuár	1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
1992	20,9	257,3	354,5	193,7	245,4	157,6	1.229,4
2004	31,7	369,4	539,8	298,0	399,2	330,6	1.968,7
2007	3,3	482,7	765,0	444,1	593,7	611,3	2.900,1
2010	-74,4	126,4	433,3	299,6	477,5	479,3	1.741,7
2012	-53,1	241,5	548,5	361,0	522,2	455,3	2.075,4

### Eignamörk hlutfallsbils sem hlutfall af eignarmörkum 100

51	76	91	96	100
11,4%	25,2%	41,8%	55,6%	100,0%
11,9%	24,8%	40,9%	52,2%	100,0%
8,4%	21,8%	37,5%	49,2%	100,0%
7,8%	20,5%	35,5%	48,0%	100,0%
7,8%	22,0%	38,4%	51,5%	100,0%

### Hlutfallsleg skipting heildartekna

1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
28,2%	28,3%	22,7%	8,9%	8,4%	3,5%	100,0%
25,8%	25,4%	22,0%	9,4%	10,0%	7,5%	100,0%
22,1%	21,4%	19,8%	9,2%	11,3%	16,2%	100,0%
25,3%	27,8%	24,0%	9,7%	9,0%	4,2%	100,0%
25,4%	27,5%	24,1%	9,9%	9,2%	4,0%	100,0%

### Hlutfallsleg skipting heildareigna

1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
5,8%	26,5%	28,0%	13,9%	16,2%	9,6%	100,0%
5,4%	26,6%	27,7%	13,3%	15,6%	11,4%	100,0%
3,0%	24,6%	27,3%	13,7%	16,6%	14,8%	100,0%
3,5%	24,1%	27,0%	13,7%	17,2%	14,5%	100,0%
3,2%	24,6%	27,8%	14,1%	17,2%	13,1%	100,0%

### Hlutur hvers eignahóps í heildarskuldum

1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
15,2%	39,0%	26,1%	9,7%	7,8%	2,2%	100,0%
11,2%	38,8%	28,2%	10,6%	8,3%	3,0%	100,0%
7,4%	36,7%	28,8%	11,2%	10,7%	5,2%	100,0%
10,1%	38,4%	28,8%	10,7%	8,5%	3,5%	100,0%
9,8%	39,6%	29,4%	10,4%	8,0%	2,8%	100,0%

### Hlutur hvers eignahóps í heildarskuldum

1-50	51-75	76-90	91-95	96-99	100	Samtals
1,7%	20,9%	28,8%	15,8%	20,0%	12,8%	100,0%
1,6%	18,8%	27,4%	15,1%	20,3%	16,8%	100,0%
0,1%	16,6%	26,4%	15,3%	20,5%	21,1%	100,0%
-4,3%	7,3%	24,9%	17,2%	27,4%	27,5%	100,0%
-2,6%	11,6%	26,4%	17,4%	25,2%	21,9%	100,0%



# Bindandi álit

Með lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, var lögfest úrræði fyrir skattaðila til að óska eftir bindandi áliti frá ríkisskattstjóra. Þannig geti skattaðilar óskað eftir því fyrirfram að ríkisskattstjóri veiti bindandi álit um skattalegar afleiðingar fyrirhugaðra ráðstafana. Í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að framangreindum lögum kemur fram að meginmarkmið frumvarpsins sé að auka réttaröryggi skattaðila með því að tryggja þeim leið til að fá skorið úr því fyrirfram hvernig skattlagningu verði háttáð. Á þeim grundvelli geti þeir svo tekið ákvörðun um hvort ráðist verði í þær ráðstafanir sem spurt var um og gert ráðstafanir á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í bindandi áliti.

Í lögum um bindandi álit eru gerðar ríkar form- og efniskröfur. Þannig gera lögin ráð fyrir því að fyrirspurn beinist að tiltekinni fyrirætlan skattaðila sem ekki hefur nú þegar verið ráðist í. Bindandi áliti ríkisskattstjóra er þannig ætlað að vera einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á ákvörðunartökuna. Þá verður álitaefnið að snerta verulega fjárhagslega hagsmuni skattaðilans sjálfs. Það er því ekki hægt að óska eftir bindandi áliti um ráðstafanir sem einhver annar hefur í hyggju að ráðast í og þá má álitaefnið ekki lúta að skattalegum hagsmunum annars en þess sem óskar eftir bindandi áliti.

Ríkisskattstjóri hefur á síðustu þremur mánuðum afgreitt sjö beiðnir um bindandi álit. Gefin hafa verið út sex bindandi álit og einni beiðni var vísað frá.

## Álit 06/13

Málavextir eru í stuttu máli þeir að álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki í sérstakri slitameðferð og á í viðræðum við kröfuhafa sína um að ljúka skiptum með nauðasamningi. Álitsbeiðandi taldi óljóst í hvaða tilvikum úthlutun samkvæmt nauðasamningi hafi í för með sér skattskylda hjá erlendum kröfuhöfum. Þá taldi álitsbeiðandi óljóst hvort hann teldist skilaskyldur aðili í skilningi laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Vegna þessarar óvissu óskaði álitsbeiðandi eftir bindandi áliti ríkisskattstjóra á því hvort að hann teldist launagreiðandi í skilningi laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og skilaskyldur aðili í

skilningi laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, þegar greiðslur færu fram til kröfuhafa á grundvelli nauðasamningsins.

Í áliti sínu komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að sé stofnverð/kaupverð kröfu lægra en það sem úthlutað er samkvæmt nauðasamningi þá myndist skattskyldar og staðgreiðsluskyldar tekjur. Álitsbeiðanda beri þannig skylda til að halda eftir og skila staðgreiðslu af þeim tekjum sem um ræðir. Þá komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að álitsbeiðandi væri skilaskyldur aðili í skilningi laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur enda yrði að telja að „ekki hafi orðið sú efnisbreyting á að við þær

aðstæður að fjármálafyrirtæki hafi verið tekið til slitameðferðar skv. 101. gr. laga nr. 161/2002 að þar með sé viðkomandi fjármálastofnun leyst undan þeim skyldum sem áður féllu til við skil á staðgreiðslu af vaxtatekjum til réttaha.“

## Álit 07/13

Málavextir eru þeir að sveitarfélag hugðist selja rekstur fráveitu til hlutafélags í meirihlutaeigu sveitarfélaga. Álitsbeiðendur, sveitarfélagið og hlutafélagið, töldu óljóst hvort skattskylda myndaðist hjá sveitarfélaginu við sölu á fráveitunni, hvort rekstur fráveitunnar yrði áfram undanþeginn tekjuskatti eftir sölu og hvort skattskylda myndaðist hjá hlutafélaginu ef fráveitureksturinn yrði seldur frá félaginu í framtíðinni.

Ríkisskattstjóri benti á í áliti sínu að aðilar, þ.m.t. sveitarfélög, sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt 2. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga séu eingöngu skattskyldir af söluhagnaði hlutabréfa en ekki af söluhagnaði sem myndast getur vegna sölu annarra eigna sbr. 1. másl. 4. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga.

Þá vísaði ríkisskattstjóri til þess að hlutafélagið væri skattskyldur lögaðili samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga og að ákvæði þeirra laga giltu þannig um skattskil félagsins með hliðsjón af sérákvæðum laga nr. 50/2005. Þá tiltók ríkisskattstjóri í bindandi áliti sínu að ef lögboðin starfsemi sveitarfélaga væri færð til skattskylds lögaðila þá félli niður sú undanþága sem starfsemin nyti innan vébanda sýslu- og sveitarfélaga. Starfsemi fráveitu yrði þannig tekjuskattskyld hjá hlutafélaginu. Að þeirri niðurstöðu fenginni þá ber hlutafélaginu að greiða tekjuskatt af þeim söluhagnaði sem myndast gæti við sölu fráveitunnar frá félaginu í framtíðinni.

## Álit 08/13

Álitsbeiðandi hugðist taka lán og nota lánið til að auka við hlutafé í dótturfélagi sínu. Dótturfélagið hafði svo í hyggju að nota þá fjármuni sem kæmu inn í félagið með hlutafjár aukningunni til að greiða upp lán sem hafði flust til félagsins með öfugum samruna. Ríkisskattstjóri hafði kveðið upp úrskurð þess efnis að vextir af því láni væru ófrádráttarberir í skattskilum dótturfélagsins.

Álitsbeiðandinn, móðurfélagið, óskaði eftir því að ríkisskattstjóri veitti bindandi álit um það hvort vaxtagjöld af láninu sem fyrirhugað var að taka til hlutafjár aukningar væru frádráttarber í rekstri álitsbeiðanda. Jafnframt var óskað eftir því að ríkisskattstjóri svaraði því hvort umrædd vaxtagjöld myndu nýtast til frádráttar á tekjum dótturfélagsins ef félögin væru samsköttuð.

Ríkisskattstjóri tók fram að horfa yrði heildstætt á álitaefnin og málavexti alla. Þá yrði að hafa hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 555/2012, Toyota á Íslandi gegn íslenska ríkinu. Ríkisskattstjóri taldi að það lán sem álitsbeiðandi hygðist taka til hlutafjár aukningar í dótturfélagi væri ekki með það að markmiði að leggja dótturfélagi fé til rekstrar heldur til að leysa það undan skuldum sem væru því óviðkomandi.

Þá kom fram í bindandi álitinu að ekki væri unnt að líta framhjá því að fyrirhugaðar ráðstafanir álitsbeiðanda væru óvenjulegar og svo virtist sem þær hefðu engan eðlilegan rekstrartilgang. Þvert á móti færu þær á svig við meginreglur í félagarétti um að hlutafélagi sé óheimilt að veita lán til kaupa á hlutafé í félaginu sjálfu. Ríkisskattstjóri komst að þeirri niðurstöðu að fyrirætlanir álitsbeiðanda væru þvert á niðurstöðu í dómi Hæstaréttar í máli nr. 555/2012. Að þessu virtu væri því hafnað að umrædd vaxtagjöld væru frádráttarber í rekstri álitsbeiðanda og jafnframt var því hafnað að vaxtagjöldin gætu komið til frádráttar tekjum dótturfélagsins við samsköttun félaganna tveggja.

## Álit 09/13

Álitsbeiðandi fékk í ágúst 2012 bindandi álit ríkisskattstjóra á skattalegum áhrifum fyrirhugaðs nauðasamnings sem hann hugðist gera við kröfuhafa sína. Í því álitu komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að breytanleg skuldabréf sem álitsbeiðandi hafði hug á að gefa út væru skuldabréf en ekki eiginfjárframlag. Nú hafði álitsbeiðandi hug á að breyta for-

sendum þeim sem lágu til grundvallar fyrra álitu ríkisskattstjóra. Þannig yrðu umrædd skuldabréf strax á útgáfudegi breytanleg í hlutabréf en ekki á síðara tímamarki eins og gengið hafði verið út frá í fyrra álitinu. Af þessum sökum var óskað eftir því að ríkisskattstjóri staðfesti að niðurstaðan yrði ekki önnur en komist hafði verið að í ágúst 2012.

RSK staðfesti að áfram væri um að ræða skuldabréf en ekki eiginfjárframlag.

## Álit 10/13

Álitsbeiðandi óskaði eftir að ríkisskattstjóri veitti bindandi álit um skattaleg álitaefni sem upp komu í tengslum við viðauka á ráðningarsamningi sem álitsbeiðandi hafði í hyggju að gera við tiltekna starfsmenn sína. Viðaukarnir myndu kveða á um ávinnslu umræddra starfsmanna á hlutabréfum í bankanum og hlutirnir fengjust afhentir þremur árum eftir að ávinnslutímabili lyki.

Álitsbeiðandi óskaði eftir að ríkisskattstjóri svaraði hvort:

- halda ætti eftir staðgreiðslu af þessum hlunnindum við afhendingu hlutabréfanna.
- reikna ætti staðgreiðslu út frá skattstofni sem er skráð verðmæti afhentra hluta skv. gengi í kauphöll, en liggi það ekki fyrir þá verðmæti í nýlegum viðskiptum, eða bókfært virði eigin fjár bankans skv. síðasta skoðaða ársreikningi eða árs hlutareikningi.
- hvort álitsbeiðanda væri heimilt að draga frá rekstrartekjum sínum þá fjárhæð sem reiknuð verður starfsmönnum til tekna að viðbættu móttframlagi í lífeyrissjóð.

Ríkisskattstjóri vísaði til þeirra sjónarmiða sem fram koma í úrskurðum yfirskaðanefndar nr. 203/2005 og 61/2007 og 2. máls. 9. gr. tekjuskattslaga þar sem fram kemur að til skattskyldra tekna teljist mismunur á kaupverði og gangverði þegar kaupréttur er nýttur. Álitsbeiðandi bæri þannig að halda eftir staðgreiðslu af tekjunum þegar hlutabréfin væru afhent. Þá vísaði ríkisskattstjóri til matsreglu 9. gr. tekjuskattslaga og að álitsbeiðandi bæri að reikna staðgreiðslu út frá verðmæti afhentra hluta miðað við þá vísireglu sem þar er að finna. Að síðustu vísaði ríkisskattstjóri til 31. gr. tekjuskattslaga og svaraði því játandi að álitsbeiðanda væri heimilt að draga frá rekstrartekjum sínum þá fjárhæð sem reiknuð væri starfs-

mönnum til tekna. Hvað móttframlag í lífeyrissjóð varðar þá benti ríkisskattstjóri á að umrædd hlunnindi mynduð ekki stofn til greiðslu lífeyrissjóðsigjalds og álitsbeiðanda væri þannig ekki skylt að greiða móttframlag í lífeyrissjóð vegna umræddra tekna.

## Álit 11/13

Álitsbeiðandi sem er erlendur lögaðili, hefur skráð útibú hér á landi og hyggst selja sólarlandaferðir til íslenskra viðskiptavina. Í álitsbeiðni var upplýst að útibúið væri stofnað til að unnt væri að fá íslenskt símanúmer og íslenskt ferðaskrifstofuleyfi. Engin skrifstofa yrði rekin og ekkert starfsfólk yrði hér á landi. Óskað var eftir staðfestingu á því að álitsbeiðandi bæri:

- ekki fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.
- ekki takmarkaða skattskyldu á Íslandi.
- ræki ekki fasta starfsstöð í skilningi norræna tvísköttunarsamningsins.

Ríkisskattstjóri svaraði því til að ekki væri um fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi að ræða. Þá væri ekki um fasta starfsstöð að ræða skv. 4. tölul. 3. gr. og því væri ekki takmörkuð skattskylda skv. því ákvæði. Þá vildi ríkisskattstjóri ekki veita bindandi álit um það hvort álitsbeiðandi gæti mögulega borið takmarkaða skattskyldu vegna annarra tölulíða 3. gr. þar sem allar forsendur sem gefnar voru í álitsbeiðni lutu að fastri starfsstöð. Þá var ekki tekin afstaða til þess hvort um fasta starfsstöð væri að ræða skv. norræna tvísköttunarsamningnum þar sem þegar hafði verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri um fasta starfsstöð að ræða skv. innanlandsrétti og tvísköttunarsamningar veita ekki skattlagningarétt ef hann er ekki fyrir hendi skv. landslögum.

## Frávísun 01/13

Álitsbeiðendur gerðu samning sín á milli um hvernig bæta ætti tiltekið tjón sem mögulega yrði ef dómsmál myndi tapast og óskuðu álitsbeiðendur eftir því að ríkisskattstjóri veitti bindandi álit um skattaleg áhrif þeirra aðgerða sem samningurinn kvað á um.

Ríkisskattstjóri taldi álitsbeiðnina ekki uppfylla skilyrði laga um bindandi álit þar sem ekki væri annað séð en að félögin væru skuldbundin af samningnum sem væri þegar gerður og því ekki í raun um fyrirhugaðar ráðstafanir að ræða.

# Úrskurðir yfirskattanefndar

248/2013

## Útvarpsgjald – tvísköttun

Málavextir eru þeir að við álagningu opinberra gjalda 2012 var kæranda ákvarðað útvarpsgjald í samræmi við lög um Ríkisútvarpið ohf. Kærandi kærði álagningu gjaldsins á þeim forsendum að hann væri sjómaður og að vinna hans væri innt af hendi fjarri Íslandi og hann nyti því ekki þjónustu Ríkisútvarpsins nema um helm-ing ársins. Þá benti kærandi á að honum væri gert að greiða sams konar gjald í Danmörku vegna dreifingar á útvarps- og sjónvarpsefni til danskra skipa.

Í úrskurði yfirskattanefndar kemur fram að samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið ohf. hvíli gjaldskylda útvarpsgjalds m.a. á þeim sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. tekjuskattslaga. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki sæta álagningu gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða fá það gjald fellt niður á grundvelli laga um málefni aldraðra.

Þá kemur fram hjá yfirskattanefnd að óumdeilt sé að kærandi hafi borið fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. gr. tekjuskattslaga gjaldárið 2012 og að álagningu hafi verið hagað í samræmi við það. Ennfremur kemur fram í úrskurði nefndarinnar að útvarpsgjaldið sé ekki meðal þeirra skatta sem tvísköttunarsamningur Norðurlandanna taki til. Með vísan til þessa og þar sem viðmiðunartekjur kæranda voru yfir viðmiðunarmörkum sem gilda um álagningu gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra bar ríkisskattstjóra að ákvarða kæranda útvarpsgjald. Að síðustu tók yfirskattanefnd fram að engin heimild væri í lögum til að taka tillit til þeirra aðstæðna sem kærandi greindi frá í kæru vegna álagningar útvarpsgjalds. Kröfum hans var því hafnað.

*Tvísköttunarsamningur milli Norðurlandanna tekur ekki til útvarpsgjalds. Við álagningu útvarpsgjalds er ekki heimilt skv. lögum að taka tillit til þess að ekki sé umnt að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins ohf.*

294/2013

## Tekjufrádráttur vegna viðhalds og endurbóta íbúðarhúsnæðis - nýbygging

Málavextir eru þeir að ríkisskattstjóri felldi niður frádrátt að fjárhæð kr. 300.000 í skattframtali kæranda árið 2011. Kærandi hafði látið múra íbúðarhúsnæði sitt að utan á árinu 2010 og fært 50% af þeirri fjárhæð sem greidd var vegna þeirrar vinnu til frádráttar tekjum á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum um tekjuskatt.

Kærandi hóf byggingu íbúðarhúss á árinu 2007 og flutti hann í húsið á árinu 2008 ásamt fjölskyldu sinni. Ríkisskattstjóri byggði niðurfellingu frádráttarins á því að umræddur frádráttur væri óheimill þegar framkvæmdir væru í raun liður í nýbyggingu húsnæðis.

Í úrskurði yfirskattanefndar kemur fram að á árinu 2008 þegar kærandi flutti inn í húsið átti eftir að þússa múr að utan. Yfirskattanefnd taldi að líta yrði svo á að:

*„þegar nýbyggt hús er múrþússað að utan í fyrsta skipti sé um framkvæmd að ræða sem í eðli sínu sé liður í nýbyggingu þess, en ekki viðhald eða endurbætur, og getur ekki skipt máli í þessu sambandi þó að ekki hafi staðið til að múra húsið að utan „í náinni framtíð“.“*

Yfirskattanefnd taldi að þegar litið væri til þess skamma tíma sem liðinn var frá upphafi framkvæmda við byggingu íbúðarhúsnæðis kæranda þá gæti ekki verið um að ræða viðhald eða endurbætur í skilningi bráðabirgðaákvæðis XXXV í tekjuskattslögum. Í raun hafi þannig verið um að ræða framkvæmdir við ófullgert íbúðarhúsnæði kæranda og lið í nýbyggingu þess. Kröfum kæranda var af þessum sökum hafnað.

*Múrþússun á íbúðarhúsnæði í fyrsta skipti telst ekki vera viðhald eða endurbætur heldur nýbygging.*

337/2013

## Ólögmaður arður – breytt uppgjörsaðferð

Með úrskurði hækkaði ríkisskattstjóri launatekjur kæranda árið 2007 um kr. 26.750.276. Endurákvörðunin var byggð á þeirri forsendu að um væri að ræða óheimilan arð frá einkahlutafélagi sem var að fullu í eigu kæranda og bæri því að skattleggja úthlutunina sem laun. Vísað var til þess að óheimilt væri að úthluta af fjármunum einkahlutafélags til hluthafa nema farið væri eftir reglum um úthlutun arðs sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagslita sbr. ákvæði laga um einkahlutafélög.

Umboðsmaður einkahlutafélags kæranda hafði í kjölfar fyrirspurnar- og boðunarbréfs ríkisskattstjóra sent inn nýjan ársreikning fyrir rekstrarárið 2005 þar sem horfið væri frá fyrri uppgjörsaðferð, verklokkaðferðinni. Nýr ársreikningur miðaðist við áfangaaðferð og við það jókst hagnaður félagsins um kr. 58.970.864 frá fyrri ársreikningi. Þá fylgdi ársreikningnum skattframtal félagsins 2006 sem gert hafði verið í samræmi við fyrri ársreikning en var nú áritað um breytingar til samræmis við nýjan ársreikning. Umboðsmaðurinn vísaði til ákvæða ársreikningalaga þar sem fram kemur að ársreikningaskrá, sem starfrækt er af ríkisskattstjóra, gæti krafist þess að reikningsskil yrðu leiðrétt. Að sama skapi væri hinum ársreikningsskylda aðilla einnig heimilt að gera leiðréttingar og breytingar án kröfu ríkisskattstjóra.

Í úrskurði yfirskattanefndar er rakið að á árinu 2001 hafi verið gerð breyting á tekjuskattslögum þar sem kveðið væri á um að úthlutun fjármuna frá einkahlutafélagi eða hlutafélagi sem væri í andstöðu við lög um hlutafélög eða einkahlutafélög skyldi skattlögð sem laun.

Þá eru í úrskurðinum einnig rakin ákvæði laga um einkahlutafélög þar sem fram kemur að óheimilt sé að úthluta af fjármunum félags til hluthafa nema það sé gert eftir reglum um úthlutun arðs sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félags-



slita. Ennfremur eru rakin ákvæði laga um einkahlutafélög þar sem fram kemur að einungis sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta rekstrarárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Jafnframt kemur fram að það sé hluthafafundur sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni og að ekki megi úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Í úrskurðinum kemur svo fram að stjórn og framkvæmdastjórn einkahlutafélags skuli bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og að ársreikningur skuli hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar og skýrslu stjórnar. Þá skuli senda ársreikningaskrá ársreikning félagsins eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs.

Samkvæmt upplýsingum í skattframtali einkahlutafélagsins 2007 nam úthlutaður arður til hluthafa kr. 43.333.000 á árinu 2006 og hafði kærandi fært sér sömu fjár-

hæð til tekna sem arð. Í lok árs 2005 nam óráðstafað eigið fé félagsins skv. upphaflegum ársreikningi kr. 16.582.724.

Í forsendum yfirsattanefndar kemur fram að óumdeilt sé og viðurkennt að þeir skattaðilar sem stunda sama atvinnurekstur og einkahlutafélag kæranda geti valið á milli tveggja aðferða við uppgjör tekna af óloknum verkum. Annars vegar geti þeir fært árlega til tekna reiknaðan ágóða af húsbýggingarframkvæmdum með hliðsjón af væntanlegum hagnaði af sölu húseignanna. Hins vegar geti þeir eignfært áfallinn kostnað og skuldfært innborganir vegna framkvæmdanna á byggingartímanum og fært síðan til gjalda og tekna við verklok. Í upphaflegum ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2005 og skattskilum félagsins 2006 var síðari aðferðinni beitt. Í nýjum ársreikningi sem umboðsmaður félagsins sendi inn í kjölfar fyrirspurnar- og boðunarbréfs ríkisskattstjóra var fyrri aðferðinni beitt. Umboðsmaðurinn vísaði til síðari ársreiknings og hélt því fram að í raun væri fyrir hendi grundvöllur fyrir úthlutun arðs á árinu 2006. Þetta taldi yfirsattanefnd verða að skilja þannig að nýr ársreikningur „hafi verið saminn í því skyni að færa töluleg rök fyrir svigrúmi félagsins

til arðsúthlutunar með þeirri fjárhæð sem ákveðin var á árinu 2006.“ Þá segir svo í úrskurðinum:

*„Því hefur hins vegar ekki verið haldið fram af hálfu kæranda að reikningsskil með umræddri aðferð hafi legið fyrir við arðsákvörðun á árinu 2006.“*

Yfirsattanefnd komst að þeirri niðurstöðu að hvað sem liðið hefði möguleikum einkahlutafélagsins til greiðslu frekari arðs á árinu 2006 þá væri ekki unnt að líta framhjá því að arðsákvörðun var á sínum tíma ekki byggð á reikningsskilum sem studdust við nefnda áfangaaðferð. Þar sem ríkisskattstjóri hafi hafnað að gera breytingar á skattskilum einkahlutafélagsins til samræmis við áfangaaðferðina og í samræmi við bindandi áhrif skattframtala taldi yfirsattanefnd að líta yrði á greiðsluna til kæranda sem ólögmetta úthlutun af fjármunum einkahlutafélagsins sem skattleggja bæri sem laun.

*Reikningsskil sem sýndu fram á möguleika til hærri arðgreiðslna lágu ekki fyrir þegar ákvörðun um arðsúthlutun fór fram og af þeim sökum var greiðslan skattlögð sem laun.*

## Hagnaður og tap af sölu skuldabréfa

Málavextir eru þeir að kærendur sættu áætlun skattstofna gjaldárið 2011 þar sem þeir stóðu ekki skil á skattframtali á tilskildum tíma. Framtalið barst um miðjan júní 2011 og var tekið til meðferðar sem skattkæra. Á framtalinu voru taldar fram vaxtatekjur að fjárhæð kr. 55.467.691 og staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts nam kr. 11.320.370 vegna verðbréfavíðskipta við Íslandsbanka.

Í kjölfar bréfaskipta milli ríkisskattstjóra og kæranda úrskurðaði ríkisskattstjóri að innsent framtal væri lagt til grundvallar álagningu að gerðri þeirri breytingu að tilfærðar vaxtatekjur hækkuðu úr kr. 55.467.691 í kr. 79.823.928. Í úrskurðinum kom fram að um væri að ræða vaxtatekjur en ekki hagnað af sölu eigna. Þar með ætti heimild 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga, sem kveður á um að áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna sé ákveðinn megi draga frá heildarhagnaðinum tap af sölu sams konar eigna á sama ári, ekki við.

Úrskurður ríkisskattstjóra var kærður til yfirsattanefndar þar sem þess var krafist að framangreind breyting ríkisskattstjóra yrði felld úr gildi. Til stuðnings kröfum sínum vísuðu kærendur til þess að ómögulegt væri að stunda þau víðskipti sem um ræðir án þess að verða fyrir tapi af gerð einstakra samninga. Þannig fáist raunsönn lýsing á árangri fjárfestis yfir tiltekið tímabil eingöngu með því að virða víðskiptin heildstætt með tilliti til hagnaðar og taps í einstökum tilvikum. Jafnframt vísuðu kærendur til þess að fjármálastofnanir hefðu látið hjá líða að halda eftir staðgreiðslu skatts af umræddum víðskiptum og að skattyfirvöld hefðu látið það átölulaust um árabíl. Jafnræðisreglan hefði þar með verið brotin á kærendum og að um íþyngjandi afturvirkni hafi verið að ræða sem sé brot á stjórnarskránni. Ennfremur vísuðu kærendur til þess að úrskurðurinn færi í bága við Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem hann feli í sér takmörkun á ráðstöfunarrétti kæranda yfir eignum sínum og skerðingu á friðhelgi eignarréttar þeirra.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að samkvæmt 3. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga teljist vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður sbr. 8. gr. laganna til skattskyldra tekna. Í 2. mgr. 8. gr. laganna komi svo fram að til tekna sem vextir teljist vextir af kröfum eða inneignum sem eru greiddir eða greiðslukræfir sem

og greiddar verðbætur á afborganir og vexti. Ennfremur teljist til tekna í þessu sambandi gengishækkun hlutdeildarskírteina, hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum.

Með vísan til þessa taldi yfirsattanefnd að tekjur kæranda af sölu skuldabréfa gætu ekki fallið undir hagnað af sölu eigna í 8. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga heldur væri um að ræða tekjur sem skattskyldar væru á grundvelli áður nefnds 3. tölul. C-liðar 7. gr. Af þessu leiddi að heimild í 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga, sem reifuð var hér að framan, ætti ekki við í tilviki kæranda enda ætti það ákvæði eingöngu við um hagnað af sölu eigna samkvæmt 12. – 27. gr. tekjuskattslaga.

Hvað varðar aðrar málsástæður kæranda um frádrátt frá umræddum tekjum þá kemur fram í úrskurði yfirsattanefndar að í tekjuskattslögum sé ekki að finna sérstaka heimild til þeirrar uppgjörsaðferðar sem kærendur krefjast að sé notuð. Þannig sé ekki heimilt að nota 3. mgr. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 31. gr. þar sem kveðið sé á um heimild til að draga beinan kostnað við öflun tekna frá tekjunum enda eigi sú frádráttarheimild ekki við um leigutekjur, vexti eða aðrar fjármagnstekjur. Þá taldi yfirsattanefnd að ákvæði 2. mgr. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga sem hefur að geyma heimild til að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur verið greiddur af vöxtunum gætu ekki átt við tilvik kæranda. Kærendur hefðu ekki orðið fyrir tapi á greiðslukræfum fjármagnstekjum í skilningi ákvæðisins heldur hefði tap myndast vegna gengislækkunar við sölu umræddra skuldabréfa.

Vegna þeirra málsástæðna kæranda að fjármálastofnanir hafi ekki haldið eftir staðgreiðslu af umræddum tekjum vísaði yfirsattanefnd til þess að afdráttur staðgreiðslu breyti engu um skatt- og framtalsskyldu þeirra tekna sem um ræðir í málinu. Því var ekki fallist á að hækkan ríkisskattstjóra fæli í sér íþyngjandi breytingu á skattframtömd eða brot á jafnræðisreglu.

Að síðustu benti yfirsattanefnd á að samkvæmt stjórnskipunarvenju væri það regla íslensks réttar að dómstólar eigi úrlausn þess hvort lög samrýmist stjórnarskránni. Yfirsattanefnd væri stjórnvald og hefði því ekki hliðstætt hlutverk og dómstólar, hvorki samkvæmt réttarframtömd né á öðrum grundvelli.

Að framangreindu virtu hafnaði yfirsattanefnd kröfum kæranda en lækkaði

þó fjárhæð vaxtatekna kæranda um kr. 1.897.416 frá því sem ríkisskattstjóri ákvað, eða sem nam þóknunum sem kærendur greiddu Íslandsbanka við sölu skuldabréfanna.

*Ekki er heimilt að draga vaxtatekjur af sölu skuldabréfa frá vaxtatekjum af sams konar bréfum.*

## Ívilnun vegna menntunar barns – láns hæft nám

Kærandi hafði óskað eftir lækkan á tekjuskattstofni vegna menntunar barns sbr. 4. tölul. 1. mgr. 65. gr. tekjuskattslaga. Í umsókninni kom fram að dóttir kæranda væri nemandi við X háskóla og hefði stundað skiptinám við skóla í Frakklandi á árinu 2011. Þar sem húsnæðiskostnaður hennar hefði verið mjög hár hefði kærandi greitt hluta af húsaleigu hennar, samtals kr. 500.000, og fór kærandi fram á lækkan á tekjuskattstofni sem því nam.

Í úrskurði ríkisskattstjóra var umsókn kæranda hafnað. Í rökstuðningi kom fram að framangreint ákvæði tekjuskattslaga tæki til þeirra sem hefðu veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna, 16 ára og eldri, sem legðu stund á nám í framhaldsskólum. Með námi væri þannig átt við nám að loknum grunnskóla þ.e. á framhaldsskólástigi. Ívilnun á grundvelli ákvæðisins kæmi þannig ekki til greina ef stundað væri nám á háskólástigi sem veitti rétt til námslána.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að tekjuskattslögin hafi ekki að geyma nánari ákvæði um ákvörðun ívilnunar vegna menntunar barna 16 ára og eldri en það sem fram kemur í ákvæðinu sjálfu. Yfirsattanefnd vísaði til reglna ríkisskattstjóra nr. 212/1996, um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fram koma frekari skilyrði fyrir lækkan samkvæmt ákvæðinu. Í reglunum er þannig mælt fyrir um að fyrst og fremst sé átt við börn á aldrinum 16-21 árs sem stundi nám að loknum grunnskóla. Þá er jafnframt tekið fram í reglunum að veiti námið rétt til námslána komi ívilnun ekki til álita. Ennfremur kemur fram í úrskurðinum að þessi túlkun á ákvæðinu verði að teljast langvarandi og fastmótuð og að hún hafi komið fram í framtalsleiðbeiningum ríkisskattstjóra um langt árabíl. Þar sem nám dóttur kæranda veitti rétt til námslána samkvæmt lögum um

Lánasjóð íslenskra námsmanna var kröfu kæranda hafnað.

*Leggi barn stund á láns hæft nám á háskólastigi eiga foreldrar ekki rétt á ívilnun vegna útgjalda til menntunar barna.*

**348/2013**

### Uslagjald vegna síðbúinna skila á virðisaukaskattsskýrslu

Málavextir eru þeir að á kæranda var lagt sérstakt 5.000 kr. gjald vegna síðbúinna skila á virðisaukaskattsskýrslu í samræmi við 27. gr. B laga um virðisaukaskatt. Kærandi kærði álagningu gjaldsins til yfirsattanefndar og krafðist niðurfellingar á því. Til stuðnings kröfum sínum vísaði kærandi til þess að ekki hefði verið um skattskylda veltu að ræða á því uppgjörstímabili sem álagningin varðaði og að kærandi hefði hreinlega gleymt að skila inn skýrslu. Þá hefði kærandi verið skilvís um áratugaskeið. Jafnframt gerði kærandi athugasemd við að ríkisskattstjóri hefði ekki upplýst um tilvist umrædds gjalds og þannig hefði kærandi ekki getað brugðist við og óskað eftir niðurfellingu gjaldsins við skil á virðisaukaskattsskýrslu sinni.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að samkvæmt 27. gr. B laga um virðisaukaskatt skuli leggja á sérstakt gjald berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að skattaðili hafi sætt áætlun. Jafnframt kemur fram í ákvæðinu að fella megi gjaldið niður ef skattaðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og heyrir það undir ríkisskattstjóra að meta í hverju tilviki hvað skuli telja gildar ástæður í þessu sambandi.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að þegar litið sé til eðlis þess gjalds sem um sé deilt sé ekki fundið að því þótt ákvörðunin hafi ekki verið boðuð sérstaklega. Þá segir svo orðrétt í úrskurðinum:

*„Á hitt er að líta að þar sem það var ekki gert og gjaldið fyrst tilkynnt kæranda með kæruúrskurði ríkisskattstjóra var þess naumast að vænta að kærandi bæri fram með kæru til ríkisskattstjóra þær ástæður sem hann taldi afsaka síðbúin skil á skýrslu sinni, sbr. 2. mgr. 27. gr. B laga nr. 90/2003 (sic).“*

Skýringar kæranda og sjónarmið hans hefðu þannig komið fyrst fram í kæru til yfirsattanefndar. Með vísan til 12. gr. laga um yfirsattanefnd var ríkisskattstjóra send kæran til meðferðar og uppkvaðningar nýs úrskurðar.

*Þótt ekki þurfi að boða álagningu á uslagjaldi er samt sem áður litið til þess að skattaðili hafði ekki tækifæri til að koma að skýringum sínum um síðbúin skil á framfæri og málið þess vegna sent til nýrrar meðferðar hjá RSK.*

**353/2013**

### Frádráttur frá styrk vegna kaupa á heyrnartækjum – Persónulegur kostnaður – Ívilnun

Málavextir eru þeir að kærandi færði til tekna á framtali sínu vegna tekjuársins 2011 styrk frá stéttarfélagi að fjárhæð kr. 128.000. Sömu fjárhæð færði kærandi til frádráttar vegna kostnaðar sem til hafði fallið við kaup á heyrnartækjum. Fyrir álagningu opinberra gjalda 2012 var kæranda tilkynnt að ríkisskattstjóri hefði fellt frádráttinn niður þar sem um væri að ræða persónuleg útgjöld sem ekki væru frádráttarþær.

Kærandi óskaði þá eftir því við ríkisskattstjóra að tekjuskattsstofn hans yrði lækkaður vegna veikinda, slysa eða ellihrörleika sbr. 1. tölul. 1. mgr. 65.

”

... almennt væri ekki veitt ívilnun vegna kaupa á heyrnartækjum nema um væri að ræða kostnað sem væri umfram venjulegan slíkan kostnað og af sérstökum heilsufarslegum ástæðum

gr. tekjuskattslaga. Í greinargerð með umsókninni kom fram að sótt væri um ívilnun sem næmi fjárhæð fengins styrks vegna kostnaðar að fjárhæð kr. 396.000 sem til féll vegna kaupa á heyrnartækjum.

Þetta erindi kæranda tók ríkisskattstjóri sem kæru á álagningu opinberra gjalda og með úrskurði var beiðni kæranda um ívilnun synjað. Forsenda synjunarinnar var sú að almennt væri ekki veitt ívilnun vegna kaupa á heyrnartækjum nema um væri að ræða kostnað sem væri umfram venjulegan slíkan kostnað og af sérstökum heilsufarslegum ástæðum. Þess utan réðist ívilnun af gjaldþoli þess sem óskar eftir ívilnun og við mat á því væri bæði litið til tekna og eigna sem aukið gætu gjaldhæfi viðkomandi skattaðila. Í úrskurðinum var ennfremur tekið fram að styrkur stéttarfélagsins teldist til skattskyldra tekna og að engar forsendur væru fyrir hendi að ívilna á móti styrknum.

Kæruúrskurður ríkisskattstjóra var kærður til yfirsattanefndar og þess krafist að styrkur til kæranda sætti ekki skattlagningu þannig að annað hvort fengi kærandi ívilnun á móti styrknum eða frádrátt vegna útlagðs kostnaðar. Í kærinni kom fram að kærandi hefði skerta heyrn vegna starfa sinna sem vélstjóri og að hann hafi þurft að endurnýja heyrnartæki sín á árinu 2011. Kærandi hafi fengið styrk frá stéttarfélagi sínu og að hann hafi talið að skattaleg meðferð styrksins yrði með sambærilegum hætti og styrkir til öflunar hjólastóla, gervilima o.þ.h. Þá hafi kostnaður numið 139% umfram veittan styrk og því ljóst að kostnaðurinn hafi verið verulega umfram veittan styrk.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að um frádrátt styrkja sem teljast til tekna samkvæmt 2. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga fari eftir 2. mgr. 30. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga gilda um beinan kostnað við öflun annarra tekna en samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna. Af þessari tilvísun leiðir að ekki er heimilt að draga persónuleg útgjöld frá styrkjum. Útgjöld vegna kaupa

á heyrnartækjum teljast persónulegur kostnaður sem samkvæmt framanrituðu komi ekki til álita sem frádráttur á móti veittum styrk.

Vegna ívilnunarkröfu kæranda kemur fram í úrskurði yfirsattanefndar að forsaga lagaákvæða um ívilnanir á sköttum sýni að réttlæt看legt sé að víkja frá almennum reglum um skattálagningu þegar gjaldþol skattaðila hefur skerst verulega vegna sérstakra áfalla svo sem slysa eða veikinda. Yfirsattanefnd taldi að þegar virtar væru tekjur kæranda og fjármagnstekjur hans og eiginkonu hans væri ekki talið að um verulega skert gjaldþol væri að ræða. Kröfu um ívilnun var því hafnað.

*Kaup á heyrnartækjum teljast vera persónulegur kostnaður sem ekki fæst dreginn frá veittum styrk til kaupa á þeim.*

## DÓMAR



## Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 368/2013

## Stoðir hf. gegn íslenska ríkinu

## Endurákvörðun skatta – nauðasamningur – skuldajöfnuður

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 7. nóvember 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Stoða hf. Áfrýjandi (Stoðir hf.) krafðist þess að viðurkennt væri að skattkrafa stefnda (íslenska ríkisins) á hendur sér samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra frá árinu 2011, eins og henni var breytt með úrskurði yfirkattaneftndar frá árinu 2012, falli undir nauðasamning áfrýjanda sem staðfestur var í Héraðsdómi Reykjavíkur 15. júní 2009. Jafnframt krafðist áfrýjandi endurgreiðslu á kr. 455.010.924.

Í stuttu máli laut ágreiningur aðila að því hvenær skattkrafa stofnist og hvort skuldajöfnuður hafi verið tækur við þær aðstæður sem uppi voru í málinu.

Málavextir eru þeir helstir að skattstjórnin í Reykjavík hóf skoðun á bókhaldi og skattskilum áfrýjanda í mars 2008. Málinu var svo vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tók skattskil áfrýjanda árin 2005, 2006 og 2007 til rannsóknar í nóvember 2008. Í október það ár var áfrýjanda veitt heimild til greiðslustöðvunar og í apríl 2009 fékk hann svo heimild til að leita nauðasamninga. Kröfuhafar samþykktu nauðasamning í maí 2009 og staðfesti Héraðsdómur Reykjavíkur samninginn þann 15. júní sama ár.

Áfrýjandi hafði staðið skil á skattframtali 2009 vegna rekstrarársins 2008 eftir að framtalsfrestur var liðinn og var framtalið tekið sem kæra til ríkisskattstjóra í samræmi við ákvæði 99. gr. tekjuskattslaga.

Í desember 2010 lauk skattrannsóknarstjóri ríkisins áðurnefndri rannsókn sinni og var skýrsla hans send ríkisskattstjóra til endurákvörðunar opinberra gjalda. Í byrjun mars 2011 óskaði áfrýjandi eftir því í bréfi til ríkisskattstjóra að niðurstaða fengist í endurákvörðunarmálinu eins

fljótt og unnt væri því það væri mikið hagsmunamál fyrir félagið. Í sama mánuði tilkynnti ríkisskattstjóri áfrýjanda að vegna mikilla anna væri fyrirséð að afgreiðsla á kæru hans myndi dragast en fyrirhugað væri að afgreiða kærana innan tveggja til þriggja vikna.

Úrskurður um endurákvörðun opinberra gjalda og virðisaukaskatt vegna rekstraráranna 2006 og 2007 var kveðinn upp þann 16. júní 2011. Úrskurðurinn var byggður á niðurstöðum í skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins og samkvæmt honum voru skattkröfur á hendur áfrýjanda hækkaðar um kr. 545.225.977.

Með úrskurði dagsettum 24. júní 2011 afgreiddi ríkisskattstjóri kæru áfrýjanda vegna rekstrarársins 2009 og lagði innsent framtal til grundvallar álagningu opinberra gjalda og felldi fyrri áætlun niður. Samkvæmt úrskurðinum átti áfrýjandi að fá endurgreiddar kr. 447.591.256 vegna ofgreidds skatts af vaxtatekjum og arði.

Þann 27. júní 2011 kærði áfrýjandi úrskurð ríkisskattstjóra frá 16. júní 2011 til yfirkattaneftndar. Þann sama dag skulda jafnaði tollstjóri endurgreiðslunni á móti skattaskuld áfrýjanda. Áfrýjandi mótmælti skuldajöfnuðinum og vísaði til staðfestingar á nauðasamningi og lýsti því yfir að skattkrafa samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra frá 16. júní væri skilyrt krafa í skilningi 31. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Innheimtumaður ríkissjóðs væri þannig bundinn af nauðasamningnum. Áfrýjanda bæri því eingöngu að greiða kr. 1.000.000 vegna endurákvörðunarinnar og 5% af eftirstöðvum með hlutafé í áfrýjanda.

Þar sem áfrýjanda tókst ekki að fá kröfum sínum framgengt innan stjórnsýslunnar höfðaði hann mál fyrir Héraðsdómi

Reykjavíkur og krafðist þess m.a. að

- viðurkennt yrði með dómi að skattkröfur á hendur honum ásamt vöxtum á kröfuna skv. úrskurði ríkisskattstjóra dags. 16. júní 2011, sbr. úrskurð yfirkattaneftndar nr. 391/2012, falli undir nauðasamning hans við kröfuhafa sem samþykktur var 15. júní 2009
- að stefndi endurgreiddi kr. 455.010.924 ásamt dráttarvöxtum.

Viðurkenningarkrafa áfrýjanda var á því byggð að skattkrafan sem myndaðist við úrskurð ríkisskattstjóra þann 16. júní 2011 hafi verið skilyrt krafa í skilningi 31. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og að innheimtumaður ríkissjóðs hafi verið bundinn af nauðasamningi milli hans og kröfuhafa.

Áfrýjandi byggði á því að skattkröfur teljist fallnar til við lok þess uppgjörstímabils sem þær varði, hvort heldur það sé í lok uppgjörstímabils í tilviki virðisaukaskatts eða rekstrarárs í tilviki opinberra gjalda. Endurákvörðun breyti engu um það að skattkrafan hafi talist falla til við lok þess tímabils er hún varði. Það sé því unnt að segja að krafan sjálf hafi stofnast eða fallið til í síðasta lagi við lok rekstraráranna 2006 og 2007, enda þótt skattyfirvöld hafi ekki endanlega ákveðið fjárhæð hennar til innheimtu. Í þessu sambandi skipti ennfremur ekki máli hvenær skattkrafan hafi orðið gjaldkræf skv. 6. mgr. 112. gr. tekjuskattslaga. Innheimtumanni hefði verið unnt að lýsa skilyrtri kröfu til umsjónarmanns nauðasamninga áfrýjanda fyrir lok kröfulýsingafrests sem var 13. maí 2009.

Endurgreiðslukröfu sína studdi áfrýjandi þeim rökum að þar sem kröfur samkvæmt úrskurði 16. júní 2011 hafi



fallið undir nauðasamninginn hafi skulda-  
jöfnun því verið óheimil.

Þá vísaði áfrýjandi til þess að skulda-  
jöfnun tollstjóra hafi ávallt verið ólög-  
mæt burtséð frá því hvort skattkrafan hafi fallið  
undir nauðasamninginn eða ekki því ríkis-  
skattstjóri hafi gerst sekur um ólög-  
mæta málsmeðferð þegar hann afgreiddi ekki  
kæru áfrýjanda vegna opinberra gjalda  
2009 innan lögmælt frests heldur hafi  
beðið með afgreiðsluna þar til búið var að  
endurákværða á grundvelli skýrslu skatt-  
rannsóknarstjóra ríkisins. Verulegur og  
ólögmætur dráttur hafi þannig orðið á  
afgreiðslunni í þeim augljósa tilgangi að  
koma skuldajöfnun við. Málsmeðferð ríkis-  
skattstjóra hafi gert það að verkum að hún  
hafi komið í veg fyrir að áfrýjandi fengi þær  
endurgreiðslur sem hann hafi átt rétt á.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum áfrýj-  
anda. Til stuðnings sýknukröfunni vísaði  
stefndi til þess að óumdeilt væri að skattar  
vegna rekstraráranna 2006 og 2007 hafi  
verið endurákværðaðir að lokinni rannsókn  
skattrannsóknarstjóra. Sú endurákvörðun  
hafi leitt af sér hækkun á sköttum áfrýj-  
anda frá upphaflegri álagningu. Áralöng  
dómaframkvæmd sé fyrir því að ef skuld  
samkvæmt endurákvörðun sé hærrí en  
skuld samkvæmt upphaflegri álagningu  
þá leiði endurákvörðunin til þess að nýr  
gjaldtagi myndist. Skattkrafa samkvæmt  
endurákvörðun falli í gjalddaga tíu dögum  
eftir að tilkynnt hefur verið um hækkun.  
Í samræmi við þessa dómaframkvæmd  
hafi skattkrafa stefnda á hendur stefnanda  
stofnast þann 16. júní 2011.

Þá benti stefndi á að nauðasamningur  
áfrýjanda hafi verið staðfestur í júní 2009  
en umþrætt skattkrafa hafi ekki stofnast  
fyrir en um það bil tveimur árum síðar. Af  
þeim sökum sé stefndi ekki bundinn af  
nefndum nauðasamningi.

Stefndi vísaði til þess að lagaskilyrði  
hefðu verið fyrir skuldajöfnuði enda hefði  
hvorki krafa áfrýjanda til endurgreiðslu á  
ofgreiddum sköttum né krafa stefnda til  
vangreiddra skatta verið til við staðfest-  
ingu nauðasamningsins. Ekki hefði verið  
unnt að lýsa skilyrtri kröfu við nauða-  
samningsgerð enda var það fyrst eftir lok  
rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins  
í desember 2010 sem ljóst var hvort niður-  
stöður rannsóknarinnar hefðu í för með  
sér hækkun á skatti.

Þá mótmælti stefndi staðhæfingu  
áfrýjanda um málsmeðferð ríkisskattstjóra  
sem röngum og ósönnuðum. Ríkisskatt-  
stjóri hafi tilkynnt um tafir á afgreiðslu  
skattframtals hans og skýrt frá ástæðum  
tafanna. Þá vísaði stefndi því alfarið á bug

að starfsmenn ríkisskattstjóra geri sér það  
að leik að fresta afgreiðslu einstakra mála  
eftir hentugleikum og misbeiti þannig  
valdi sínu.

Í forsendum héraðsdóms kemur fram  
að skattkröfur séu ekki undanþegnar  
nauðasamningum skuldara og þær teljist  
til almennra samningskrafna skv. 29. gr.  
laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.  
Þá hafi nauðasamningur ekki áhrif á kröfur  
sem verða til eftir að úrskurður gengur um  
heimild skuldara til að leita nauðasam-  
ninga. Í dómnum segir:

*„Samkvæmt athugasemdum með 28.  
gr. frumvarps að lögum er með tilurð  
kraftna átt við stofnunartíma skuldbind-  
inga og reglan feli því efnislega í sér að  
nauðasamningur hafi ekki áhrif á kröfur  
sem stofnast hafa eftir að úrskurður  
gengur um heimild skuldara til að leita  
nauðasamninga.“*

Þá segir svo í dómnum um það hvenær  
krafa stofnast:

*„Samkvæmt viðurkenndri lögfræðilegri  
skilgreiningu hugtaksins krafa, stofnuð-  
ust framangreindar viðbótarskattkröfur  
á hendur stefnanda, að fjárhæð  
444.260.798 krónur, við úrskurð ríkis-  
skattstjóra 16. júní 2011 ... Er ekkert í  
lögum eða öðrum réttarheimildum sem  
styður þá skoðun stefnanda að kröfurnar  
hafi stofnast í lok rekstraráranna 2006  
og 2007 enda ekki verið sýnt fram á af  
stefnanda að stefndi hafi í lok umræddra  
rekstrarára haft undir höndum upplýs-  
ingar og / eða önnur gögn sem sýnt hafi  
fram á tilvist þeirra viðbótarskattkrafna  
sem staðfestar voru með úrskurði yfir-  
skattanefndar 11. desember 2012 ... “*

Vísaði héraðsdómarinn til ákvæða 6. mgr.  
112. gr. tekjuskattslaga um stofntíma við-  
bótarskattkrafna þar sem fram kemur að  
séu skattar hækkaðir eftir álagningu falli  
viðbótarfjárhæðin í gjalddaga tíu dögum  
eftir að gjaldanda hafi verið tilkynnt um  
hækkunina. Stefndi var þannig sýknaður  
af viðurkenningarkröfu áfrýjanda.

Vegna endurgreiðslukröfunnar kemur  
fram í héraðsdómnum að þar sem skatt-  
kröfur á hendur stefnda hafi fyrst stofnast  
í júní 2011 þá hafi þær kröfur ekki fallið  
undir nauðasamninginn. Af þeim sökum  
sé ekki unnt að fallast á endurgreiðslukröfu  
áfrýjanda á þeim grunni.

Þá taldi dómarinn að lagaskilyrði fyrir  
skuldajöfnuði hafi verið til staðar þegar  
hann fór fram enda hafi báðar kröfurnar,

endurgreiðslukrafan og viðbótarkrafa  
stefnda, verið gjaldfallnar.

Vegna þeirrar málsástæðu að málsmeð-  
ferð ríkisskattstjóra hafi verið ólög-  
mæt og að með því hefði ríkisskattstjóri getað  
þvingað fram skuldajöfnuð kemur fram  
í dómnum að fyrir liggja að verulegur  
dráttur hafi orðið á afgreiðslu skatt-  
kærunnar og að fallast megi á það að sá  
dráttur brjóti í bága við málshraðareglur  
stjórnsýslunnar. Aftur á móti hafi þeirri  
skýringu stefnda ekki verið hrundið, að  
tafirnar hafi mátt rekja til mikils mála-  
fjölda og vinnuálags hjá ríkisskattstjóra „í  
framhaldi af kerfisbreytingu innan skatt-  
kerfisins sem hrundið var í framkvæmd  
frá og með 1. janúar 2010“. Dómarinn  
taldi að ekki væru til staðar slíkar ástæður  
í málinu að töfin ætti að valda ógildingu  
á ákvörðun. Stefndi var þannig sýknaður  
af endurgreiðslukröfunni.

Þessari niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað til  
Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn þann 7.  
nóvember 2013 eins og fyrr segir.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að nokkuð  
misræmi hafi verið á því í dómaframkvæmd  
hvenær skattkrafa teljist hafa stofnast. Í  
sumum tilvikum þurfi atbeina stjórnvalds til  
að ákveða fjárhæð skatta en í öðrum tilvikum  
er gjaldanda ætlað að skila skýrslu sem byggja  
má skattfjárhæð á og standa síðan skil á  
greiðslu í samræmi við það. Þá kemur fram að  
ákvörðun ríkisskattstjóra um hækkun skatta  
eftir álagningu þeirra falli undir fyrrnefnda  
flokkinn. Ákvörðun viðbótarskatta áfrýjanda  
fór fram í júní 2011 og af þeim sökum fellur  
sú skattkrafa ekki undir nauðasamning  
áfrýjanda. Ennfremur vísaði Hæstiréttur til  
þess að áfrýjandi hefði ekki skilað virðisauka-  
skattsskýrslum sem byggja mátti álagninguna  
á fyrir en 6. apríl 2009. Viðurkenningarkröfu  
áfrýjanda var því hafnað.

Hvað varðar endurgreiðslukröfu áfrýjanda  
þá tekur Hæstiréttur fram að viðurken-  
ningarkröfu áfrýjanda hafi verið hafnað og  
að skattkrafan hafi þar með ekki fallið undir  
nauðasamning áfrýjanda og standi því  
óhöggud. Stefndi hafi átt gagnkröfu á móti  
greiðslukröfu áfrýjanda og verður ekki séð  
að þeirri niðurstöðu fenginni hvaða hags-  
muni hann geti haft af því að dómur gangi  
um síðari þátt dómkrafna hans. Þá kemur  
fram í dómi Hæstaréttar að ef fallist væri á  
þá málsástæðu áfrýjanda að ríkisskattstjóri  
hefði dregið með ólögmetum hætti að leggja  
skattframtal hans til grundvallar álagningu  
þá myndi „það fráleitt leiða til þess að tekin yrði  
til greina greiðslukrafa hans, sem er höfð uppi á  
grundvelli þess sama úrskurðar.“

# Ákærvaldið gegn Benedikt Eyjólfssyni og Bílabúð Benna ehf.

## Vanskil á ársreikningi – refsíábyrgð

Sérstakur saksóknari gaf út ákæru á hendur ákærðu, Benedikt Eyjólfssyni og Bílabúð Benna ehf., þann 5. desember 2012, þar sem þeim var gefið að sök að hafa framið meiriháttar brot gegn ársreikningalögum með því að vanrækja að standa skil á ársreikningum hlutafélagsins á lögmaeltum tíma vegna árána 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010.

Ákærði, Benedikt, neitaði sök og kvaðst vera ósáttur við að vera skyldaður til að standa skil á ársreikningi til opinberrar birtingar. Með slíkri birtingu væru upplýsingar um rekstur félagsins aðgengilegar samkeppnisaðilum á markaði. Ákærði hafi því tekið ákvörðun um að skila ekki ársreikningum til ársreikningaskrár.

Í dómi Hæstaréttar er rakið að leiddar hafi verið í íslenskan rétt tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins sem raktar eru í 128. gr. laga um ársreikninga.

Umræddar reglur miði meðal annars að því að tryggja aðgang að upplýsingum um fjárhagsmálefni félaga á samkeppnismarkaði til að treysta stöðu eigenda og annarra sem kunna að hafa hagsmuna að gæta. Þá kemur fram að um sé að ræða lágmarksreglur sem girði ekki fyrir að ríkari kröfur verði gerðar í löggjöf einstakra EES-ríkja. Ennfremur kemur fram að reglurnar breyti engu um refsinaemi þeirrar vanrækslu sem ákærða, Benedikt, er gefin að sök og að skylda til að skila ársreikningum til ársreikningaskrár fari í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu hér- aðsdóms þess efnis að ákærði, Benedikt, hafi vanrækt þá lagaskyldu sem á honum hvíldi til að senda ársreikninga einkahlutafélagsins til ársreikningaskrár. Hæstiréttur taldi að um meiriháttar brot væri að ræða. Að því virtu og að teknu tilliti til þess að

ársreikningum fyrir umrædd ár hafi nú verið skilað var ákærða, Benedikt, gert að greiða kr. 1.000.000 í sekt innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins en sæta ella fangelsi í 40 daga.

Um ábyrgð ákærðu, Bílabúðar Benna ehf., kemur fram í dómi Hæstaréttar að þegar fyrirvarsmaður lögaðila hefur gerst sekur um brot á lögum um ársreikninga megi, auk þeirrar refsingar sem hann sætir, gera lögaðilanum fésekt enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með vísan til þess að ákærði, Benedikt, hafi lýst því yfir að samkeppnishagsmunir einkahlutafélagsins hafi valdið því að ekki voru staðin skil á ársreikningum innan lögboðins frests komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið framið til hagsbóta fyrir hið ákærða félag og var félaginu gert að greiða sektina óskipt með ákærða, Benedikt.

# Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. gegn íslenska ríkinu

## Virðisaukaskattur – nauðasamningur – skuldajöfnuður

Málavextir eru þeir að í júní 2010 fékk áfrýjandi heimild til greiðslustöðvunar og í febrúar 2011 fékk hann heimild til að leita nauðasamnings. Frumvarp til slíks samnings var samþykkt af kröfuhöfum áfrýjanda í apríl sama ár og staðfesti héraðsdómur samninginn í maí 2011. Samningurinn kvað á um að kröfuhafar með samningskröfur að heildarfjárhæð kr. 100.001 eða hærri miðað við 21. júní 2010 skyldu fá kröfur sínar greiddar með eingreiðslu að fjárhæð kr. 100.000. Eftirstöðvar slíkra samningskrafna skyldi greiða að 32,5% og

væru gjalddagar þeirra eftirstöðva á þriggja mánaða fresti frá 1. september 2011 til 1. júní 2013. Skyldi hver greiðsla nema 4% af eftirstöðvum nema hvað síðasta greiðslan skyldi vera 4,5%.

Stefndi, íslenska ríkið, fór með samningskröfu að fjárhæð kr. 31.534.773 við gerð nauðasamningsins sem áfrýjandi kveður að hafi numið kr. 10.316.301 eftir að samningur var samþykktur. Í október 2011 stofnaðist krafa áfrýjanda á hendur stefnda um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins júlí til ágúst 2011 að

fjárhæð kr. 91.236.398. Innheimtumaður ríkissjóðs skuldajafnaði kr. 32.115.232 af þeirri inneign á móti áður greindri kröfu á hendur áfrýjanda. Mismunurinn var svo endurgreiddur áfrýjanda.

Áfrýjandi krafðist þess að fá alla endurgreiðsluna, kr. 91.236.398, þar sem skuldajöfnun hafi ekki verið heimil. Krafa stefnda hafi numið kr. 10.316.301 en ekki kr. 32.115.232 þar sem hann hafi verið bundinn af nauðasamningnum.

Stefndi vísaði til þess að skuldajöfnuður hafi verið heimill skv. 3. mgr. 25. gr. laga um

virðisaukaskatt eins og það ákvæði hafi verið túlkað af dómstólum sbr. dóma Hæstaréttar 9. nóvember 1995 í máli 186/1995 og 13. febrúar 1997 í máli 156/1996.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga um virðisaukaskatt skuli ríkisskattstjóri tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs um endurgreiðslu, hafi verið fallist á inn eignarskýrslu. Innheimtumaður skuli þá endurgreiða skattaðilanum mismuninn en þó skuli fyrst skuldajafna á móti endurgreiðslunum kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta, ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum.

Um þau dómafordæmi sem stefndi vísaði til tiltók Hæstiréttur að í fyrra málinu hafi verið deilt um heimild til

skuldajafnaðar á greiðslustöðvunartíma en í því síðara væri um að ræða skuldajöfnuð innan marka þeirrar fjárhæðar sem skuldari skyldi standa innheimtumanni skil á samkvæmt nauðasamningi.

Hæstiréttur rakti ákvæði 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem fram kemur að þegar krafa skuldara um staðfestingu nauðasamnings hefur verið tekin til greina með endanlegri dómsúrlausn þá sé hann bindandi fyrir kröfuhafa. Efnidir samningskröfu í samræmi við nauðasamning hafi þannig sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnid eftir upphaflegu efni sínu. Orðrétt segir svo í dómnum:

„Í því máli sem hér um ræðir hafði innheimtumaður ríkissjóðs skuldajafnað án

þess að gæta að því að krafa ríkissjóðs skyldi sæta þeirri skerðingu sem mælt var fyrir um í hinum staðfesta nauðasamningi. Þótt inneign áfrýjanda er komst í hendur stefnda heimili stefnda skuldajöfnun á grundvelli 3. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988 nær sú heimild ekki til þess að nauðasamningi verði vikið til hliðar þannig að stefndi fái í sinn hlut greiðslur umfram það sem nauðasamningur kvað á um, sbr. framangreind fyrirmæli í 2. mgr. 60. gr. laga nr. 21/1991.“

Íslenska ríkið var þannig dæmt til að greiða áfrýjanda samkvæmt aðalkröfu hans eða kr. 32.115.232 með dráttarvöxtum.

## Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 302/2013

# Eyvindur Jóhannsson gegn KPMG ehf., KPMG lausnum ehf., KPMG FS ehf., Einari Sveinbjörnssyni og Benedikt Kjartani Magnússyni og til réttargæslu Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Tryggingamiðstöðinni hf.

## Sala einkahlutafélaga – samruni – yfirlýsing endurskoðanda

Í dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 7. nóvember 2013 var komist að þeirri niðurstöðu að stefndu bæru skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda að 2/3 hlutum. Þar með sneri Hæstiréttur niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. febrúar 2013 við en stefndu voru sýknaðir í héraði.

Málavextir eru þeir helstir að á árinu 2007 komu fulltrúar stefnda, KPMG ehf., að máli við áfrýjanda og könnuðu vilja hans til að selja einkahlutafélögin Vinnuvélar ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. Að undangengnum samningaviðræðum og verðmati sem stefndi, KPMG ehf., aðstoðaði við gerði FS21 ehf. tvö tilboð í félög

áfrýjanda. Stofnandi FS21 var stefndi, KPMG FS ehf., og kvaðst áfrýjandi ekki hafa haft upplýsingar um hvaða einstaklingar stæðu að baki því félagi.

Áfrýjandi tók öðru tilboðinu sem hljóðaði upp á að kaupverðið yrði samtals kr. 453.893.997 fyrir allt hlutafé í Vinnuvéllum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. Þá kvað tilboðið á um að kaupverðið skyldi greiðast með kr. 258.893.997 innan þriggja virkra daga frá undirritun kaupsamnings, með kr. 105.000.000 í reiðufé þann 31. mars 2008 og með kr. 90.000.000 óverðtryggðu skuldabréfi til þriggja ára með 10,5% vöxtum. Jafnframt var í tilboðinu kveðið á um að áfrýjandi

ábyrgðist að leigutekjur og söluhagnaður félagsins myndu vaxa um 7% á fyrstu sex mánuðum ársins en að öðrum kosti myndi kaupverð lækka, króna á móti krónu, um þá fjárhæð sem upp á þann vöxt vantar. Ennfremur kom fram í tilboðinu að áfrýjandi myndi ábyrgjast að engar óeðlilegar breytingar hefðu orðið á efnahag félaganna frá því í árslok 2006 og þá kæmu arðgreiðslur 2006 og aðrar úttektir áfrýjanda á árinu 2007 til lækkunar á kaupverði.

Tveimur dögum fyrir undirritun kaupsamnings, þann 9. júlí 2007, var fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra tilkynnt um breytingar á stjórn FS21 ehf. Þannig hurfu

úr stjórn þess starfsmenn stefndu, KPMG ehf. og KPMG FS ehf., og við stjórn félagsins tóku þrír einstaklingar, þar á meðal einn lykilstarfsmanna Vinnuvéla ehf.

Kaupsamningur milli áfrýjanda og FS21 ehf. var svo undirritaður 11. júlí 2007 á starfsstöð stefnda, KPMG ehf. Í samningnum kom fram að kaupandi keypti alla hluti í Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. og kaupverð væri kr. 453.893.997. Til frádráttar kaupverði kæmu vaxtaberandi skuldir og skuldir við eigendur þann 31. desember 2006. Þá var kveðið á um að kaupverðið skyldi inna af hendi með;

peningagreiðslu að fjárhæð kr. 258.893.997 sem greidd yrði innan þriggja virkra daga frá undirritun kaupsamnings, óverðtryggtu skuldabréfi til þriggja ára að fjárhæð kr. 90.000.000 sem bera myndi 10,5% ársvesti,

peningagreiðslu að fjárhæð kr. 105.000.000 sem greidd yrði þann 31. mars 2008.

Í kaupsamningnum var ennfremur kveðið á um að fyrrgreinda ábyrgð áfrýjanda á hækkun leigutekna og því að ekki hefðu orðið óeðlilegar breytingar á efnahag eða rekstri félaganna eftir 31. desember 2006. Að auki áskildi kaupandi sér endurkröfurétt á hendur áfrýjanda kæmi í ljós að fyrir hendi væru aðrar samningsbundnar skuldbindingar eða ósamningsbundnar kröfur á félögin. Kaupandi áskildi sér ennfremur rétt til að gera athugasemdir ef síðar tilkomin gögn myndu leiða í ljós eitthvað sem áhrif hefði á verðmæti hinna keyptu félaga eða aðrar forsendur kaupanna. Öllu þessu til viðbótar fór kaupandinn fram á að áfrýjandi gæfi út tryggingabréf fyrir kr. 30.000.000 með veði í tiltekinni fasteign sinni til að tryggja kaupanda gegn endurákvörðunum af hálfu skattyfirvalda.

Kaupandinn greiddi kr. 185.872.402 inn á bankareikning áfrýjanda og lækkaði þannig fyrstu samningsgreiðslu um kr. 73.021.595 eða sem nam „niðurgreiðslu vaxtaberandi skulda“ vegna Vinnulyfta ehf. kr. 22.628.279 annars vegar og hins vegar vegna Smiðsbúðar 12 ehf. kr. 30.393.316 og að auki kr. 20.000.000 vegna úttekta áfrýjanda úr rekstrinum. Þá gaf seljandi einnig út framangreint skuldabréf og áfrýjandi gaf út nefnt tryggingabréf.

Stefndi, KPMG ehf., tók að sér að geyma skjöl, þ.m.t. kaupsamninginn, þar til gengið var frá nauðsynlegum skjölum

milli kaupanda og fjármögnunaraðila, vaxtaberandi skuldir hinna seldu félaga gerðar upp og þar til greiðslur höfðu borist. Stefndi, Benedikt, ásamt öðrum starfsmönnum stefnda, KPMG ehf., hafði einnig tekið að sér að aðstoða kaupanda við samningsgerð um fjármögnun kaupanna en Glitnir banki hf. veitti lán til kaupanna.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra var svo tilkynnt um breytingar á stjórn Vinnulyfta ehf. og Smiðsbúðar 12 ehf. þar sem eigendur FS12 ehf. tóku sæti í stjórnnum félaganna.

Í nóvember 2007 undirrituðu stjórnir Vinnulyfta ehf. og FS21 ehf. áætlun um samruna félaganna. Í þeirri áætlun kom fram að stjórnirnar væru sammála um að sameina félögin „undir kennitölu Vinnulyfta ehf.“ og að samruninn yrði miðaður við 1. september 2007. Þannig tækju Vinnulyftur ehf. við öllum rekstri, réttindum og skyldum FS21 ehf. frá og með þeim degi. Í samrunaáætluninni kom ennfremur fram að þar sem FS21 ehf. væri eigandi allra hluta í Vinnulyftum ehf. væri um að ræða öfugan samruna þannig að dótturfélagið tæki yfir allt hlutfé móðurfélagsins. Ekki þyrfti af þeim sökum að ákvarða endurgjald fyrir hlutina í FS21 ehf. og félli hlutfé í því félagi niður við samrunann en hlutfé sameinaðs félags yrði óbreytt eða kr. 500.000. Tilgangur samrunans var sagður að einfalda rekstur samstæðunnar og minnka rekstrarkostnað.

Samrunaáætluninni fylgdi skýrsla matsmanns, stefnda Einars, vegna samruna félaganna þar sem eftirfarandi yfirlýsing var að finna:

*„Ekki verður séð að sameining félaganna komi til með að rýra verulega möguleika lánadrottna á fullnustu krafna í hverju félagi um sig.“*

Framangreind gögn voru móttækin hjá fyrirtækjaskrá í lok nóvember 2007 og var auglýsing um samrunann birt 5. desember sama ár. Samruninn var svo samþykktur á hluthafafundum beggja félaga þann 7. janúar 2008. Með bréfi dagsettu 18. þess mánaðar tilkynnti stefndi, KPMG hf., fyrirtækjaskrá að samruninn hefði verið samþykktur og því bæri að afskrá FS21 ehf. úr fyrirtækjaskrá. Umræddu bréfi fylgdi samrunaefnahagsreikningur sameinaðs félags sem miðaður var við 31. ágúst 2007.

Í samrunaefnahagsreikningnum kom fram að eigið fé sameinaða félagsins var nei-

kvætt um kr. 26.108.560 og var þá búið að taka tillit til hlutafjár og lögbundins vara-sjóðs. Þá bar efnahagsreikningurinn með sér að langtímaskuld FS21 ehf. við Glitni banka vegna kaupa á hlutabréfum í Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. hefði verið flutt yfir til hins sameinaða félags.

Í febrúar og mars 2008 gáfu Vinnulyftur ehf. út tryggingabréf til Glitnis banka hf. fyrir framangreindu láni sem tekið hafði verið til að fjármagna kaupin í félögunum tveimur. Samkvæmt tryggingabréfinu fékk Glitnir banki veði í fasteigninni Smiðsbúð 12 og öllum rekstrartækjum.

Áfrýjandi fékk greiðslu þann 30. mars 2008 í samræmi við kaupsamninginn að teknu tilliti til lækkunar þar sem leigutekjur höfðu ekki aukist um 7% eins og hann hafði ábyrgt. Þá var einnig dreginn frá greiðslunni „einkakostnaður“ áfrýjanda sem gjaldfærður hafði verið hjá Vinnulyftum ehf. Fékk áfrýjandi þannig greiddar kr. 40.314.538 í stað kr. 105.000.000. Þetta sætti áfrýjandi sig ekki við og fól lögmanni sínum að innheimta fjárhæð sem hann taldi standa eftir af lokagreiðslu kaupverðsins eða kr. 64.685.462. Frekari greiðslur voru ekki inntar af hendi til áfrýjanda og þá voru ekki greiddir vextir af kr. 90.000.000 skuldabréfinu sem gefið var út vegna eftirstöðva kaupverðsins.

Áfrýjandi höfðaði mál á hendur Vinnulyftum ehf. vegna ógreiddra vaxta af skuldabréfinu og voru stefnurnar áritaðar um aðfararhæfi 2. desember 2009. Áfrýjandi fékk gert fjárnám fyrir kröfunum í bifreiðum, tækjum og kröfuréttindum í eigu Vinnulyfta ehf. og hlutum félagsins í Smiðsbúð 12 ehf.

Næst gerist það í málinu að formaður stjórnar Vinnulyfta ehf. krafðist þess í apríl 2010 að bú Vinnulyfta ehf. væri tekið til gjaldþrotaskipta og féllst héraðsdómur á þá kröfu þann 14. apríl sama árs. Áfrýjandi lýsti fjórum kröfum í búið og samþykkti skiptastjóri þær allar sem almennar kröfur. Við skipti á búinu voru samþykktar almennar kröfur kr. 1.113.492.555 og lýsti skiptastjóri því yfir að vonir stæðu til að eitthvað myndi greiðast upp í þessar kröfur.

Að svo komnu máli höfðaði áfrýjandi mál á hendur stefndu og krafðist skaðabóta þar sem stefndu hefðu valdið honum tjóni. Hagsmunir hans hefðu verið settir í hættu við samningsgerðina þegar hann seldi Vinnulyftur ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. Stefndi KPMG ehf. og starfsmenn hans hefðu þannig ekki liðsinnt bæði kaupanda og seljanda eins og þeim bar skylda til í

samræmi við lög 99/2004. Þá hafi stefndi, Einar, einnig bakað áfrýjanda tjón þar sem hann hafi orðið af þeim möguleika sem lög um einkahlutafélög veiti lána-drottnum samrunafélaga á því að tryggja kröfur sínar eða stöðva samruna.

Skemmst er frá því að segja að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 12. febrúar 2013 voru allir stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda (áfrýjanda).

Málinu var við svo búíð áfrýjað til Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn eins og fyrir segir þann 7. nóvember sl.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að áfrýjandi hafi selt alla hluti í einkahluta-félögunum Vinnulyftum og Smiðsbúð 12. Þessar eignir hafi verið atvinnufyrirtæki í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Milligöngu um þessi kaup mátti því ekki annar hafa en sá sem fengið hafði löggildingu til þess. Hæstiréttur vísaði til þess að samkvæmt 15. gr. laganna skulu þeir sem milligöngu hafa um kaup á atvinnufyrirtækjum liðsinna bæði seljanda og kaupanda og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Undan þessum skyldum geti stefndu hvorki vikið sér undan með því að benda á að áfrýjandi hafi ekki leitað eftir þjónustu þeirra né vísa til þess að áfrýjandi hafi notið ráðgjafar annars manns.

Hæstiréttur leit til þess að áfrýjandi veitti gjaldfrest á meira en helmingi eiginlegs kaupverðs, annars vegar í rúma átta mánuði þar til kr. 105.000.000 yrðu inntar af hendi og hins vegar í þrjú ár þar til höfuðstóll skuldabréfsins yrði greiddur í einu lagi. Á sama tíma þurfti áfrýjandi að veita kaupandanum fasteignaveð til tryggingar hugsanlegri kröfu frá skattyfirvöldum án þess að tryggingar væru settar fyrir skuldbindingum kaupandans. Að virtum kröfum Glitnis banka um 1. veðrétt í fasteign og lausafjármunum Vinnulyfta ehf. og Smiðsbúðar 12 ehf. gat Hæstiréttur ekki séð „að FS21 ehf. hafi nokkuð átt, sem hefði getað staðið til fullnustu á kröfum áfrýjanda ef á það myndi reyna.“ Þá segir svo orðrétt í dómnum:

*„Eins og hér var ástatt hafði ekki aðeins verið raskað mjög jafnvægi milli skyldna seljanda og kaupanda, heldur var jafnframt brýn ástæða til að gera áfrýjanda skýra grein fyrir þeirri stórfelldu áhættu sem hann bar af viðskiptunum og ráða honum eindregið frá því að ganga til þeirra án þess að viðhlítandi trygging yrði sett fyrir greiðslu kaupverðsins, þar á meðal skuldabréfsins.“*

Hæstiréttur taldi þannig að vanræksla stefndu á því að sinna skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 99/2004 hefði valdið því að áfrýjandi naut engra trygginga hvorki fyrir þeim hluta greiðslu af kaupverðinu sem var á gjalddaga 31. mars 2008 né skuldabréfinu og vöxtum af því. Tjón áfrýjanda er þannig nægilega rakið til þessarar vanrækslu. Hæstiréttur felldi samkvæmt þessu skaðabótaábyrgð vegna þessa tjóns áfrýjanda óskipt á stefndu, Benedikt, KPMG ehf. og KPMG FS ehf.

Hæstiréttur taldi einnig að yfirlýsing stefnda, Einars, um að ekki yrði séð að sameiningin kæmi til með að „rýra verulega möguleika lána-drottina á fullnustu krafna í hverju félagi fyrir sig“ kemur fram í dómi Hæstaréttar að gæti með engu móti staðist enda hefði eigi fé Vinnulyfta ehf. verið jákvætt um kr. 131.598.669 fyrir sameiningu en neikvætt um kr. 26.108.560 eftir hana. Orðrétt segir svo í dómnum um þetta atriði:

*„Að öllu þessu virtu gat með engu móti staðist að sameiningin skerti ekki möguleika lána-drottina félaganna, einkum Vinnulyfta ehf. en þó einnig FS21 ehf., á að fá fullnustu krafna sinna og var sú skerðing að auki stórfelld.“*

Hæstiréttur bendir á að hefði Einar gefið efnislega rétta yfirlýsingu um þetta atriði hefði áfrýjandi getað notið réttar til að krefjast innan mánaðar frá ákvörðun um samruna greiðslu gjaldfallinna krafna á hendur félögunum og tryggingar fyrir ógjaldföllnum kröfum. Vangæsla stefnda, Einars, leiddi þannig til þess að áfrýjandi fór á mis við að fá tryggingar fyrir verulegum fjármunum sem hann átti ógreiddar frá FS21 ehf. af kaupverði hlutanna í Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. Á þessari vangæslu beri stefndi Einar skaðabótaábyrgð gagnvart áfrýjanda. Þá segir svo í dómnum:

*„Að þessari niðurstöðu fenginni er ekki þörf á að taka afstöðu til þess máls-ástæðna áfrýjanda sem lúta að því að þeir sömu beri skaðabótaábyrgð gagnvart sér sökum þess að samruna af þeim toga sem hér fór fram, sé andstæður ákvæðum 79. gr. laga nr. 138/1994.“*

Samkvæmt framangreindu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að stefndu, KPMG ehf., KPMG FS ehf. og Benedikt, bæru skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda sem rakið var til þess að honum hafi ekki

verið settar tryggingar fyrir greiðslu þeirra fjárhæða sem FS21 ehf. hafði skuldbundið sig til að greiða honum. Þá var jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að stefndu, KPMG ehf. og Einar, bæru skaðabóta-ábyrgð á tjóni áfrýjanda sem rakið verður til þess að hann hafi í desember 2007 farið á mis við réttindi til að krefjast tryggingar fyrir ógjaldföllnum kröfum sínum við samruna félaganna. Stefndi, KPMG Lausnir ehf., var aftur á móti sýknað af kröfum áfrýjanda þar sem ekki þótti sannað að félagið hafi borið skaðabóta-skyldu gagnvart honum.

Við ákvörðun skaðabóta horfði Hæstiréttur til þess að gera yrði áfrýjanda eins settan og hann hefði verið ef tryggingar hefðu verið settar fyrir kröfum hans. Skaðabótaábyrgðin tekur þannig ekki eingöngu til höfuðstóls heldur einnig til vaxta og kostnaðar af innheimtu. Að lokum taldi Hæstiréttur að áfrýjandi hafi látið undir höfuð leggjast að gera eðlilegar og réttmætar ráðstafanir til að gæta hagsmuna sinna og var hann því látinn bera hluta af tjóninu og var sá hluti 1/3.

Að framangreindu virtu voru stefndu, KPMG ehf., KPMG FS ehf., Einar Sveinbjörnsson og Benedikt Kjartan Magnússon, dæmdir til að greiða áfrýjanda kr. 122.488.155 með vöxtum. Að auki voru stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda kr. 4.000.000 í málskostnað bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Í þessum Hæstaréttadómi er staðfest sú mikla faglega ábyrgð sem hvílir á sérfræðingum um yfirlýsingar sem gefnar eru í tengslum við samruna félaga. Yfirlýsingin ræður því hvort lána-drottinn að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlun og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, geti lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum. Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Fyrirtækjaskrá mun í samræmi við ofangreint gera þá kröfu að yfirlýsing beri það ótvírætt með sér að samruni rýri ekki möguleika lána-drottina á fullnustu í hinum einstöku félögum sem að samruna standa. Að öðrum kosti mun athygli lána-drottina á réttindum sem lýst var hér að ofan vera vakin um leið og tilkynning um samrunaáætlun er birt í Lögbirtingablaðinu.

# Íslenska ríkið gegn Atla Gunnarssyni

## Nýting persónuafsláttar - frjáls för launþega - ráðgefandi álit EFTA dómstólsins

Með úrskurði sínum dagsettu 14. nóvember 2013 ákvað Hæstiréttur Íslands að leita ráðgefandi álits EFTA dómstólsins á eftirfarandi álitaefnum:

1. Samrýmist það ákvæðum 28. gr. samnings um Evrópska efnahags- svæðið og/eða 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB að ríki (A), sem á aðild að samningnum, gefur hjónum ekki kost á að samnýta persónuafslátt við álagningu tekjuskatts þegar svo hagar til að bæði hjónin flytjast brott frá ríki (A) og búa í öðru ríki (B) á Evrópska efnahagssvæðinu og annað hjónanna fær lífeyri frá ríki (A) og hitt hefur engar tekjur, en skattaleg staða hjónanna yrði önnur ef þau byggju bæði í ríki (A), þar á meðal með því að þau nytu réttar til samnýtingar persónuafsláttar?
2. Hefur það þýðingu þegar spurningu 1 er svarað að ekki er í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ákvæði, sem svarar til 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins?

Málavextir eru þeir að gagnáfrýjandi (Atli Gunnarsson) var búsettur í Danmörku ásamt eiginkonu sinni á tímabilinu 24. janúar 2004 til 3. september 2009. Á þeim tíma voru einu tekjur hans örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt bótum frá tveimur íslenskum lífeyrissjóðum. Í samræmi við íslensk tekjuskattslög og ákvæði tvísköttunarsamnings Norðurlandanna voru umræddar tekjur skattlagðar hér á landi og fékk gagnáfrýjandi fullan persónuafslátt á móti tekjuskatti og útsvari af umræddum tekjum.

Á árinu 2007 óskaði gagnáfrýjandi eftir því við ríkisskattstjóra að honum og eiginkonu hans yrði heimilt að samnýta skattkort sín þannig að honum yrði fært að nýta persónuafslátt eiginkonu sinnar. Erindi þessu var hafnað með vísan til

þess að gagnáfrýjandi og eiginkona hans bæru ekki fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi og að ekki væri fyrir hendi lagaheimild til að millifæra ónýttan persónuafslátt á milli hjóna í tilvikum þeirra. Gagnáfrýjandi og eiginkona hans sendu kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna þessarar niðurstöðu og óskuðu eftir að kannað yrði hvort brotið hefði verið á rétti þeirra sem íslenskir ríkisborgarar. Í áliti umboðsmanns Alþingis kom fram að ekki lægju fyrir bein fordæmi frá EFTA-dómstólnum eða Evrópudómstólnum um sambærilegt mál og taldi af þeim sökum ekki efni til að fjalla frekar um kvörtunina.

Við svo búið sendi gagnáfrýjandi kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA sem sendi íslenska ríkinu áminningarbréf í júlí 2010 þar sem fram kom að íslenska ríkið hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 28. gr. EES-samningsins og 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB með því að neita lífeyrisþegum búsettum í öðru EES ríki um að nýta persónuafslátt maka síns eins og þeir hefðu getað gert ef búsetan hefði verið á Íslandi.

Gagnáfrýjandi höfðaði svo mál gegn íslenska ríkinu í nóvember 2010 og krafðist ógildingar á áður nefndri ákvörðun ríkisskattstjóra frá 2007 og endurgreiðslu á kr. 2.098.814 sem gagnáfrýjandi taldi ofgreitt í skatta vegna þess að hann hafi ekki getað nýtt persónuafslátt eiginkonu sinnar.

Í desember 2010 tóku gildi lög nr. 165/2010 en með þeim lögum var bætt við nýju ákvæði í tekjuskattslögin. Í hinu nýja ákvæði er kveðið á um rétt þeirra sem búsettir eru í öðru ríki á EES svæðinu og bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi til að vera skattlagðir eins og þeir hefðu verið skattskyldir samkvæmt 1. gr. tekjuskattslaga. Skilyrðin eru þau að a.m.k. 75% af heildartekjum stafi frá Íslandi. Þannig var kveðið á um það með umræddri lagabreytingu að aðilum í sömu stöðu og gagnáfrýjandi sé heimilt að nýta persónuafslátt maka.

Eftirlitsstofnun EFTA lokaði fyrrgreindu máli á hendur íslenska ríkinu í mars 2011 og vísaði til þess að íslenska ríkið hefði með gildistöku laga nr. 165/2010 bætt úr fyrri annmarka.

Þann 13. nóvember 2012 féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á kröfu gagnáfrýjanda um að felld yrði úr gildi ákvörðun ríkisskattstjóra frá árinu 2007 þar sem hún hafi ekki verið samrýmanleg skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Þó var hluti af endurgreiðslukröfunni talinn fyrndur.

Íslenska ríkið áfrýjaði héraðsdóminum til Hæstaréttar sem kvað upp úrskurð í málinu þann 14. nóvember sl. eins og fyrr sagði. Fyrir Hæstarétti krafðist íslenska ríkið sýknu af kröfum gagnáfrýjanda en gagnáfrýjandi krafðist staðfestingar á dómi héraðsdóms og að endurgreiðslukrafan yrði að fullu tekin til greina.

Í úrskurði Hæstaréttar kemur fram að dómkröfur gagnáfrýjanda í málinu séu byggðar á því að sú tilhögun sem var í tekjuskattslögum og gildi til 1. janúar 2011 um nýtingu persónuafsláttar hafi verið andstæð 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004. Sú ákvörðun sem krafist er ógildingar á er frá 9. janúar 2007 og fjárfrafan varðar tímabilið 1. maí 2004 til 1. október 2009. Þá kemur fram hjá Hæstarétti að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi tekið gildi 1. janúar 1994 en tilskipunin hafi öðlast gildi 1. mars 2009. Þá segir svo orðrétt:

*„Vafi leikur á um hvort stöðu gagnáfrýjanda beri í ljósi atvika málsins að meta samkvæmt 28. gr. EES-samningsins, 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB, þeim báðum eða öðrum EES-reglum. Með því að niðurstaða um það kann að hafa áhrif á úrslit þess er með vísan til 3. gr. laga nr. 21/1994 rétt að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um þau atriði ...“*

# Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-179/2013

## Guðrún Helga Lárusdóttur gegn íslenska ríkinu

### Auðlegðarskattur – stjórnarskrá – jafnræði

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 24. október 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Guðrúnar Helga Lárusdóttur.

Málavextir eru þeir að gjaldárin 2010, 2011 og 2012 var lagður auðlegðarskattur á stefnanda samtals að fjárhæð kr. 35.911.443. Stefnandi taldi álagningu brjóta gegn stjórnarskránni og höfðaði mál gegn íslenska ríkinu.

Fyrir dómi gerði stefnandi þær kröfur að álagning auðlegðarskattsins yrði felld niður og jafnframt að íslenska ríkið, stefndi, endurgreiddi kr. 25.911.443 með vöxtum og dráttarvöxtum.

Sem rök fyrir kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að álagning skattsins stríði í undirstöðuatriðum og heild sinni gegn 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar (jafnræðisreglan og friðhelgi eignarréttar). Ennfremur vísaði stefnandi til þess að álagningin væri í andstöðu við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í fyrsta lagi vísaði stefnandi til þess að sú viðmiðun að miða verðmæti hlutabréfs til skatts í hendi hluthafa við hlutdeild hans í skattalega bókfærðu eigin fé hlutafélagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins taki ekki mið af raunverulegu verðmæti eða sannvirði hlutafjárins. Að auki feli viðmiðunin ekki í sér fullgilda skattlagningarheimild þar sem skattstofninn sé með tilvísun til hugtaks sem skilgreint sé í skattalögum.

Í öðru lagi vísaði stefnandi til þess að farið væri á svig við þá grundvallarreglu 72. gr. stjórnarskrárinnar að lögmæt eign eins aðila verði ekki gerð að skattandlagi við ákvörðun skatts annars aðila, en með ákvæðunum sé hrein eign hlutafélags gerð að skattandlagi hjá hluthöfum þess.

Í þriðja lagi taldi stefnandi það stríða gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að á erlendum hlutafélögum hvíli ekki skylda til að reikna út skattalega bókfært eigið fé og að í þeim tilvikum sé stuðst við nafnverð bréfanna.

Í fjórða lagi taldi stefnandi að verð væri að mismuna gjaldendum í sambærilegri stöðu með því að flytja skattstofn hlutafélagsins eingöngu yfir á þá hluthafa sem hafi nægilega verðmiklar aðrar eignir til að lenda í auðlegðarskatti. Eðlilegra væri að skattleggja eignarskattstofn félagsins hjá því sjálfu þannig að það bitni eins á öllum hluthöfum.

Í fimmta lagi taldi stefnandi að sá mismunur sem er á fríeignamörkum einstaklinga og hjóna sé ómálefnalegur og að um sé að ræða mismunun sem brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hið sama gildi um hagstæðari skattstiga einstaklinga saman borið við skattstiga annars hjóna þegar bæði þurfi að greiða auðlegðarskatt.

Í sjötta lagi taldi stefnandi að ítrekuð skattlagning auðlegðarskatts á sparifé sem beri neikvæða raunvexti sem jafnframt séu skattlagðir með fjármagnstekjuskatti fari í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignaupptöku. Í þessu sambandi verði að líta til þess að skattur er lagður á eignir stefnanda án tillits til þess hvort tekjur nægi til greiðslu hans eða ekki.

Að lokum benti stefnandi á að byrðinni af auðlegðarskattinum sé jafnað á fjögur til fimm þúsund aðila. Slíkt sé í bága við 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og mótmælti því að álagningin færi gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Í málatalibúnaði stefnda kom fram að ákvæði 73. gr. tekjuskattslaga hafi að geyma matsreglur um hvernig meta skuli eignir til verðs og að matsreglurnar séu þannig að þær komist sem næst markaðsvirði eignanna. Undantekning sé hvað varðar hlutabréf en ákvæði 73. gr. kveði á um að slíkar eignir skuli telja fram á nafnverði. Í bráðabirgðaákvæði því sem fjalli um auðlegðarskatt kemur fram sú undantekning sem mælir fyrir um að eignarhluti í félögum sem skráð séu í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skuli telja

fram á markaðsvirði í árslok, og eignarhluti í félögum sem ekki séu skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skuli miða við hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé umrædds félags. Með þessum reglum sé komist nær raunvirði hlutabréfanna, þ.e. markaðsvirði. Umrædd bráðabirgðaákvæði mæli þannig fyrir um hvernig meta eigi tilteknar eignir til verðs til að komast sem næst raunvirði þeirra, en í ákvæðunum sé ekki kveðið á um tilfærslu á eign frá hlutafélagi til hluthafa né að eign skuli láta af hendi líkt og 72. gr. stjórnarskrárinnar kveði á um.

Stefndi benti á að ekki væri unnt að verðmeta hlutafé félags eða félagasamstæðu út frá nafnverði hlutafjár þess. Í bókfærðu eigin fé hlutafélags samkvæmt reikningsskilareglum komi t.d. ekki fram dulin verðmæti eigna á gangverði, s.s. fasteigna sem hafi verð afskrifaðar frá stofnverði að niðurlagsverði sem væri verulega lægra en fasteignamat sömu eigna. Stefnandi hefði ekki fært sönnur á að skattmat hlutabréfa í eigu hennar væri miklum mun hærra en sannvirði þeirra næmi þannig að varðað gæti ógildingu álagningar viðbótarauðlegðarskatts í heild eða að hluta.

Stefndi hafnaði því að um brot á jafnræðisreglu væri að ræða. Álagningu skattsins sé ekki hagað þannig að hún beinist sérstaklega að tilteknum eignum heldur leggist skatturinn á hreina eign umfram fríeignamörk og sé stofninn allur framtalsskyldar eignir að frádregnum skuldum sem á skattaðila hvíla. Stefnandi vísaði til þess að löggjafanum hafi almennt verið játað það vald að leggja skatta og gjöld á þjóðfélagsþegna eftir efnum og aðstæðum, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands 1958:753 og 1965:424.

Ennfremur vísaði stefndi til þess að ákvæði tekjuskattslaga kveði á um hvaða eignir séu framtalsskyldar og að ekki skipti máli í því sambandi hvort þær gæfu af sér arð eða ekki.



Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur eru ákvæði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar reifuð þar sem fram kemur að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þrátt fyrir það sé heimilt að setja lög um almennar takmarkanir eignarréttar sem eigendur verða að þola bóttalaust, en ekki sé mælt fyrir um tiltekin mörk hvorki hvað varðar fjárhæðir né aðra mælikvarða.

Þá benti dómurinn á að í dómaframskýðingum hafi löggjafinn verið talinn hafa víðtækt vald til að ákveða hvaða atriði skuli ráða skattlagningu þrátt fyrir að í slíkri ákvörðun felist eignaskerðing. Skattlagningin skal þó byggð á almennum efnislegum mælikvarða og gæta þarf að jafnræði.

Þá voru ákvæði tekjuskattslaga um framtalsskyldar eignir og verðmat slíkra eigna reifuð ásamt því að reifuð voru bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga sem lúta að álagningu auðlegðarskatts.

Þá kemur fram í dóminum að í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, komi fram að lagt sé til að víkja frá meginreglu 5. tölul. 73. gr. tekjuskattslaga sem kveður á um að hlutabréf skuli telja fram á nafnverði. Í stað þess skuli taka mið af raunverulegu verðmæti hlutabréfanna. Vilji löggjafans hafi þannig verið skýr hvað þetta atriði varðar – miða skuli við markaðsverðmæti ef um skráð bréf í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði er að ræða, en annars við skattalegt bókfært eigið fé viðkomandi félags. Orðrétt segir í dóminum:

*„Ganga verður út frá því að með þeirri reglu laganna, að miða við skattalegt bókfært eigið fé, sé leitast við að komast sem næst raunverulegu verðmæti hlutabréfanna. Álitæfnið er því hvort viðmiðun laganna um skattalegt bókfært eigið fé endurspeglir nægjanlega raunvirði hlutabréfanna eða hvort reglan feli í sér slík frávik frá þeirri viðmiðun að unnt sé að líta svo á að í henni felist eignarnám er fari í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrár Íslands. Þá verður og almennt að ganga út frá því að viðmiðunarreglur af þessu tagi fái ekki staðist ef þær leiða til þess að verðmæti eignar er talið mun hærra en sannvirði þeirra og þessi munur hafi verulega þýðingu við skattlagningu. Við mat þetta verður þó að líta m.a. til skatthlutfalls, hvort lagasetningin eigi að standa í lengri eða skemmi tíma og fleiri atriða.“*

Þá segir ennfremur að ýmis innri og ytri atvik geti haft áhrif á verðmæti hlutafélaga og þar með eignarhluta í því. Rekstrarafkoma félagsins, væntingar á markaði, lagaumhverfi og fleira séu þættir sem hafi áhrif og að viðmiðunin skattalegt bókfært eigið fé kann þannig eftir atvikum að leiða til hærra verðmats hlutabréfa en sannvirði þeirra nemur.

Þá kemur fram í dóminum að í tekjuskattslögum sé mælt fyrir um skattalegar leiðréttingar á eigin fé í lögum og að umræddar leiðréttingar séu til þess að finna skattalegt eigið fé félagsins á grundvelli gildandi skattalaga.

Þá segir svo:

*„Viðmiðunin, skattalegt bókfært eigið fé, er ákveðin almenn nálgun um verðmæti viðkomandi eignar. Auðlegðarskattur er í eðli sínu eignarskattur, en með eignarnámi er átt við skyldu eiganda eignar til að láta hana af hendi að öllu leyti eða hluta gegn eignarnámsbótum sem annað hvort fara eftir samkomulagi eða mati. Verður ekki séð að álagning auðlegðarskatts á stefnanda megi jafna til eignarnáms er fari í bága við fyrirmæli 72. gr. stjórnarskrár.“*

Vegna þeirra röksemda stefnanda að eignir hlutafélags hafi verið gerðar að skattandlagi hluthafa bendir dómurinn á að hlutur sé brot af hlutafé hlutafélags eða einkahlutafélags sem hluthafi hefur heimild til að ráðstafa sem eign. Verðmæti eignar hluthafa taki svo mið af verðmæti viðkomandi félags. Þá mæli bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga sem fjalla um auðlegðarskatt fyrir um það hvernig meta skuli eignir hluthafa. Í því felist ekki sem slík tilfærsla á eign frá einum aðila til annars eða að eign sé látin af hendi eins og mælt er fyrir um í 72. stjórnarskrár.

Jafnframt kemur fram í dóminum að löggjafinn hafi gert ráð fyrir mismunandi útreikningi á verðmæti hlutabréfa allt eftir því hvort um sé að ræða eign í innlendu eða erlendu hlutafélagi. Af þeim sökum sé ekki um að ræða brot á jafnræði enda stefnandi í annarri stöðu en þeir sem eiga eign í erlendu hlutafélagi.

Dómurinn vísaði til þess að það sé almenn og viðurkennd regla í skattarétti að löggjafanum sé heimilt að taka tillit til fjárhags-, eigna- og fjölskyldustöðu skattaðila ef byggt sé á málaefnalegum grundvelli og hlutlægum viðmiðum. Þannig sé m.a. heimilt að taka tillit til samlegðaráhrifa í tilviki hjóna sem ekki gæti í tilviki einstaklinga. Þeim skilyrðum hafi verið fullnægt við setningu laga um auðlegðarskatt.

Að síðustu kom fram í dóminum að sá hópur skattaðila sem sæta þurfi álagningu auðlegðarskatts sé ekki svo fámennur að fari í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrár.

Íslenska ríkið var samkvæmt framansögðu sýknað af öllum kröfum stefnanda.



## Mikael Jónsson gegn íslenska ríkinu

### Óvissar tekjur – skatthlutfall - vaxtatekjur

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 4. nóvember 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Mikæls Jónssonar.

Málavextir eru þeir að með dómi Héraðsdóms Austurlands sem kveðinn var upp í janúar 2011 voru stefnanda dæmdar bætur frá Landsvirkjun vegna framsals og yfirtöku vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þá var Landsvirkjun einnig dæmd til að greiða stefnanda vexti frá og með úrskurðardegi matsnefndar til greiðsludags og dráttarvexti skv. nánari tilgreiningu í dóminum. Dómur héraðsdóms var staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli 233/2011 sem kveðinn var upp þann 18. október 2012.

Landsvirkjun greiddi bæturnar og vextina til lögmanns stefnanda í febrúar 2011. Lögmaður stefnanda stóð skil á 20% tekjuskatti af vöxtunum í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Stefnandi undi ekki þessum frádrætti og kærði til ríkisskattstjóra þá ákvörðun lögmannsins að miða við það staðgreiðsluhlutfall, 20%, sem í gildi var í febrúar 2011. Í kæru krafðist stefnandi þess að staðgreiðsluhlutfall skatts af vöxtum yrði miðað við þá hlutfall sem í gildi var á þeim tíma sem vextirnir féllu til, þ.e. í samræmi við þær dagsetningar sem héraðsdómur hefði miðað við í dómsorði sínu. Þannig yrði skatthlutfallið 10% vegna tímabilsins 22. ágúst 2007 til 1. júlí 2009, 15% fyrir tímabilið 1. júlí 2009 til 31. desember sama ár, 18% vegna ársins 2010 og 20% vegna ársins 2011. Ríkisskattstjóri hafnaði kröfum stefnanda og var sú ákvörðun kærð til yfirsattanefndar sem hafnaði að sama skapi kröfum stefnanda með úrskurði sínum 448/2011.

Við þessi málalok undi stefnandi ekki og höfðaði mál gegn íslenska ríkinu og krafðist ógildingar á úrskurði yfirsattanefndar nr. 448/2011 og endurgreiðslu á kr. 29.521 sem hann taldi ofgreiddan tekjuskatt af vöxtum.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að það færi í bága við lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur að draga 20% tekjuskatt af vöxtum sem til féllu fyrir 1. janúar 2011. Sú framkvæmd hafi jafnframt verið andstæð meginreglu stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skattalaga.

Stefnandi hélt því fram að þau atvik sem réðu skattlagningu í máli hans hafi átt sér stað fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 20%, enda hafi krafa hans á Landsvirkjun stofnast með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta sem kveðinn var upp í ágúst 2007.

Stefndi vísaði einnig til úrskurðar yfirsattanefndar nr. 586/2012 og að ósamræmi væri á milli þess úrskurðar og úrskurðar í máli hans. Í máli stefnanda hefði yfirsattanefnd byggt á því að ágreiningur um greiðsluskyldu Landsvirkjunar hafi haft þá þýðingu að vextir í málinu gætu ekki talist áfallnir eða áunnir fyrir en krafan sjálf var viðurkennd með dóminum. Þessar ályktanir yfirsattanefndar standist ekki skoðun og geti ekki verið grundvöllur fyrir gjörólíkri beitingu skattalaga gagnvart stjórnarskrá.

Krafa stefnanda stofnaðist með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta en ekki með dómi Héraðsdóms Austurlands. Dómurinn staðfesti tilvist kröfunnar en stofnaði hana ekki. Sjónarmið yfirsattanefndar leiði til þess að viðbrögð gagnaðila ákvarði skattalega meðferð kröfunnar þar til dómur er kveðinn upp. Stefnandi vísaði til 65. gr. stjórnarskrárinnar og taldi niðurstöðu yfirsattanefndar brot á þeirri reglu enda feli niðurstaðan í sér að skattlagning sambærilegra krafna vegna vaxta sem fallið hafi til á sama tímabili geti orðið ólík vegna tilviljanakenndra atvika um afstöðu skuldara til greiðslu kröfunnar.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefnandi vísaði til þess að samkvæmt almennum reglum kröfuréttar geti vextir af kröfu stefnanda á hendur Landsvirkjun ekki talist áfallnir eða

áunnir fyrir en en fjárhæð bótakröfunnar var viðurkennd með dómi héraðsdóms.

Stefnandi sjálfur undi ekki niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta og kröfugerð hans fyrir héraðsdómi og Hæstarétti sé ekki hægt að skilja á annan hátt en að fjárhæð skaðabóta hafi verið umþrætt. Stefnandi vísaði til þess að sé fjárhæð aðalkröfu umþrætt þá gildi hið sama um vaxtakröfuna enda er sú krafa reiknuð sem hlutfall af aðalkröfu. Aðalkrafa stefnanda var þannig háð óvissu og afleidd krafa hans, vextirnir, voru þannig óvissir að sama skapi.

Að þessu virtu verði að telja að krafa stefnanda á hendur Landsvirkjunar, bæði aðalkrafa og vaxtakrafa, hafi verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. tekjuskattalaga. Krafa varð ekki greiðslukræf fyrir en með dómi héraðsdóms í ársbyrjun 2011 og á þeim tímabili var fyrst hægt að reikna vexti á bæturnar.

Stefndi vísaði til ákvæða 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattalaga þar sem fram kemur að áfallnir en ógreiðslukræfir vextir teljist ekki skattskyldir, heldur skuli telja slíka vexti til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir. Umþrættir vextir hafi ekki orðið greiðslukræfir fyrir en við uppkvaðningu héraðsdóms í janúar 2011. Þar af leiðandi hafi stefnandi ekki borið að telja þá fram fyrir en á tekjuárinu 2011. Skatthlutfallið sem í gildi var á því ári var 20%.

Í dóminum eru ákvæði 3. tölul. C-liðar 7. gr. reifuð þar sem fram kemur að vextir teljist til skattskyldra tekna. Þá eru jafnframt reifuð ákvæði 2. mgr. 8. gr. sömu laga þar sem fram kemur að til tekna teljist vextir sem eru greiddir eða greiðslukræfir.

Þá rekur dómurinn þær breytingar sem gerðar hafa verið á skatthlutfalli fjármagnstekna með lögum nr. 164/2010 ásamt því að rekja ákvæði laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, þar sem kveðið er á um á hvaða tímamarki eigi að halda staðgreiðslu skatts eftir af vöxtum og er í því sambandi rætt um þegar vextir

eru greiddir út eða færðir eiganda til eignar á reikningi.

Ennfremur eru ákvæði 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga rakin. Ákvæðið hefur að geyma meginreglu um að tekjur beri að telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum. Undantekning er svo gerð á þessari meginreglu þegar um er að ræða óvissar tekjur. Í dóminum kemur fram að umrædd regla sé sérregla skattaréttar þar sem tekjufærslan miðist við það hvenær leyst er úr óvissu, en ekki hvenær til kröfuréttinda stofnaðist samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Í dóminum er svo málarekstur stefnanda á hendur Landsvirkjunar rakinn og segir svo í dóminum:

*„Ljóst þykir samkvæmt framangreindu að hér var um óvissa kröfu að ræða í skilningi skattaréttar. Af því leiðir að*

*úr þeirri óvissu leystist ekki fyrr en með dómi Héraðsdóms Austurlands 25. janúar 2011, sem síðar var staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands, í máli nr. 233/2011 frá 18. október 2012.“*

Hvað varðar þau rök stefnanda um að skattlagningin færi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar segir í dómi héraðsdóms að það sé eitt megineinkenni skattahugtaksins að skatta beri að leggja á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Þetta þýði í raun að skattur verði ekki lagður á tiltekna aðila en ekki á aðra sem eru í sömu stöðu. Lögjafinn hafi þó víðtækt vald til að ákveða hvaða atriði ráða skattlagningu jafnvel þó slíkt geti falið í sér eignaskerðingu, en skilyrði er að skattlagningin byggji á almennum efnislegum mælikvarða og gætt sé að jafnræðisreglum. Í dóminum segir svo:

*„Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að þau atvik sem ráði skattskyldu hafi orðið til með dómi Héraðsdóms Austurlands, sem kveðinn var upp hinn 25. janúar 2011. Af því leiðir að niðurstaða yfirs kattaneftndar, að miða staðgreiðsluhlutfall teknanna í heild við 20% skatthlutfall, sbr. 1. gr. laga nr. 164/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. 1. másl. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, hafi ekki falið í sér afturvirka skattlagningu.“*

Að síðustu komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að ekki verði séð að vaxta-tekjur kæranda hafi verið skattlagðar á annan eða óhagstæðari hátt en annarra skattaðila sem voru í sömu stöðu.

Íslenska ríkið var samkvæmt framansögðu sýknað af öllum kröfum stefnanda.



# Óskar Karl Guðmundsson gegn íslenska ríkinu

## Frávísun – skattframtal ótækt til álagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 24. september 2013 var máli Óskars Karls Guðmundssonar gegn íslenska ríkinu vísað frá dómi.

Forsaga málsins er sú að í júní 2009 kvað skattstjóri Reykjanesumdæmis upp úrskurð þar sem opinber gjöld stefnanda 2004-2008 voru endurákvörðuð. Með úrskurðinum var m.a. gerð breyting á eignaskrá einstaklingsrekstrar stefnanda 2007 sem fylgdi framtali hans 2008. Síðari framtalsskil stefnanda voru í engu samræmi við þær breytingar sem gerðar voru í úrskurði skattstjóra.

Stefnandi skilaði inn framtali fyrir rekstrarárið 2011 til ríkisskattstjóra í mars 2012. Ríkisskattstjóri óskaði í kjölfarið eftir tilteknum útskýringum á framtalsgerðinni. Meðal annars óskaði ríkisskattstjóri eftir skýringum á því af hverju innstæður í bönkum væru ekki taldar fram og af hverju ekki væri getið um sölu í eignaskrá en söluhagnaður væri færður til tekna á framtali. Skoraði ríkisskattstjóri á stefnanda að leggja fram nýja eignaskrá þar sem fram kæmi hvað hefði verið selt, hverjum og á hvaða verði. Þá var einnig skorað á stefnanda að gera grein fyrir fyrnanlegum eignum og reikningslegu ósamræmi í því sambandi. Í fyrirsagnarbréfinu kom einnig fram að stefnandi hefði haft leigutekjur sem ekki hefðu verið taldar fram.

Stefnandi svaraði fyrirsagnarbréfi ríkisskattstjóra þar sem skýringar voru gefnar á framtalsmátanum. Í kjölfarið tilkynnti ríkisskattstjóri stefnanda að skattframtali hans væri hafnað þar sem ekki væri unnt að byggja rétta álagningu opinberra gjalda á því. Álagning opinberra gjalda hjá stefnanda var þannig byggð á tekjuáætlun í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. 96. gr. tekjuskattslaga.

Stefnandi kærði álagninguna með þremur leiðréttingarbeiðnum sem allar bárust í ágúst 2012 og með kærubréfi sem barst í október sama ár. Í kærúrskurði ríkisskattstjóra kemur fram að gerð sé sú krafa að innsent framtal með tilteknum breytingum verði lagt til grundvallar álagningu opinberra gjalda. Í úrskurðinum kemur fram að „[þ]essar breytingar virðast

aðallega fela í sér að bókfært verð á lausu fé í árslok er hækkað úr kr. 15.255.877 í kr. 26.249.692 auk smávægilegra tilfærslna á milli reita 2093 og 3085. Eftir sem áður færir gjaldandi peninga (bankainnstæður) sem fyrnanlega eign og gjaldfærir af þeim fyrningu.“

Í úrskurði sínum hafnaði ríkisskattstjóri kröfum stefnanda og vísaði til þess að rökstuðningur stefnanda væri á skjön við lagafyrirmæli. Þá tók ríkisskattstjóri fram að svo virtist sem það væri ákveðin tilhneiging hjá stefnanda að haga framtalsgerð sinni í ósamræmi við lagareglur og fyrirmæli. Skattframtal hans væri þannig með öllu ótækt til álagningar og ekki hægt að byggja rétta álagningu opinberra gjalda á því.

Að svo komnu máli stefndi stefnandi íslenska ríkinu fyrir dóm og krafðist ógildingar á álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2012 bæði hvað sig sjálfan varðar og hvað varðar eiginkonu hans. Jafnframt krafðist stefnandi ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra og sýknu af öllum kröfum stefnda.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi m.a. til þess að breytingar ríkisskattstjóra færu í bága við tekjuskattslög, lög um ársreikninga og „staðal IAS16“. Þá vísaði stefnandi til þess að ólöglegt væri að breyta skattstofnum eins og ríkisskattstjóri hefði gert og að úrskurðurinn væri án lagaheimilda og færi gegn stjórnarskránni. Þá vísaði stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 21/2008.

Íslenska ríkið krafðist þess aðallega að kröfum stefnanda yrði vísað frá dómi en til vara var krafist sýknu.

Sýknukrafa stefnda var byggð á því að skattframtal það sem stefnandi og eiginkona hans stóðu skil á gjaldárið 2012 vegna tekjuársins 2011 hafi verið ótækt til álagningar. Framtalsskilin voru í veigamiklum atriðum í ósamræmi við ákvæði tekjuskattslaga og þá hafi stefnandi ekki sinnt tilmælum um að veita skýringar á skattframtalinu. Af þessum sökum hafi álagning ríkisskattstjóra verið byggð á áætlun. Öll málsmeðferðin hafi verið í samræmi við ákvæði tekjuskatts-

laga. Vegna tilvísana til dóms Hæstaréttar í máli 218/2008 þá byggði stefndi á því að dómurinn hafi ekki fordæmisgildi þar sem málsatvik séu með allt öðrum hætti en dómurinn hafi fjallað um lagastoð stjórnvaldsreglna um reiknað endurgjald.

Hvað formhliðina varðar þá benti stefndi á að kröfugerð og málátillbúnaður stefnanda væri mjög óljós og vanreifaður. Dómkröfur hans væru ekki skýrar og engin tilraun væri gerð í stefnu að rökstyðja einstaka dómkröfufliði, t.a.m. var krafist ógildingar en þrátt fyrir það sé gerð krafa um vexti. Þá snúi einn dómkröfufliður að eiginkonu stefnanda en engin grein gerð fyrir því í stefnu á hvaða grunni sú krafa sé höfð uppi, en eiginkonan var ekki aðili að málinu.

Stefndi benti á að í stefnu væri engin eiginleg málavaxtalýsing og að erfitt væri að henda reiður á málsástæðum og laga-rökum. Tilvísun stefnanda til lagaákvæða sé oft á tíðum röng og vísað sé til laga sem ekki eru til eða brottfallinna laga. Þá hafi engin skjalaskrá verið lögð fram.

Í dómi héraðsdóms er vísað til ákvæða laga um meðferð einkamála þar sem mælt er fyrir um að í stefnu skuli greina á glöggan hátt dómkröfur stefnanda, s.s. fjárhæð kröfu í krónum, vexti, viðurkenningu á tilteknum réttindum o.fl. Þá kemur fram að dómkröfur stefnanda séu ekki dómtækar enda sættu þær kröfur sem stefnandi setti fram um tiltekna tilgreiningu í skattframtali sínu endurskoðun skattyfirvalda og geti þannig ekki orðið grundvöllur sérstakrar kröfugerðar í máli þessu.

Þá kemur fram að stefnandi hafi að mjög óverulegu leyti gert grein fyrir því í stefnu hvaða atvik ættu að valda því að fella bæri úrskurð ríkisskattstjóra úr gildi. Enn fremur kemur fram að nær útilokað sé að greina á hvaða lagarökum stefnandi byggji þá kröfu sína.

Í dóminum kemur svo fram að stefnan uppfylli ekki kröfur laga um meðferð einkamála hvað varðar tilgreiningu á málsástæðum og tilvísun til lagaákvæða. Héraðsdómur taldi að verulegir annmarkar væru á málátillbúnaði stefnanda og féllst á frávísunarkröfu stefnda.

# Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3403/2013

## ÓK verslun hf. gegn íslenska ríkinu

### Nýting rekstrartaps – breyting á tilgangi lögaðila – eðlilegur og venjulegur rekstrartilgangur

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 16. október 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum ÓK verslunar hf.

Málavextir eru þeir að í september 1988 var félagið Ó.O.K hf. stofnað. Stofnendur voru fimm talsins og var Ómar Kristjánsson skráður fyrir 10% af hlutafénu. Í samþykktum félagsins kom fram að tilgangur þess væri inn- og útflutningur, smásala, heildsala og annar skyldur rekstur, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Félagið hafði enga starfsemi með höndum frá stofnun þar til undirbúningur að rekstri ferðaskrifstofu hófst á árinu 2000, en í október það ár voru gerðar verulegar breytingar á félaginu. Í fyrsta lagi varð félagið einkahlutafélag, í öðru lagi var nafni þess breytt í Sól ehf., í þriðja lagi var hlutafé hækkað úr 30.000 kr. í 100.000.000 kr. og í fjórða lagi var tilgangi þess breytt í rekstur ferðaskrifstofu og skyldan rekstur, innflutning og smásölu, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Þá komu sex nýir hluthafar að félaginu en auk þeirra var Ómar Kristjánsson áfram hluthafi.

Í febrúar 2001 hóf félagið rekstur ferðaskrifstofu undir nafninu Ferðaskrifstofan Sól. Mikið tap var af rekstrinum og í byrjun desember 2001 var viðskiptavild og rekstur seldur. Í lok árs 2001 keypti Ómar Kristjánsson út úr félaginu fimm af þeim sex hluthöfum sem komið höfðu inn í reksturinn og framseldi í kjölfarið hlutina til Olav Forum ehf., en áður hafði sjötti hluthafinn framselt án endurgjalds sína hluti til Olav Forum ehf. Þannig var allt hlutafé í ferðaskrifstofunni komið á eina hendi í árslok 2001.

Í febrúar 2002 var samþykktum félagsins breytt þannig að tilgangur þess var sagður innflutningur og smásala og skyldur rekstur, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Þá var nafni þess breytt í ÓK hf. Engin starfsemi var í félaginu rekstrarárin 2002 og 2003 og var félagið eigna- og skuldlaust í árslok 2003.

Um mitt ár 2004 var tilgangi félagsins breytt aftur og hann sagður vera „*fjármálstarfsemi hvers konar, kaup og sala*

*verðbréfa og fasteigna, lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Einnig innflutningur, smásala og skyldur rekstur.*“ Þetta ár hóf félagið starfsemi að nýju og fólst sú starfsemi í kaupum og sölu verðbréfa fyrir eigin reikning. Hagnaður varð á rekstri félagsins rekstrarárin 2004, 2005 og 2006.

Í skattframtölum stefnanda fyrir framangreind rekstrarár færði stefnandi eftirstöðvar rekstrartapa frá rekstrarárunum 2000 og 2001 til frádráttar tekjum. Þannig innsend skattframtöl voru lögð óbreytt til grundvallar opinberum gjöldum.

Skattyfirvöld tóku skattskil stefnanda umrædd ár, 2005, 2006 og 2007, til endurskoðunar á árinu 2009, og í apríl 2010 kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð þar sem tilfærður frádráttur rekstrartapa frá árunum 2000 og 2001 var felldur niður með tilvísun til þess að skilyrði 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga væru ekki uppfyllt. Umrætt ákvæði kveður á um að heimilt sé að draga frá rekstrartekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist. Þá segir svo í 2. málsl. ákvæðisins:

*„Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.“*

Stefnandi kærði endurákvörðun ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar sem kvað upp úrskurð þann 7. september 2011 þar sem kröfu stefnanda um ógildinguna á úrskurði ríkisskattstjóra var hafnað. Þessum mála- lokum undi stefnandi ekki og höfðaði mál gegn íslenska ríkinu.

Fyrir dómi gerði stefnandi þær kröfur að úrskurðir yfirsattanefndar og ríkisskattstjóra yrðu felldir úr gildi þannig að álagning opinberra gjalda gjaldárin 2005, 2006 og 2007 stæði óbreytt.

Sem rök fyrir kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að þær breytingar sem urðu á eignarhaldi og rekstri hans hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Stefnandi taldi að líta yrði heildstætt á rekstrarsögu hans þegar meta ætti hvort eini tilgangurinn með því að hefja starfsemi að nýju í félaginu hafi verið að nýta ónotað tap fyrri ára. Sala hlutabréfa til Ómars Kristjánssonar á árinu 2001 hafi verið til að koma í veg fyrir gjaldþrot félagsins og til að endurskipuleggja reksturinn svo að félagið gæti starfað áfram. Stefnandi vísaði til þess að það hlyti að vera samfélagslegur ábyrgðarhluti að standa skil á skuldbindingum sínum og það gæti ekki verið afstaða skattyfirvalda að betra væri að fyrirtæki verði gjaldþrota og skilji kröfuhafa eftir með tap á skuldbindingum sínum. Það hljóti því að vera venjulegur og eðlilegur rekstrartilgangur að halda félaginu í rekstri og komast hjá gjaldþroti.

Stefnandi vísaði til þess að ekki væri ljóst hvernig skýra bæri orðin „eðlilegur og venjulegur rekstartilgangur“. Um sé að ræða undantekningu frá meginreglu um að ónotað rekstrartap sé yfirfæranlegt milli ára og „beri að skýra þröngt sem leiði til þess að orðalagið verði að skýra rúmt.“ Stefnandi hélt því einnig fram að ekkert í máli hans gefi tilefni til að ætla að rekstur hans hafi verið í því eina markmiði að nýta skattalegt tap. Umdeilt ákvæði tekjuskattslaga hafi verið sett til að koma í veg fyrir að aðilar kaupi félag í þeim eina tilgangi að nýta rekstrarlegt tap. Um sé að ræða skattasniðgönguákvæði og að skýra beri ákvæðið í því ljósi í samræmi við tilgang og forsögu þess.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og byggði á því að bæði úrskurður yfirsattanefndar og úrskurður ríkisskattstjóra hafi í einu og öllu verið löglegir. Stefnandi vísaði til þess að samkvæmt 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga teljist breyting á eignaraðild eða á tilgangi rekstrar fela í sér verulega breytingu á starfsemi. Gögn í þessu máli beri með sér að verulegar breytingar hafi átt sér stað bæði á tilgangi stefnanda og eignaraðild hans.

Stefndi vísaði til þess að í skattfrankvæmd hafi verið litið svo á að það teldist veruleg breyting á starfsemi í skilningi nefnds ákvæðis tekjuskattslaga, þegar „blásið sé nýju lífi í starfsemi félags, sem ekki hafi haft með höndum neinn rekstur um árabil,“ sbr. samanburðarskýringu við ákvæði 54. gr. laganna.

Stefndi mótmælti þeirri málsástæðu stefnanda sem rangri og órökstuddri að það væri eðlilegur og venjulegur rekstrartilgangur að halda félaginu í rekstri til að komast hjá gjaldþroti. Stefndandi hóf ekki rekstur ferðaskrifstofu að nýju heldur alls óskyldan rekstur. Breytingarnar sem urðu á eignaraðild stefnanda í lok árs 2001 tengdust þannig lokum ferðaskrifstofurekstrar á því ári og að aldrei hafi staðið til að endurvekja þann rekstur.

Þá sé engin tenging á milli ferðaskrifstofurekstrar og kaupa og sölu verðbréfa. Þessar atvinnugreinar falli í sitt hvorn flokkinn samkvæmt ÍSAT 2008 (Íslensk atvinnugreinaflokkun) og allt rekstratapið myndaðist áður en Olav Forum ehf. varð eigandi að öllu hlutafé í stefnanda.

Í héraðsdóminum er efni lögskýringa-gagna ítarlega rakið þar sem fram kemur að við túlkun á 2. másl. 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga skuli líta til gildandi laga-ákvæða um sameiningu félaga og þeirra

takmarkana sem í gildi eru um nýtingu á eldra rekstrartapi þegar svo háttar til. Þá vísaði dómurinn til þess að einnig ætti að hafa í huga að meginreglan samkvæmt 31. gr. tekjuskattslaga er að öll gjöld sem í atvinnurekstri fara í að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, séu frádráttarbær frá rekstrartekjum. Undantekningar frá þessari meginreglu sem telja megri þvingjandi fyrir skattaðila, verði að vera ótvíræðar og sæta þær þröngri lögskýringu, nema lögskýringargögn standi ótvírætt til annars.

Í dóminum er fallist á það með stefnda að veruleg breyting hafi orðið á rekstri stefnanda sbr. samanburðarskýring á 2. másl. 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga og 54. gr. laganna. Orðrétt segir svo í dóminum:

„Fyrir liggur að á þeim tíma sem umrætt rekstrartap stefnanda myndaðist hafi tilgangur félagsins, samkvæmt samþykktum þess, verið rekstur ferðaskrifstofu og skyldur rekstur, innflutningur og smásala svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Þá liggur fyrir í málinu að 7. júlí 2004 var samþykktum stefnanda breytt og tilgangur félagsins tilgreindur sem fjármálstarfsemi hvers konar, kaup og sala verðbréfa

og fasteigna, lánastarfsemi og rekstur fasteigna, innflutningur, smásala og skyldur rekstur.“

Þá kom ennfremur fram í dóminum að fallist væri á það með stefnda að nefnd breyting á tilgangi stefnanda hafi falið í sér verulega breytingu á starfssviði hans í merkingu 2. másl. 8. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Að auki féllst héraðsdómur ekki á það með stefnanda að þær verulegu breytingar sem urðu á eignaraðild hans í lok árs 2001. og þær verulegu breytingar sem urðu á tilgangi hans í undanfara þess að hann hóf rekstur ferðaskrifstofu í febrúar 2004, hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Segir svo í dóminum:

„Er því fallist á það með stefnda að ekki hafi verið sýnt fram á annað en að tilgangurinn með því að hefja starfsemi stefnanda að nýju á árinu 2004 hafi fyrst og fremst verið að nýta rekstrartap félagsins frá fyrri árum. Verður að telja að sú ráðstöfun hafi verið andstæð tilgangi 8. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003 eins og hann verður ráðinn af orðalagi ákvæðisins og áður tilvitnuðum lögskýringargögnum.“

Íslenska ríkið var þannig sýknað af öllum kröfum stefnanda.



## Bogi Sigurbjörnsson 1937 - 2013

Bogi Sigurbjörnsson kom til starfa á skattstofunni á Siglufirði tæplega þrítugur að aldri. Starfið þar átti við hann og það varð hans ævistarf. Hann var skipaður í embætti skattstjórans í Norðurlandsumdæmi vestra árið 1980 og gegndi Bogi starfinu í 27 ár.

Bogi var eftirminnilegur maður og setti svip á skattstjórahópinn. Það sópaði að honum og málflutningurinn gat verið hvass og jafnvel beinskeyttur ef því var að skipta. Í skattfrankvæmdinni var hann atkvæðamikill og verkmaður góður, harðsnúinn og ósérhlífinn. Hann lagði áherslu á að veita framteljendum góða þjónustu og var sérstaklega umhugað að dreifðari byggðir landsins nytu

hennar til jafns við þéttbýlið. Hann áttaði sig einnig fljótt á, ef ekki var allt eins og átti að vera. Honum var sérstaklega umhugað að gæta fyllsta jafnræðis meðal framteljenda. Við sameiningu skattyfirvalda í árslok 2009 kom hann á framfæri eindregnum skoðunum sínum um að skattstofan á Siglufirði yrði áfram starfrækt þótt í breyttri mynd yrði. Á þau sjónarmið hans og fleiri var hlustað og tekið tillit til.

Þegar álagningu hvers árs var að ljúka komu starfsmenn skattyfirvalda saman til að bera saman bækur sínar. Á slíkum fundum var enginn kátari en Bogi og fáir kunnu betur að gleðjast við slík tækifæri en hann. Hann var sérlega snjall tækifærisræðumaður sem flutti ræður sínar blaðlaust og án þess að hann hefði nokkuð fyrir því, rökvisst og spóskur með hnyttum athugasemdum og kryddaði þannig tilveruna.

Nú er góður félagi genginn sem fékk alltof stuttan tíma til að njóta efri ára eftir starfslokinn. Honum fylgja góðar hugsanir inn í austrið eilífa.

SEP

Óskar H. Albertsson

## Brandur og skatturinn

Þegar það spurðist út meðal vina og kunningja hér syðra vorið 1989 að fjölskyldan ætlaði að flytja til Akureyrar stóð ekki á viðbrögðunum; menn voru undrandi á því að við skyldum vilja taka okkur upp úr „sjálfum Vesturbænum“ til þess að flytja til Akureyrar, af öllum stöðum! Akureyringar voru sagðir frekar þurrir á manninn, erfitt að kynnst þeim og stundum svolítið góðir með sig og ekki einu sinni sinfóníuhljóm-sveit á staðnum! Þá væri Akureyri mikil snjóakista o.s.frv., o.s.frv.

Ég tók þetta nú ekki alvarlega því ég þekkti vel til nyrðra. Svo eru athugasemdir af þessum toga ekkert annað en tiltölulega meinlausir fordómar eða leifar af gömlum hrepparíg sem Akureyringar eru svo sem ekki saklausir af sjálfir. Og ég ekki heldur. Ég man t.d. að þegar ég fór á sautjanda árinu suður til náms fannst mér Reykvíkingar sumir hverjir vera frekar þurrir á manninn, erfitt að kynnst þeim og margir jafnvel bara býsna góðir með sig. En ég kynntist líka mörgu afbragðsfólki hér syðra rétt eins og á Akureyri enda eru mennirnir misjafnir eins og þeir eru margir hvar sem er því „... hjörtum mannanna svipar saman / í Súdan og Grímsnesinu“, eins og Tómas kvað. Veðrið fyrir sunnan fannst mér aftur á móti stórskrýtið; það snjóaði minna en fyrir norðan og það var aldrei logn, að mér fannst, heldur stöðugur vindbelgingur og alltaf eins og hann kæmi úr sömu áttinni; á móti.

Þannig var nú það.

Við festum kaup á húsi á Ytri-Brekkunni sem svo er kölluð, þaðan sem útsýni er gott yfir Eyjafjörð og út með honum líka. Þetta er „lítið hús við lygnan fjörð í skjóli bak við heiminn“, eins og segir í Silfurtúngli Halldórs Laxness. Á þessum tíma voru Kaupfélag Eyfirðinga, Sambandið og Útgerðarfélag Akureyringa umsvifamestu fyrirtækin á staðnum en

Samherji gerði varla meira en að narta í hælana á þeim. Það átti allt eftir að breytast en til marks um umsvif KEA var stundum sagt að „... ef það fæst ekki í Kaupfélaginu þarftu ekkert á því að halda!“ Akureyri var líka alveg sjálfbært samfélag, þar var m.a.s. framleitt tannkrem. Það var líka sagt í gamni að merki KEA væri á öllum helstu byggingum bæjarins nema á kirkjunni. Þó lá við borð að Mammoni tækist að læsa klónum í kirkjuna, sem er eitt helsta kennileiti bæjarins, en KEA kom þar að vísu hvergi nærri. Þannig var að þegar gefinn var út bæklingur um nýstofnaða fríhöfn á Akureyrarflugvelli var á forsiðu hans mynd af kirkjunni og yfir hana þvera stóð stórum stöfum „Duty Free Store“. Í hugann kom frásögnin af því þegar Kristur velti um borðum víxlaranna í musterinu - og hvers vegna hann gerði það.

Veðurfar fyrir norðan er mun stöðugra en syðra og fylgir m.a.s. árstíðunum. Sumrin eru oftast sólrík og hlý og því er ekki að neita að oft kom sér vel að eiga góða skóflu til þess að hreinsa snjó frá dyrum og úr innkeyrslu. Svo blæs vindurinn ekki alltaf úr sömu áttinni eins og syðra.

Þegar ég kom til starfa á skattstofunni á Akureyri þann 1. júní 1989 mætti mér góður og samheldinn hópur fólks sem bauð mig hjartanlega velkominn og lagði sig fram um að greiða götu mína strax frá fyrsta degi. Ég var ekki búinn að starfa lengi þegar samstarfskona mín, Stefánía Ármannsdóttir, kvaddi sér hljóðs í morgunkaffitíma til þess að lesa fyrir mig stutta gamansögu sem heitir „Hringt á skattstofuna“. Sagan fjallar um mann sem reynir að sækja um ívilnun vegna persónu sem var fjölskyldunni þung í skauti: Hún var mjög þurftafrek, hafði valdið skemmdum á dýrum innan-stokksmunum og átti þar að auki marga afkomendur. Samtal mannsins við fulltrúann á skattstofunni er kostulegt

enda byggt á misskilningi frá upphafi því fulltrúinn hélt að sögumaðurinn væri að lýsa manneskju þegar hann var allan tímann að tala um heimilisköttinn Brand sem var skæðasti kötturinn í hverfinu og þótt víðar væri leitað.

Sagan var síður en svo valin af handa-hófi. Stefánía hafði nefnilega áttað sig á því að það var höfundur sögunnar, Örn Snorrason kennari og rithöfundur, sem byggði húsið sem við vorum nýbúin að kaupa og bjó þar í áratugi og sögumaðurinn, mælandinn í sögunni sem ég trúi að sé höfundurinn sjálfur, hringir úr sama húsi á vinnustaðinn þar sem ég hafði nýhafið störf. Ég man ekki eftir skemmtilegri tilviljunum nema ef vera skyldi þegar tveir bekkjarbræður mínir frá Siglufirði voru á ferðalagi um Bandaríkin og vissi hvorugur af hinum fyrir en þeir mættust óvænt á götuhorni í El Paso í Texas.

Það er varla hægt að ímynda sér hlýlegri og skemmtilegri móttökur en þessar. En fleira kemur til. Þegar ég kom heim frá vinnu, fáeinum dögum eftir að hafa hlýtt á lesturinn, var kallað til mín þegar ég var nýstíginn út úr bílnum. Það var nágranni minn, eldri maður sem bjó í næsta húsi sunnan við okkur, og hann átti við mig alveg sérstakt erindi, að færa stein sem var á lóðinni mín megin á tiltekinn stað „... þar sem þau vildu hafa hann þau Örn heitinn og frú Ragnheiður“. Það var sjálf sagt að verða við þessari sérkennilegu beiðni en þegar ég tók steininn upp sá ég að á hann var höggvið nafnið Brandur. Þarna var þá kominn legsteinn kattarins í sögunni sem hún Stefánía las fyrir mig!

Ég starfaði á skattstofunni á Akureyri í rúm tuttugu ár og á þeim tíma kynntist ég mörgu góðu og skemmtilegu fólki. Á engan tel ég hallað þótt ég nefni hér fremstan meðal jafningja, heiðursmanninn Jón Dalmann Ármannsson, skrifstofustjóra og bróður Stefáníu, en



þau eru nú bæði látin. Dalli, eins og hann var kallaður, kunni góð skil á málsmeðferðarreglum stjórnáráðs löngu áður en þær voru lögfestar og skilaði þeim til mín með einni setningu um leið og hann bauð mig velkominn til starfa: „Hvaðeina sem þú tekur þér fyrir hendur hér, væni minn, verður að standast fyrir dómi.“ Flóknara er það nú ekki kynni einhver að segja en það sem hann átti við er að hvað sem öðru líður verða menn alltaf að gæta réttar málsmeðferðar.

Dalli lét sér mjög annt um velferð starfsmanna skattstofunnar. Ég er þó ekki viss um að það hafi verið af umhyggjunni einni saman þegar hann kom eitt sinn inn á skrifstofuna mína og teymdi skrattann á eftir sér eins og það er kallað þegar menn ganga með hendur fyrir aftan bak. Hann var óvenju brúnaþungur og áhyggjufullur á svip og spurði: „Er það rétt að þú ætlir austur í Mývatnssveit til þess að halda fyrirlestur um virðisaukaskatt?“ Þegar ég svaraði því játandi sagði hann: „Jæja, væni minn, svo þú ætlar þér að kenna Mývetningum. Það er víst ekki hægt að

leggja sig í meiri hættu í þessu starfi!“ Svo teymdi hann skrattann út aftur.

Á Akureyri starfaði ég við framkvæmd virðisaukaskatts sem getur verið með afbrigðum snúin á köflum jafnvel fyrir lærdustu endurskoðendur. Þess vegna felst stór hluti starfsins, en jafnframt einn ánægjulegasti þáttur þess, í því að leiðbeina fólki og aðstoða það við að standa rétt að skilum. Það gat þó verið vandasamt þegar í óefni var komið en aldrei eins og eitt sinn þegar ung kona hringdi í mig og tjáði mér vandræði sín formálalaust með þessum orðum: „Sæll, ég stend hér „með allt niðrum mig“ og Nonni gerir ekki neitt, getur þú ekki hjálpað mér?“ Það skal viðurkennt hér og nú að ég þurfti að hugsa mig aðeins um áður en ég gat gert það upp við mig hvaða hagsmuni ég átti að leggja til grundvallar svarinu.

En allt tekur enda og dvölin á Akureyri líka. Um miðjan september 2010 var ég boðaður suður á fund sem segja má að standi enn yfir og er með öllu ófyrirséð hvenær honum lýkur. Það var því ekki um annað að ræða en að flytja suður yfir heiðar á ný eftir rúmlega 20

ára búsetu fyrir norðan, jafnvel þótt búið væri að koma á fót sínfóníuhljómsveit í bænum. En þá vorum við líka búin að komast að því að til eru skjólsælli hverfi á höfuðborgarsvæðinu en vesturbær Reykjavíkur. Til að mynda sýna mælingar Veðurstofunnar svo ekki verður um villst að mestur meðalhitinn á öllu höfuðborgarsvæðinu er í suðurhlíðum Kópavogs. Og þá kom hin óhjákvæmlega spurning norðanmanna: „Hvað ertu eiginlega að vilja í óloftið þarna fyrir sunnan? Það er nú eitthvað annað en hreina loftið hér fyrir norðan!“ Ég hef nú ekki fundið fyrir neinni andnaði hér syðra en ég þreystist seint á að segja vinum mínum fyrir norðan frá því að eftir að við fluttum suður aftur hafi ég einungis einu sinni þurft að snerta skóflu; það var þegar ég tók hana úr kerrunni og lagði frá mér inni í bílskúr.

Þegar við kvöddum Akureyri var sagan af húsinu og kettinum Brandi skilin eftir í höndum nýrra eigenda þess. Og steinninn varð að sjálfsögðu eftir á sínum stað – þar sem þau vildu hafa hann þau Örn heitinn og frú Ragnheiður.

# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2013

### Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 241.475 kr. .... 37,32%
- Af næstu 498.034 kr. .... 40,22%
- Af fjárhæð umfram 739.509 kr. .... 46,22%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 48.485 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- Af fyrstu 55.572\* kr. .... 37,32%
- Af næsta 114.616 kr. .... 40,22%
- Af launum umfram 170.188 kr. .... 46,22%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\*  $2.897.702/365 * 7 = 55.572$  \*\*  $8.874.108/365 * 7 = 170.188$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2013 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2013 ..... 1.559.003 kr.

## Persónuafsláttur 2013

- Einn mánuður ..... 48.485 kr.
- Hálfur mánuður ..... 24.242 kr.
- 14 dagar ..... 22.316 kr.
- Ein vika ..... 11.158 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag ..... 246 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 7,69%
- Viðbót v/sjómanna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 25,5%
- Sérstakt skattþrep ..... 7,0%

## Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2013

Gildir frá 1. 6. 2013

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: ..... 116 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

## Barnabætur 2013

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 167.564 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 199.455 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 100.000 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 279.087 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 286.288 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 100.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is

## Vaxtabætur 2013

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupna til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2013

Gildir frá 1. 10. 2013

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring ..... 22.355 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt ..... 11.555 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 10.800 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 5.400 kr.

## Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.		
	Gisting	Annað	Gisting	Annað	
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54